

Stjörnulíffræði



Byggð á kenningum

dr. Helga Pjeturss

og framhaldsrannsókn

Þorbjörns Ásgeirssonar

Stjörnulíffræði

Byggð á kenningum

dr. Helga Pjeturss

og framhaldsrannsókn

Þorbjörns Ásgeirssonar

Lífeindaútgáfan

Þorbjörn Ásgeirsson

© 2023

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar.

Yfirlitsdráttur:



Eins og framagreindur yfirdráttur sýnir þá skiptir það engu máli á hvaða grein í fyrirburðafræði kennimaðurinn byrjar að rekja sig áfram, hann fær alltaf sömu heilstæðu myndina ef hann fylgir þeim forsendum sem hugmyndafræðin um lífeindirnar byggja á.

Efnisyfirlit

Formáli	7
Kenning um upphafið	9
Sálin, lífgeislinn og áran	11
Dr. Helgi Pjeturss	14
Kenningar dr. Helga Pjeturss í stuttu máli	15
Stillilögmálið.....	17
Samtalsþáttur um stjarnlífið	19
Frumlífsjörð og framlífsjörð	23
Önnur tilverustig	24
Sálin þroskast með fóstrinu.....	26
Nýtt líf.....	27
Skynnæmi	33
Líforka.....	35
Kynleg myndleif	36
Hugleiðingar um andaheim og ýmislegt annað	38
Um sjúklega skynjun og ýmislegt.....	40
Dáleiðsla	41
Sálargöngin	41
Líkamsfrystingar	42
Hefur hugsanaflutningur áhrif á lífið?	44
Sálfarir er röng nafngift: Lífhjúpareiki	47
Endurfæðing.....	49
Sambandssýn.....	51
Lífgeisli mansins	52
Nudd.....	55
Raddir úr geimnum	56
Framlíf á öðrum hnöttum	58
Um sálfarakeninguna	65
Sum geðveiki er sambandsveiki.....	67
Stjörnulíffræði.....	74
Önnur tilverustig	76
Líkbrennsla	79
Huldufnið og alheimarnir fjórir.....	81
Leiðrétting.....	82
Ágrip og samantekt um stjörnulíffræði.....	84
Kenningin um uppruna lífsins.....	85
Sálin, lífgeislinn og áran	85
Kenningar dr. Helga Pjeturss í stuttu máli	88
Dr. Naum Kotik	88
Samantekt.....	89
Andaheimskeningin	89
Dáleiðsla	89
Draumar: Þetta verður að hafa í huga þegar rannsaka á drauma	89
Draumgjafinn	90
Draumgjafaskipti og missýnisdraumur	90
Draumur um framlífið.....	91
Endurfæðing.....	93

Hamfarir	94
Huldufólk	94
Kynleg myndleif	96
Lífhjúpareiki	96
Lífgeislinn	98
Líforkan sameinast efnaorkunni	98
Líkamsfrysting	99
Raddir úr geimnum	100
Sálgöngin	101
Sálin þroskast með fóstrinu.....	102
Að lokum	103
Er rétt að álykta að líf sé eftir þessa jarðvist?	103
Viðauki.....	105
Samantekt.....	107

Formáli

Ég lauk prófi frá Iðnskóla Reykjavíkur 1961 og hætti námi í minni iðn þegar ég átti eftir átta mánuði. Átta árum síðar kláraði ég þessa mánuði sem eftir voru af iðnnáminu sem rennismiður frá vélsmiðjunni Héðni.

Á árunum 1961-69 vann ég sem bóndi og lögreglumaður. Síðar fór ég til Svíþjóðar og fékk hugljómun þar og varð mormóni í þrjá mánuði og það tók mig á fjórða ár að skrifa mig frá því trúfélagi. Á fyrsta ári mínu í Svíþjóð kyntist ég Nýalskenningunni gegnum íslenskan vinnufélaga minn. Það eina sem mér fannst athyglisvert við þessa kenningu í fyrstu var hugmyndin um að framhaldslífið væri á annarri stjörnu en ekki í einhverjum andaheimi sem mér fannst aldrei í raun geta staðist. Það var þess vegna sem ég féll fyrir mormónatrúnni og vegna hugljómunar sem ég fékk og skýri það ekki nánar hér.

Eftir sem áður taldi ég að þessi hugmyndafræði dr. Helga Pjeturss væri á svipuðum nótum og aðrar kenningar um fyrirburðfræðina þar sem hún gæti ekki staðist nánari skoðun og að hver skýring rækist á aðra eins og hjá öllum trúfélögum, að meðtöldu Sálarrannsóknarfélaginu, sem telur sig vera vísindafélag.

Vegna þess að ég taldi víst að þessi hugmyndafræði framangreindra samtaka væri undir sama hatti og þess vegna byrjaði ég að lesa þessar sex bækur um Nýalskenninguna eftir dr. Helga með það í huga að fella hana eins og ég gerði yfirleitt þegar ég las um fyrirburðfræðina og önnur trúarbragðfræði. En það fór á annan veg. Eftir því sem ég las meira, því hrifnari varð ég af kenningunni og sá ég ekki betur en að það stæði allt heim og saman og passaði inn í myndina hvar sem ég kom niður í kenningum dr. Helga.

Því meira sem ég las þá fór það á þann veg að ég varð Nýalssinni. Ég kannað kenningar þessar og fór aðrar leiðir en dr. Helgi og komst samt að sömu niðurstöðu og hann.

Frá sextán ára aldri taldi ég mig hafa misst trúna á Biblíuna og Jesú Krist vegna þess að ég gat ekki á þeim tíma sætt mig við þá hugmynd að Eva hefði myndast af rifbeini Adams og að Jesú væri eingetinn. Þessi tvö atriði hrintu mér frá trúnni, að ég taldi. Eftir sem áður hélt ég áfram að biðja bænir mínar og geri enni, það var vegna þess að ég fylgdi í raun alltaf hugmyndafræði Jesú Krists.

En fyrst eftir að ég varð Nýalssinni kom trúin alls ekki til greina í mínum huga í sambandi við nýalskar hugmyndir, ég vildi einungis nota þá aðferðafræði sem þekking mín náði til. En því miður þá vildi ég ekki heldur nota bænirnar við miðilstilraunir mínar, sem ég hefði svo sannarlega haft not fyrir undir þeim hættulegu kringumstæðum sem geta skapast við slíkar tilraunir, ef ekki er farið rétt að. En þessi hugmynd breyttist aftur smám saman eftir því sem skilningur minn varð meiri á kenningum dr. Helga. Þá fór ég aftur að gera mér grein fyrir hversu mikil nauðsyn hugmyndafræði Jesú Krists er fyrir mannkynið, samhliða stjörnulíffræðinni.

Þessar ritgerðir sem hér eru ritaðar um stjörnulíffræðina eru endurunnar og með betri skýringum, miðað við frumritin sem eru eftir mig og birtar voru í blöðum og tímaritum. Þær byggjast á kenningum dr. Helga Pjeturss og annarra fræðimanna.

Ég leitaði fanga eftir öðrum leiðum en dr. Helgi og komst að sömu niðurstöðu og hann með fimm undantekningum: a) skýring á hvernig sálin þroskast með fóstrinu, b) skýring á sálargöngum, c) skýring á myndleif, (d) skýring á hvernig sálfarir eru rangtúlkaðar, e) ég veit ekki betur en það sé mín hugmynd að nota lífeindirnar sem forsendur fyrir þessari kenningu.

Þar að auki vil ég taka fram að kenningar dr. Helga Pjeturss byggjast ekki á að fella hugmyndafræði trúarbragða, aðeins að sýna fram á að andaheimur er röng túlkun á fyrirburðafræðinni og þessi hugmyndafræði breytir ansi miklu og kollvarpar miklu innan trúfélaga og sálarrannsóknarfélagsins eins og kemur fram hér á eftir.

1. kafli

Kenning um upphafið

Eitt sinn töldu eðlisfræðingar atóm vera einföld í uppbyggingu, að kjarninn samanstæði af róteindum með jákvæða hleðslu og nifteindum án hleðslu og um kjarnann snerust neikvætt-hlaðnar rafeindir. En smán saman hrundi þessi heimsmynd þegar þeir uppgötvuðu nýjar gerðir öreinda við tilraunir, t.d. með að láta tvær róteindir rekast saman. Þá gerðust undursamleg náttúrunur þar sem útkoman varð ekki tvær dældaðar róteindir, þess í stað hverfa þær og ný öreind myndast.

Á síðustu áratugum tókst eðlisfræðingum á þennan hátt að útbúa nýja gerð efnis sem við getum nefnt háorkuefni. Að lokum höfðu þeir til rannsóknar fleiri en tvö hundruð gerðir af þessum framandi öreindum sem með einum eða öðrum hætti má rekja til tuttugu og fjöggra grunngerða. Eitt var öreindum sameiginlegt: líftími þeirra var afar stuttur, alveg niður í 10-24 sekúndur. Það er sá tími sem tekur ljósgeisla að komast frá einni hlið atómkjarnans til þeirrar gagnstæðu.

Þessu næst var hægt að raða þeim upp á skipulegan máta í ljósi eiginleika þeirra og segja fyrir um tilvist öreinda sem uppgötvuðust löngu síðar. Að lokum álitu eðlisfræðingar sig geta nokkurn veginn útskýrt grunnöreindir heimsins sem passa í svokallað standardmódel.

Standardmódel hefur vissulega margt sér til ágætis við útskýringar á alheiminum, þó fylgdi því eitt stórt vandamál: Hið fyrsta er að við í raun ættum ekki að vera til. Þegar orka umbreytist í efni, eins og átti sér stað við upphaf alheimsins, gerist það á þann máta að jafn mikið myndast af efni og andefni. Þegar efni og andefni mætast umbreytist hvort tveggja í hreina orku í formi geislunar. Þess vegna ætti alheimurinn í dag hvorki að innihalda efni né andefni heldur vera fullur af geislum.

Tilvera okkar samkvæmt eðlisfræðingum stafar af vægu umhverfisbroti, þ.e. fyrir hvern milljarð andöreinda sem myndast verður til milljarður öreinda og ein í viðbót. Við erum því samansett af umframefni sem varð til í upphafi alheimsmyndunar í ótrúlegri orkusprengingu.

Annað stóra vandamálið varðar massa. Í upphaflegri útgáfu standardmódelisins var alls ekki hægt að gera grein fyrir af hverju sumar öreindir hafa massa og aðrar engan. Þá kom til sögunnar kenning sem hinn skoski Peter Higgs þróaði. Samkvæmt þeirri kenningu fá öreindir massa með víxlaverkun við hið svokallaða Higgs-svið, sem aftur krefst tilvistar einstakrar gerðar öreinda, svonefndar Higgs-bóseindar.

En Higgs-bóseindin, ef sú öreind finnst, gefur enga skýringu á hinu örsmáa samhverfubroti sem leiddi til umframefna í alheiminum. Þá verður alltaf eitt efni eftir við árekstur efna og andefna.

Nú vita eðlisfræðingar að tilvera okkar stafar af umhverfisbrotunum. Þegar milljarða efni og milljarða andöreind mætast verða til öreindir og ein í viðbót. Vegna þessara umframefna í ótrúlegri orkusprengingu varð upphaf alheimsmyndunar, þar sem þessi umframeind hafði í sér massa (Lifandi vísindi nr. 3/2003, bls. 57-61).

Þessi uppgötvun eðlisfræðinganna um myndun nýrra umframefna í ótrúlegri orkusprengingu fellur ágætlega að mér virðist að kenningu minni um það hvernig sálin myndast, stækkar og þroskast samhliða fóstrinu. Því eggjið hefur að sjálfsögðu orkuhjúp sem umvefur það eins og allar aðrar frumur og við brunann og skiptingu

frumunnar í tvær o.s.frv. umvefur orkuhjúpur hverja frumu og yfirorkan sem myndast við brunann myndar heildarhjúpu sem umvefur fóstrið og verður sál hennar og allra annarra lífvera.

Við getnað verður frumuskipting og þá myndast, hiti og brennsla og tvær frumur verða til og hver fruma með sinn orkuhjúp. Við frumuskiptinguna myndast hiti sem magnar upp orkuna og hún verður margfalt meiri en tvöföld, það myndast ein öreind eða kannski fleiri í viðbót, þessi umframorka leitast ávallt við að sameinast efninu og er þar með orðin ófullkomin sál þessara tveggja frumna. Hún er í raun ein og sér en leitast ávallt við að sameinast efninu og umvefur þessar tvær frumur sem urðu til við frumuskiptingu. Þessi ófullkomna sál stækkar og þroskast samfara fóstroinu og síðan áfram með barninu þar til það er fullvaxta. En síðan þroskast sálin eftir eðli mannsins.

Eðlisfræðingar vita í dag að myndun nýrra umframefna verður vegna ótrúlega mikilla orkusprenginga sem verða við sameiningu ákveðins fjölda andefna og öreinda. En þeir vita ekki hvers vegna það gerist. Þess vegna hefur hin skoski dr. Peter Higgs ásamt öðrum eðlisfræðingum í huga að reyna að komast að því.

Samkvæmt framangreindu kemur upp í huga minn spurningin: Með hvaða hætti gerist það að ný öreind geti myndast við umhverfisbrot? Það hlýtur að skipta öllu máli, að yfirorkan sem myndast við sprengingarnar (vegna hitans sem samsvarar vinnu) verður að geta bundist efninu þegar ákveðið magn af andöreind og öreind mætast. Til að svo geti orðið, þurfa ákveðin efnasambönd í orkuformi að vera í himingeiminum sem hafa þessa eiginleika, með öðrum hætti getur tilurð efnisins í massa ekki orðið að veruleika eftir mínum skilningi.

Þá verður að vera til staðar adenósínfosfatsameindir þar sem þær eru einu sameindirnar sem hafa þá eiginleika að geta bundið orkuna við efnið. Þá liggur það næsta ljóst fyrir að allar öreindir í himingeimnum voru til staðar í orkuformi fyrir umhverfisbrotið og hafa í sér ákveðin efnamynstur, samanber ljóseindir. Þá er nærtækast að álíta að adenósínfosfatsameindirnar komi þar við sögu á sama tíma og umhverfisbrotin verða til svo að efnið geti bundist þessari sameind. Ég tel ólíklegt að það hafi tekist með öðrum hætti að mynda nýja öreind með massa, sem varð til þess að heimurinn gat orðið til.

2. kafli

Sálin, lífgeislinn og áran

Ef menn hafa í raun áhuga á að vita hvað dulræn fyrirbrigði eru verða viðkomandi að gera sér fyllilega grein fyrir að þau tilheyra náttúrulegumálinu eins og hvað annað á jörðu hér. Þar af leiðandi verður öll rannsókn á dulspeki að byggjast á sömu aðferðafræði og aðrar vísindagreinar. Á þeim forsendum verður mögulegt að skilja og skynja hvað þessar margslungnu kenningar sem hér verða bornar fram eru að reyna að segja.

Uppistaða þessarar vísindagreinar er byggð á kenningum dr. Helga Pjeturss ásamt hugmyndum mínum. Þegar ég leitaði fanga eftir öðrum leiðum um sama efni komst ég að sömu niðurstöðu og hann. Einnig leitaði ég fanga innan dulpekinnar um önnur atriði og tel mig hafa komist nærri lausn á þeim leyndardómi.

Flestir eru þeirrar skoðunar að hver lifandi vera hafi sál og jafnframt hafa þeir sömu enga hugmynd um hversu stór hún er. Samt sem áður eru margir sem vilja draga ýmsar ályktanir hugmyndalega séð um stærð hennar sem standast ekki við nánari skoðun.

Svo eru aðrir sem halda því fram að maðurinn einn lífvera hafi sál og það sé fráleitt að ætla svo um aðrar tegundir lífvera. Á meðan engar haldbærar staðreyndir liggja á borði um tilveru sálarinnar verður þráttáð um hana uns svar finnst.

Það er vitað að allar lífverur gefa frá sér varma og fræðimenn hér áður fyrir hafa þess vegna haldið því fram með fullri alvöru að það sé eini magngjafinn sem streymir út frá líkamanum í gufuformi. En þeir tóku ekki gilda hugmyndafræðina um lífgeislann sem áran er einn hluti af og skynnæmir menn hafa í aldaraddir talið vera til staðar þar til að Kirljan-ljósmyndataeknin kom til sögunar. Þá sannaðist tilvera hennar.

Það voru gerðar margar athuganir með þessa ljósmyndataekni, með því t.d. að taka mynd af karl og konu með undir mismunandi álagi, bæði þegar þau voru sjúk og aftur þegar þau voru heilbrigð. Þá sást greinilega munur á árunni og engin undantekning með það að litróf hennar varð mismunandi eftir ástandi verunnar. Það sama var uppi á teningnum þegar blað af blómi var ljósmyndað með þessari sömu tækni; þá var útgeislun þess ljósblá en þegar hluti af blaðinu var afskorið breyttist liturinn við sárið og varð rauðleitur.

Það voru einnig gerðar margar tilraunir með að láta heilara leggja hönd sína yfir afskorið blómablað í stuttan tíma. Síðan var afskorna ljósblaðið ljósmyndað aftur með sömu tækni; þá kom í ljós að rauðleiti blærinn hafði minnkað eftir að heilarinn beitti handayfirlækningu á blómið. Það gefur greinilega til kynna að lífveran gefur frá sér orku sem hefur tilhneigingu til að breyta efninu eftir eðli sínu. Það segir samkvæmt því að líforkan hefur m.a. lækningamátt.

Það kemur greinilega fram með þessari ljósmyndataekni að það er munur á árunni og þeirri orku sem eftir stendur þegar fingur af hendi aflimast. Áran hefur breytilegt litróf og lögun eftir ástandi verunnar. Með Kirljan-ljósmyndataekni sést greinilega að það er önnur tegund af orku, sem er staðbundin fyrir framan stúfinn og fylgir lögun fingursins eins og þegar hann var heill og orkan sem Áran hefur. Það bendir til að sú tegund af orku sé sálin og það sé stærð hennar, samkvæmt því fylgir sálin lögun líkamans.

Það fer ekkert á milli mála að sálin og líkaminn eru samanofin hvort öðru sem ein heild og geta þar af leiðandi aldrei verið án hvors annars. Það er ýmislegt sem bendir til þess, m.a. að þegar holdið verður veikt, þá kemur það einnig fram á sálinni og öfugt, einnig þegar spegilmynd líkamans myndast við hamfarir.

Samkvæmt ofangreindu má draga þá ályktun að það megi skipta þessari andlegu orku verunnar, sem er líforka, í fimm einingar, það er: sálin, lífgeislinn, áran, lífeindir og lífhjúpurinn.

1) Sálin er sjálfíð, sem gefur frá sér líforku og ljós, hún nær frá miðju að útlínum líkamans, samkvæmt ofangreindri orku sem myndast fyrir framan stúfinn. Hún hefur einnig allar upplýsingar um þroskaferil sinn frá uppruna lífsins á jörðu hér sem hún hefur arfleitt frá foreldrum sínum og forfeðrum.

Því til staðfestingar má sjá með sönartækjum hvernig þriggja mánaða fóstur þroskast úr einni óþroskaðri tegund í aðrar hver annarri fullkomnari þar til barnsfóstrið hefur náð mynd sinni. Barnsfóstrið tekur þá þroskaskeið sitt út á níu mánuðum sem hafði áður tekið manninn milljónir ára að þróast upp í reismanninn (*Homo erectus*).

Það er margt sem bendir til að sálin sé uppbyggð með mynstri sem er hlaðið af upplýsingum um guðlega eiginleika og allar götur niður í minnstu einingu til að geta sameinast efninu og kveikt nýtt líf á frumlífsjörðu þegar aðstæður leyfa og skapað sig að lokum í mynd guðlegrar veru eftir mismunandi þroskaferli hvers einstaklings. Þessir eiginleikar sjálfsins hrinda þá af stað allri starfsemi fyrir hverja lífveru, þar á meðal að virkja kjarnsýruna til að tvöfalda sig og geta ungvíði.

2) Lífgeislinn er ljósgeislinn sem sálin gefur frá sér. Lífgeislinn er ósýnilegur fyrir flestum nema skynnæmu fólki. Þessi útgeislun frá lífverunni var ekki viðurkennd af vísindamönnum fyrr en Kiriljan-ljósmyndateknin kom til sögunnar. Hann berst með ómælanlegum hraða út frá verunni í allar áttir með ógrynni af eindum sem nefnast lífeindir, samanber sólargeislinn sem ber með sér ljóseindir. Þessi geisli flytur allar upplýsingar sem lífeindirnar geyma um sálina og jafnframt flytur til verunnar þær upplýsingar sem þær hafa innbyrgt um það sem gerist í veröldinni.

3) Áran er hluti af lífgeislanum og ein af ógrynnum eiginleika hans, hún myndar m.a. mikilvægan hjúp með lífeindum sínum umhverfis veruna sem varnarhlíf og ber með sér allar upplýsingar um andlegt og líkamlegt ástand hennar, það kemur fram í litrófi árunnar. Hún er einnig varnarhjúpur verunnar.

4) Lífeindirnar sem lífgeislinn ber með sér um víða veröld hefur í sér geymdir um lífveruna, bæði af andlegum og líkamlegum toga ásamt reynslu hennar og viðburðum. Allar þessar upplýsingar færast jafnframt yfir í áruna. Lífeindirnar gefa frá sér og taka einnig á móti upplýsingum frá öllum lífverum í veröldinni sem vilja og geta numið sendinguna. Þá skiptir engu máli hverra tegunda lífveran er því merking upplýsinganna er alheimstungumál sem heilinn nemur og vinnur rétt úr ef móttakan er í

fullkomnu lagi annars rangtúlkar heilinn sendinguna, sem kemur æði oft fyrir.

5) Lífeindahjúpur er orkusveipur frá ákveðinni lífveru sem er samansafn af nauðsynlegum lífeindahópi sem dregst saman eftir föstu mynstri. Hún þéttist samkvæmt hugsunarhætti lífverunnar sem myndast vegna einbeitni hennar og mögnunar. Lífeindahjúpurinn hefur m.a. því hlutverki að gegna að ferðast um heiminn, oftast stjórnlaus þó einstakir menn hafi stundum náð valdi á henni. Lífeindahjúpurinn er byrjunarstig á hamförum, það er að segja eftir því sem hann þéttist meir þá afefnast hann og verður að loftkenndu efni, að lokum af einum stað og efnast á öðrum stað úr efni jarðar sem þar er. Þessi lífeindahjúpur myndar þá drauga sem fólk segist sjá, þar til myndun líkamans er orðin að spegilmynd hans.

Þessi lífeindahópur tekur á móti upplýsingum sem hjúpurinn nemur á ferðalaginu og sendir til verunnar sem hann er tengdur við. Síðan tekur veran á móti þessum upplýsingum með þeim skynfærum sem nemar hennar skynja. Síðan les heilinn úr þessum flóknu merkjum og skilar því síðan til sjón-, tilfinninga-, hugsananemanna.

Skilningur verunnar á slíkum skynjunum fer eftir skynsemi og þekkingu hans. Þess vegna er algengt að viðkomandi misskilji skynjunina ef upplýsingar eru of flóknar fyrir viðkomandi án þess að móttakandinn geri sér grein fyrir því.

Það er einn misskilningurinn þegar talað er um sálfarir, þar sem sálin fer ekki neitt fyrr en meirihluti líforkunnar hefur myndað sig í orkuhjúpnum á viðkomandi stað, þá fyrst flyst sálin yfir í þann líkama sem var sálarlaus en hinn fyrri verður þá sálarlaus líkami þar til hann leysist upp.

3. kafli

Dr. Helgi Pjeturss

Helgi Pjeturss fæddist í mars árið 1872. Faðir hans var Pétur Pétursson, bæjargjaldkeri og móðir hans Anna Sigríður Vigfúsdóttir Thorarensen. Helgi útskrifaðist úr lærða skólanum., tók próf í náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla árið 1897 og hafði lagt sérstaklega stund á jarðfræði. Árið 1905 varði hann doktorsritgerð sína um jarðfræði Íslands í Kaupmannahafnarháskóla. Eftir að Dr. Helgi lauk prófi fór hann til Grænlands og gat sér góðan orðstír fyrir skarpskyggni í jarðfræðilegum eignum og var þar í nokkra mánuði. Á leiðinni þangað frá Danmörku veiktist hann alvarlega vegna slæms aðbúnaðar á skipinu og beið þess aldrei bætur. Hann átti erfitt með svefn eftir það í mörg ár og var því ekki vel hraustur. Hann fór í sinn fyrsta rannsóknarleiðangur og furðu sætti hver árangur varð hjá honum. Síðan fór hann til Íslands og gerði þar nýjar jarðfræðilegar uppgötvanir og sannaði m.a. að ísöldin hefði ekki verið samfelld.

Á árunum 1900-1912 komu út ritgerðir eftir hann í ýmsum merkustu landfræði- og jarðfræðitímaritum þýskum. Prófessor Penck, heimskunnur maður á sviði landafræði og jarðfræði, vildi veita honum átta þúsund gullmörk í styrk fyrir rannsóknir hans frá vísindafélaginu í Berlín. Hann hélt fyrirlestra í Berlín 1908. Árið 1910 var hann fengin til að rita um Ísland í hið mikla Handbuch der regionalen Geologie. Voru fremstu jarðfræðingar hvers lands fengnir til að rita í þá bók.

Eftir 1913 hætti hann að mestu jarðfræðirannsóknum og lagði allan hug sinn og kapp í draumarannsóknir og stundaði þær í áraraðir. Hann taldi þessar rannsóknir meira virði en allt annað sem hann hafði áorkað í náttúrufræði. Hann skrifaði margar ritgerðir um þessar rannsóknir sínar. Síðan setti hann þær saman í sex bindi og nefndi þær: Nýall ognýall, Framnýall, Viðnýall, Sannýall og Þónýall.

4. kafli

Kenningar dr. Helga Pjeturss í stuttu máli

Dr. Helgi Pjeturss taldi draumarannsóknir vera fyrsta áfanga að stjörnulíffræðinni. Hann fann að draumur eins tengist alltaf vökulífi annars, þ.e. að þegar einn dreymir þá er hann í sambandi við draumgjafa sem upplifir draum hins sofandi. Oftast er draumgjafinn á annarri plánetu en stundum er hann á þessari jörðu og stundum blandast margir draumgjafar inn í drauminn eða það verða ör draumgjafaskipti, slíkir draumar verða oft ruglingslegir.

Flestir vísindamenn viðurkenna tilvist hugsanaflutnings og færri telja líklegt að tilfinningaflutningur sé hugsanlegur og sjónflutningur er ekki á dagskrá hjá þeim góðu mönnum. En dr. Helgi taldi sig hafa sannreynt það og sýndi með viðunandi rökum að sjónflutningur er eðlislægur manningum jafnt og hugsanaflutningur og þá um leið öðrum lifandi verum.

Þess vegna verður það skiljanlegt sem stundum hefur borið við að sofandi dreymir að hann sjái stjörnuhiminn með allt öðrum stjörnumerkjum en sést frá okkar jörðu. Þá er einnig auðskilið hvers vegna dreymandinn sér tvær sólar á lofti. Skýringin er einföld; draumgjafinn er á annarri plánetu og er að horfa til himins þar sem hann sér tvær sólar sem lýsa upp jörðina hans.

Við athugun kemur í ljós að ef dreymandinn horfir í spegil þá sér hann ekki sitt eigið andlit heldur andlit draumgjafans. Með rannsóknum sínum komst hann að þeirri niðurstöðu að framlífið er á öðrum stjörnum en ekki í andaheimi. Einnig sá hann að stilliáhrif er þáttur í sérhverju sambandsfyrirbæri, sem er í raun lífgeislafyrirbæri. Lífgeislinn flytur með sér sambandsskynjanir með ógnarhraða, langt fram yfir ljóshraða á milli staða, oftast stjarna á milli. Við rannsóknir hans kom í ljós íleiðslulögmálið, þ.e. sú samstilling taugakerfanna og lífsstarfs sem nauðsynleg er til að geta tekið á móti lífgeislanum.

Kenningar dr. Helga sýna fram á að andatrú og endurfæðing á sér ekki stað í tilverunni því hún samsvarar ekki náttúrulegumálinu. Nýalskar kenningar eru því í þversögn við sálarrannsóknarfélögin og aðra sem halda fram endurholdgunarkenningunni.

Helgi Pjeturss skrifar í bókinni Nýall, bls. 39: „Megum vér skilja þegar oss er kunnugt orðið að hver lifandi vera geislar frá sér nokkurskonar krafti og leitast við að framleiða sjálfan sig í öðrum verum, að í slíkum kenningum fornra spekinga er stefnt í áttina að mjög merkilegum sannindum. Vér verðum að hugsa oss óendalega verund og einmitt af því að hann er óendanlegur bætir hann alltaf við sig. Hinn fullkomni verund hrindir frá sér því sem er ófullkomið og því sem snúist getur til illis.

Þannig kemur fram hyle grískrar speki, efni heimsins. En saga heimsins er þannig að hinn fullkomni verund leitast við að framleiða sjálfan sig í hinu ófullkomna efni, snúa hinu ófullkomna til fullkomunar. Saga heimsins er endanlegur þáttur í tilverunni sem er óendanlegur. Og vér getum nú með því að meta réttar forna speki og styðjast við hinar nýju athuganir sem gerðar hafa verið fengið betra yfirlit en áður yfir þessa sögu. Hið ófullkomna getur ekki nálgast hið fullkomna og þess vegna

verður á hinn veginn til þess að gera efnið sér líkt það sem er svo ófullkomið að grískir spekingar to me on, það sem ekki er, verður hin fullkomni verundur að lúta að því, nálgast ófullkomnunina. Nevsis-lögmálið mætti ef til vill kalla þetta. Geislunin frá hinu fullkomna til efnisins framleiðir ekki þegar í stað hann sjálfan, heldur hrindir efninu fram á leið verðandinar og kemur fyrst fram sem kraftur í ýmsum myndum: magnast þá efnið og fer þá að taka breytingum: aðdráttaraflíð verður til, hiti og ljós heimsþokunnar koma fram og sólkerfin, eða réttara sagt sólhverfin fara að skapast. Og seinna þegar sögu sólhverfanna er nógu langt komið kemur geislunin frá hinu fullkomna fram sem líf á hinum kólnandi hnöttum. Örlítilli ögn af hinu litlausa efni er fyrir tilkomu kraftarins snúið til lífs og hefst þar hin merkilegasta saga. Hinn geislandi kraftur er alltaf hinn sami og efnið sem fyrir geisluninni verður magnast lengra og lengra og sífellt margbreytilegri aflmyndir koma þar fram. Því lengra sem mögnunin er komin því fullkomnari afltegund getur hið magnaða tekið við. Mætti nefna þetta anadrome-lögmálið. Þannig magnar hið fullkomna hið ófullkomna til sín. Það er eins og víxlstraumur eigi sér stað. Viðleitni á að hefja það ófullkomna til fullkomunar og svo hins vegar nokkurskonar útsog: Hinn skapandi kraftur lagar sig að nokkru leyti eftir því sem hann er að skapa eins og til að geta náð tókum á því: eru það bæði hin ýmsu náttúruöfl og hinar ýmsu dýra og jurtategundir. En takmarkið er fullkomin „harmoni“, samstilling allra krafta og allra tilverumynda. Þessa viðleitni til samstillingar má glöggt skilja, jafnvel á svo ófullkomnu tilverustigi, sem verið er í hér á jörðu.“

Svo skrifar hann á öðrum stað: „Þó sumum kunni að koma það undarlega fyrir sjónir, þá er það víst að vissan er stórum vísindalegri en efasemdin og eintómar efasemdir hafa aldrei leitt til stórra uppgötvunar. En það sem muninn gerir er að hve miklu leyti menn hafa hæfileikann til að vera ekki vissir fyrr en rétt er að vera það.“

5. kafli

Stillilögmálið

Dr. Helgi Pjeturss fann að til var algilt lögmál sem hefur þá tilhneigingu að leitast við að samstillja annan heila eftir sínum heila. Hann fann þetta lögmál þegar hann uppgötvaði draumgjafann sem er gerandi í draumi sofandans.

Í framhaldi af þessu vil ég rekja nokkur atriði sem allir kannast við og vísar til þessara stilliáhrifa. Þegar þú hugsar einhverja setningu kemur það oft fyrir að annar segir hana í sömu andrú. Ef þú situr þar sem margmenni er og krossleggur fætur er það oft að aðrir gera það samtímis þér og þeim óafvitandi. Þegar þú situr kemur það einstöku sinnum fyrir að þegar þú stendur upp stendur annar jafnframt upp óafvitandi og verður hálf vandræðalegur því hann vissi ekki af hverju hann stóð upp og það er ekki óalgennt að karlmaður fái sóttarverki með barnsmóður sinni.

Dávaldur dáleiddi stúlku í svo djúpan svefn að þegar hann setti salt upp í sig þá skynjaði stúlkan saltbragðið og byrjaði að skyrpa út úr sér, þó ekkert salt væri í munni hennar. Og hver kannast ekki við það frá kappleikjum íþróttamanna að sá sem á heimavelli keppir á meiri sigurmöguleika.

Það er augljóst í þessum framangreindu tilfellum að það er samstilling á milli heila. Hugsun eins heila leitast við að framleiða sig í öðrum heila sem oft verður til þess að líforka viðtakandans eykst og geta hans verður meiri, samanber íþróttamanninn á heimavelli. Einnig getur sársauki og aðrar skynjanir framkallað sig í öðrum heila. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir að sjónflutningur tilheyri sama lögmáli og er ein af undirstöðum draumanna með aðstoð draumgjafans.

Draumurinn getur ekki myndast nema samstilling sé á milli draumgjafa og sofanda og það svefnástand sem bendir tvímælalaust á áhrifamátt samstillingarinnar er martröðin sem heldur manni oftlega í órjúfanlegum fjötrum á meðan manninn dreymir, það er svipað ástand og þegar dáleiddur maður getur sig hvergi hrært. Þannig lifir sofandinn sig, vegna samstillingarinnar, inn í hlutverk draumgjafans.

Margar tilraunir hafa verið gerðar á mannsheilanum en vil ég geta þess sem var gert fyrir löngu síðan og er skráð í Nýall, bls. 290-91: „Rússneski sálfræðingurinn dr. Naum Kotik fann að mannsheilinn sendir frá sér orku sem hagar sér líkt og rafmagn. Orku þessa gat hann leitt eftir koparþræði og safnað henni á yfirborð hlutar. Þá stórmerkilegu uppgötvun gerði Kotik að orka þessi sem geyma má á pappírblaði leitaðist við að framleiða aftur í öðrum heila heilaástand eins og það sem samfara var útstreymi hennar.“

Í tímaritinu Morgunn skrifar Haraldur Níelsson um Englendinginn V.N. Turvey sem var verkfræðingur að mennt, vandvirkur og gerhugull. Athuganir Turveys sýna enn mjög greinilega og í fullu samræmi við rannsóknir Kirljan, sem fyrstur myndaði útgeislun mannslíkamans og Kotiks, að frá mannslíkamanum geislar orka sem hagar sér líkt og rafmagn. Afar eftirtektarverðar eru þær tilraunir er hann lá í rúmi sínu eða hallaði sér aftur í hægindastól og gat með munni annars talað við fólk sem var að halda miðilsfund í fjögurra enskra mílna fjarlægð.

Á þessu má sjá að heili eins hefur áhrif á heila annars með orkuflutningi, vegna samstillingarinnar hugsa þeir eins. Á sama hátt getur einhver haft áhrif á heila annars sem stillir hann á ákveðinn draum þegar hann sofnar.

Við verðum að gera ráð fyrir að geta náð vitundarsambandi við aðra lífhnetti eins og næst á milli manna hér á jörðu. Aðeins á þann hátt getum við skilið og leyst þá gátu sem dulfræðin nær til.

Við verðum ávallt að muna og vera vakandi um það að aðrir geta vitað meira en við og hafið það hugfast að þegar einhver boðar kenningu sem varðar stjörnulíffræði þá gæti það verið þess virði að athuga hana gaumgæfilega þar sem viskubrunnur gæti legið þar á bak við.

6. kafli

Samtalsþáttur um stjarnlífið

S. Hvaða tilgangi þjónar Nýalls-kenningin?

Þ. Kenning dr. Helga Pjeturss gerir ráð fyrir, ef hún er rétt, að hún beini mannkyninu í lífstefnuátt.

S. Hvernig má það vera að þessi kenning geti leyst slíkan vanda?

Þ. Það eru tvö öfl sem berjast um völdin; helstefnan sem er leið til vítis og lífstefnan sem er vegurinn til ljóssins og þekkingarinnar. Og það er staðreynd að fæstir geta trúað í blindni þar sem eðli mannsins í flestum tilfellum er að vilja hafa vискuna að leiðarljósi áður en hann getur trúað því sem ritað er. En margt bendir til að það sé mikill vísidómur í kenningu dr. Helga Pjeturss. Þess vegna er hún þess virði að sem flestir kynni sér hana.

S. Hvers vegna ertu svona viss um þetta sé ekki aðeins óskhyggja þín?

Þ. Ég er ekki að biðja þig um að trúa mér því að það er þitt að velja og hafna. En eitt vil ég nefna við þig, það er vitað að dr. Helgi Pjeturss var merkur jarðfræðingur og viðurkenndur sem sérstaklega glöggur vísindamaður. Hvernig getur þá nokkur maður með góðri samvisku haldið því fram að þessar kenningar séu rangar án þess að hafa kynnt sér þær til hlítar?

S. Með hvaða hætti er best að fræðast um þessi málefni?

Þ. Með því að lesa Nýalanna eftir dr. Helga sem eru sex bindi: Nýall ognýall, Framnýall, Viðnýall, Sannýall og Þónýall, ásamt tímaritinu Lífgeislar. Einnig get ég gefið þér takmarkaðar upplýsingar um þessa kenningu ef þú vilt.

S. Hvaða afstöðu takið þið til annarra trúflokka?

Þ. Fyrst vil ég á afdráttarlausan hátt fyrirbyggja þann misskilning að kenningar dr. Helga Pjeturss fari inn á trúarlegar hugsjónir. Þær er settar upp eftir þeirri þekkingu sem dr. Helgi Pjeturss hefur á vísindalegum rannsóknum og skiptir því engu máli hvaða trúarbrögðum maðurinn tilheyrir. Kenningar þessar eru ekki að rífa niður trúarbrögðin sem slík þar sem hún skilgreinir aðeins stjörnulíffræðilega hvert maður fer eftir dauðann og hvernig skynnæmnin vinnur á líklegastan hátt. Því vitneskjan er alltaf farsælli en trú í blindni.

S. Hvernig getið þið verið svona viss um að þessar kenningar séu réttar?

Þ. Þetta eru aðeins kenningar, ekki fullsannað mál. En að mínu mati eru þetta einar líklegustu kenningar sem hafa komið fram um þessi mál og ég er viss um að þær eru sem næst sannar, í öllu falli hafa þær orðið til þess að ég hef getað þróað nýjar kenningar sem hafa bæði styrkt þessar kenningar og myndað nokkrar nýjar.

S. Það er enginn vandi að slá slíku fram og þurfa svo ekki að standa fyrir því.

Þ. Hér mun ég aðeins minnst á kenningar dr. Helga Pjeturss og undirstaða kenninga hans voru draumarannsóknir. Og ég skal leiðbeina þér á einfaldan hátt inn á hans hugmyndir. Þú byrjar á því að ganga um gólfið, þá finnirðu greinilega fyrir öllum þínum hreyfingum og einnig fyrir snertingu við gólfið. Síðan sestu niður og hugsar þér að þú sért að ganga um gólfið. Þá finnirðu greinilega mun á því að þú hefur ekki eins sterka tilfinningu fyrir því að þú sért að ganga um gólf, aðeins endurminningu um það. Ef þú sérð hest þá geturðu skoðað hann að vild og ef þú hugsar þér hest þá geturðu ekki skoðað hann að vild, þú sérð hann aðeins í endurminningunni. Það bendir til að heilinn framkalli ekki hugsaða hreyfingu eða nýja mynd, aðeins glöggar endurminningar. En ef þig dreymir að þú sért að ganga þá finnirðu að þú ert að ganga, slíkar tilfinningar eru greinilegri þegar dreymandinn fær

martröð eða sambandssýnir. Með þessari athugun kemur í ljós að sofandinn virkar sem gerandi í draumi.

S. Fyrst draumamaðurinn er gerandinn þá er augljóst að þarna er um sálfarir (líforkureiki) að ræða.

Þ. Ég sagði að sofandinn virki sem gerandinn og ekki að hann væri það. Við skulum athuga þetta frá þeirri hlið og vita hvort það skýrist eitthvað nánar. Nú langar mig til að segja þér frá draumi sem kunningja minn dreymdi og mun sýna þér á skemmtilegan og óvæntan hátt hvað draumur er.

S. Ég held það nú, ef það er einhver vitglóra í þeirri hugmynd sem þar á að koma fram.

Þ. Þú veist að það er þitt að velja og hafna samkvæmt þinni skynsemi. Vinnufélagi minn í Slippstöðinni á Akureyri sagði mér frá þessum draumi. Hann er á þessa leið: Í hádeginu skrap ég úr vinnunni í mat og sofnaði þar í stutta stund og konan mín hafði skroppið til vinkonu sinnar skömmu áður en ég sofnaði. Þá dreymdi mig að ég væri að ræða við konu mína um að kaupa hjól til að fara á í vinnuna, en þegar við höfum rætt þessi mál fram og aftur sagði konan mín hlæjandi og sló í borðið um leið: „Nei heyrðu, við skulum heldur kaupa mótörhjól.“ Við þetta vaknaði ég. Skömmu síðar kom konan mín heim frá vinkonu sinni og ég sagði henni þennan draum þá sagði hún undrandi: „En einkennilegt, því ég og vinkona mín vorum einmitt að ræða þessi mál á þennan hátt heima hjá henni.“

S. Þetta er merkilegt þar sem þetta líkist miðilsfundi þegar andinn fer í líkama miðilsins og það sýnir réttmæti þess sem ég sagði áðan um sálfarir.

Þ. Rétt mun það vera að þetta líkist miðilssambandi og það gera einnig öll skynnæm sambönd. Þau byggjast öll á sama lögmáli og ekki með sama hætti og þú nefndir. Því ef þú lítur í spegill í draumi þá sérð þú ekki þitt andlit heldur draumgjafa þíns sem upplifir það sem þig dreymir. Þannig gerðist það að vinkonan, konu vinnufélaga míns, var draumgjafi hans.

S. Getur svarið þá ekki verið á þann hátt, að guðs vegir séu órannsakanlegir?

Þ. Þetta er vanþekking, sem ég vil svara á þessa leið. Heimurinn er skapaður fyrir manneskjuna, henni er ætlað að vitkast og þroskast svo að ekkert verði honum hulið sem skynsemi hans nær til. Á einn hátt getur mannkynið lifað í friði ef kærleikurinn og vitneskjan er hafður að leiðarljósi til að skilja að ófriður, afbrot og glæpahneigð er vanþroski. Því segi ég hiklaust að það sé ein tegund af vanþroska að gera ráð fyrir af mannum að það sé takmarkað hvað maðurinn megi vita. Ef svo væri þá hefur hann ekki í raun möguleika til að velja og hafna því sem hann vill. Vísindamenn viðurkenna í dag að hugsana- og tilfinningaflutningur eigi sér stað í raunveruleikanum. Einnig hafa tékkneskir vísindamenn í Prag fundið ögn sem þeir nefna mention og fer með ómælanlegum hraða og hefur þá eiginleika að geta farið í gegnum hvaða efni sem er, líkt og engin fyrirstaða sé til. Prófessor František Kahuda telur að þessi ögn geti verið undirstaða þessara fyrirbæra sem hafa verið nefnd sálræn fyrirbæri. Amerískir vísindamenn telja líklegt eftir margar tilraunir að sofandi menn geti dreymt það sem annar hugsar. Samkvæmt tilraunum var útkoman það algeng að það gæti ekki verið tilviljun. Það eru mörg dæmi til þar sem skynnæmir menn upplifa eitthvert atvik með opin eða lokuð augun sem eru í órafjarlægð frá þeim stað sem þeir eru á og gefur tilefni til að mögulegt er að sjá með augum annars manns eins og að geta upplifað hugsanir og tilfinningar annars manns. Til staðfestingar þess vil ég segja frá draumi sem mig dreymdi fyrir nokkuð löngu: Ég var að ganga inn á salerni í draumi þar sem stór spegill var, ég leit í spegillinn og var að furða mig á því hvað andlitið á mér var öðruvísi. Mér fannst ég ekki vera að horfa á mitt andlit. Þetta andlit sem ég sá í speglinum var ljóshærður maður og búlduleitur og ég var þá dökkhærður

og grannleitur. Ég segi við sjálfan mig: „lít ég virkilega svona út?“ Við þetta vaknaði ég. Þessi draumur segir tvímælalaust að ég sá hvernig draumgjafi minn leit út.

S. Það er vel hugsanlegt að draumar gerist svona í sumum tilfellum og mér finnst það ekki alltaf falla inn í mynd draumgjafans. Eins og t.d. þegar maður fer úr einum draumi í annan með örskömmu millibili.

P. Þarna gæti verið um draumgjafaskiptingu að ræða, að sambandið slitni við fyrri draumgjafa og samband við annan eða aðra draumgjafa með stuttu millibili. Einnig getur verið um missýnisdraum að ræða þannig séð að þegar þú hefur tök á að athuga aðstæður með augum draumgjafans í sambandssýn þá sérðu að þetta er annað landsvæði en það sem þér sýndist vera í fyrstu, þar sem það var svo líkt þeim stað sem þú þekktir fyrir. En þegar þú vaknar telur þú að þú hafir hlaupið í draumnum á milli staða. Mig hefur dreymt draum sem er hvort tveggja missýnisdraumur og draumgjafaskipti, þá bjó ég á Akureyri: Mig dreymdi að ég væri í bifreið ásamt tveimur karlmönnum, það var bjartur dagur og snjór yfir öllu. Mér fannst við aka inn á ráðhústorgið á Akureyri og síðan inn Hafnarstrætið og umferðin var stöðvuð og einn okkar sagði: „Það er umferðaslys þarna framundan.“ Við ókum meðfram kyrrstæðu bílunum, nú vissi ég að við vorum í sjúkrabifreið og hún var stöðvuð við slysstað. En samkvæmt öllu er húsaröð beggja vegna við Hafnastrætið. En í draumnum endaði húsaröðin öðrum megin og þar var stórt opið svæði og síðan tók aftur við húsaröð. Þarna á þessu opna svæði var verið að bera slasaðan mann á börum í burtu. Á þessum börum sat lítil stúlka, grátandi ofan á brjósti slasaða mannsins. Datt mér þá helst í hug að hún væri dóttir mannsins á börunum og ég sá að faðirinn talaði við dóttur sína henni til hughreystingar. En skammt frá var blóði drifið svæði í snjónum eins og einhver hefði misst mikið blóð. Þá heyrði ég að einhver sem var fyrir utan bílinn sagði að konan væri dáinn. Síðan héldum við áfram og vorum skyndilega komnir niður á höfn. Þar var bíll af tegundinni Dodge Weapon að mér fannst, henni var ekið framhjá bifreið okkar á mikilli ferð, þá fyrst gerði ég mér grein fyrir að þarna var mikil hálka og Weaponinn rann skyndilega áfram og til hliðanna. Ég hafði á tilfinningunni að ökumaðurinn hefði hemlað bifreiðinni af leikaraskap. Þá rann bifreiðin á bryggjukantinn og hrapaði framaf. Á því augnabliki var ég allt í einu kominn inn í þessa bifreið og sá í gegnum framrúðuna grjóthnullungana og sjávarkambinn langt fyrir neðan. En það var ekki nema augnablik sem ég var í bifreiðinni sem var að hrapa því skyndilega sá ég úr sjúkrabifreiðinni að framendi bifreiðarinnar vísaði niður og ég sá hana svífa niður þessa miklu fallhæð, sem var 10-20 metrar. Ég fór út úr bílnum og hljóp með hraði inn á einhverja skrifstofu þar sem kona og karlmaður voru við störf. En á leiðinni þangað kom upp í huga minn hvers vegna væri ég að fara að hringja á sjúkrabifreið þar sem ég væri í henni sjálfur. Þegar ég kom inn á skrifstofuna bað ég manninn um að hringja á sjúkrabifreið því að það hefði orðið slys hérna fyrir utan. Hann spurði mig hvort ég vildi tala. „Skiptir engu máli,“ sagði ég um leið og ég tók við símtólinu. Þá heyrði ég einhverja rödd og sagði til nafns og man ekki hvaða nafn ég nefndi, svo ætlaði ég að segja frá slysinu. Þá var mér sagt að þetta væri skakkt númer og ég ætti að hringja í annað númer. Þá kom fát á mig svo ég heyrði ekki hið rétta númer sem hann gaf mér. Ég starði á tólið og síðan á manninn við skrifborðið. Á því augnabliki vaknaði ég. Eins og sjá má taldi ég mig vera á Akureyri í draumnum og þeir sem þekkja þar til vita að Hafnarstrætið er ekki eins og þar er lýst og ekki heldur höfnin. Þannig er oft með drauma að maður telur sig þekkja staðinn og áttar sig á því, þegar hægt er að athuga drauminn betur, að staðurinn er oftast allt annar og sá staður sem þú þekkir í vökulífi. Þarna var missýnisdraumur þegar mér fannst ég vera í draumnum á Hafnarstrætinu á Akureyri og draumgjafaskiptingin var þegar ég var

skyndilega komin niður á höfn og allt í einu inn í bílinn sem var að hrapa og svo aftur inn fyrrgreinda bifreið.

S. Í hvaða sambandi hefur draumur áhrif á lífstefnuna og helstefnuna eins og þú varst að minnst á áðan?

P. Þegar þú veist að draumur er samband við draumgjafa þá fyrst er mögulegt að finna út hvernig framhaldslífið er. Nú veistu hvað draumur er og þegar þú sérð í draumi einhverjar dýrategundir sem ekki eru til hér á jörðu. Þá veistu að þar er ekki heilinn sem hefur búið þá mynd til heldur eru þessi dýr til á öðrum hnetti. Það er alveg eins og þegar þú sérð öðruvísi stjörnumerki á himnum í draumi. Þá er draumgjafi þinn á öðrum hnetti að horfa til himins. Þetta er fyrsta skrefið til að vita að líffræðin nær til stjarnanna. Þá gerir þú þér einnig grein fyrir að allir skynnæmir menn og sofendur hafa þá hæfileika að skynja með sjón-, tilfinningu- og hugsanaflutningi það sem annar maður eða menn upplifa og það hafa allar lífverur í stjarnheiminum. Þetta segir okkur að þegar skynnæmur maður sér sýnir eða sofandi miðill er að lýsa því sem fyrir augun ber hjá framlifanda þá er hann að segja okkur hvernig lífið er á framlífsjörðu og trúin á andaheima er þá úr sögunni. Nú þurfa menn ekki að trúa í blindni og menn geta með vissu vitað hvað bíður hvers og eins sem fer út á vafasamar brautir. Þeir gera sér þá ljóst að allt illt sem gert er lendir margfalt á þeim sjálfum og með lífern sínu dæmir maður sjálfan sig. Þess vegna er það augljóst að þekkingu þarf til að breyta mannum og leiða hann í lífstefnuátt. Slæm hugsun skapar stillisamband við illa staði og góð hugsun magnar guðlegt samband. Þetta verður að hafa í huga þegar rannsaka á drauma:

1. Draumgjafaskipti, missýnisdraumar og sambandsskynjanir eru ávallt við draumgjafann að því undanteknu að sambandsskynjanir eru stundum aðeins í sambandi við lífeindahjúpinn.
2. Sambandsskynjanir dreymandans geta samtímis verið til annarra en draumgjafans þegar dreymandinn er á milli draums og vöku og skynjar umhverfið sitt að einhverju leyti í gegnum svefninn eða hans hugur blandast inn í drauminn.
3. Stillilögmálið. Hver sem er getur verið stillir dreymandans: ættingjar, vinir, ókunnugir eða skynnæma veran sjálf. Stillirinn veit sjaldan eða aldrei þegar hann stillir dreymandann inn á ákveðinn draum.
4. Djúpur og laus svefn.

Að lokum vil ég geta þess sem stendur í , bls. 186. Þar segir dr. Helgi Pjeturss: Þó að sumum kunni að koma það undarlega fyrir sjónir þá er það víst að vissan er stórum vísindalegri og efasemdin og eintómar efasemdir hafa aldrei leitt til stórra uppgötvunar. En það sem muninn gerir er að hve miklu leyti menn hafi hæfileikann til að vera ekki vissir fyrr en rétt er að vera það.

7. kafli

Frumlífsjörð og framlífsjörð

Ég tel að margt bendi til þess að nýalskar kenningar séu í raun beint framhald af þróunarkenningunni. Og ekki er það síður þegar þess er gætt að Nýalskar kenningar falla sem flís í rass við náttúrulegumálið, hvort heldur sem það er um jarðneskt gildi að ræða eða framlífið.

Undirstaða lífsins er lífgeislinn sem hefur fólgnar í sér lífeindir, það eru öragnir, samanber ljóseindir. Lífeindin hefur þann eiginleika að geyma í sér upplýsingar um lífveruna. Lífgeislinn ber hana með sér með ógnarhraða. Lífeindin geymir allar upplýsingar um andlegt og líkamlegt ástand lífverunnar ásamt þyngd, holdi, blóði og beinum, sem sagt alla byggingu hennar.

Sálin er form líkamans, eins og Aristóteles taldi stærð hennar vera og mun ég hér síðar reyna og sýna fram á réttmæti þeirrar kenningar. Sálin gefur frá sér líforku, með aragrúa af lífeindum í sér, sem nefnist lífgeisli og hluti af henni er áran sem umvefur lífveruna sem varnarhjúpur. Lífgeislinn ber lífeindirnar vítt og breitt um jörðina og áfram út í himingeiminn með ógnarhraða eins og að framan greinir, þ.e. með margföldum ljóshraða.

Því til staðfestingar bendi ég á tékkneskan vísindamann, Kahuda prófessor og aðstoðarmenn hans. Þeir fundu ögn sem þeir nefna mention sem fer hraðar en ljósið. Þessi ögn hefur þann eiginleika að geta farið í gegnum hvaða efni sem er líkt og enginn fyrirstaða sé fyrir hendi. Kahuda telur að þessi ögn geti verið undirstaða þessara fyrirbæra sem kölluð hafa verið sambandsfyrirbæri.

Lífverur hér á jörðu og á öðrum hnöttum geta numið lífgeislann þegar samsvörun í lífeindamynstrinu á sér stað á tilteknu augnabliki, þ.e. þegar orkustraumar mætast.

Hver einstök lífeind í efni líkamans hefur ákveðið mynstur sem segir til um hlutverk hennar og hefur áhrif á þróun lífverunnar. Þar að auki hefur allt efni líkamans liti sem kemur greinilega fram í árunni sem lífsmynstur og litirnir eru breytilegir eftir andlegu og líkamlegu ástandi lífverunnar. Flestir skyggjarnir menn sjá þessa liti og geta lesið mismunandi mikið úr lífverunum eftir því hversu hæfileikaríkir þeir eru á þessu sviði.

Þegar lífveran yfirgefur þessa jörð fer sálin með allar upplýsingar um hana þ.e. sálfræðilegar og líkamlegar, ásamt eðlisþyngd hennar. Og sálin dregst til þeirra hnatta sem er henni líkust. Hún fer með ómælanlegum hraða og myndar þar mannlíkama í það form eins og hennar innri maður er. Ástæðan fyrir þessu öllu er að sálin hefur sköpunarhæfileika, guðlega eigind, sem yfirfærir í kjarnsýru og í öll önnur efni sem til þarf, til að gera efnið í sig og þar af leiðandi er það líforkan sem hrindir öllum efnum af stað í lífverunni.

Samkvæmt þessu er því ljóst að þegar miðlar hafa samband við dánar manneskjur eru það ekki andaverur í andaheimi heldur mannverur af holdi og blóði á annarri plánetu. Andinn fer ekki í miðilinn, það eru upplýsingatengsl á milli miðils og sambandsmanneskjunnar með hjálp upplýsingaflæðis sem lífeindirnar bera með sér. Hér er um að ræða íðleiðslu þ.e.a.s. fjarsamband frá einni lífverunni til annarrar, það skýrir orkusambönd og mörg önnur fyrirbæri sem menn hafa viljað tileinka framliðnum öndum.

Önnur tilverustig

Það er með ólíkindum hvað þær manneskjur sem telja sig hafa lifað önnur tilverustig geta gefið öruggar og nákvæmar lýsingar af lífi og persónugerð þeirra einstaklinga sem dánir eru. Í sumum tilfellum hafa þessir framliðnu einstaklingar legið í gröf sinni um aldir.

Þeir vísindamenn sem hafa lagt rækt við að kanna það fólk sem telja sig hafa lifað áður, voru oftlega undrandi yfir þeim furðulegu upplýsingum sem það hafði um þetta ákveðna dána fólk. Þá töldu þeir að fengnum rannsóknum að slíkar upplýsingar væri ekki mögulegt að fá eftir viðurkenndum leiðum. Samkvæmt þessari niðurstöðu drógu vísindamenn undantekningarlaust þá ályktun að réttlætánlegt væri að álíta að slíkar upplýsingar hlytu að vera minningar frá fyrra lífi.

Dr. Helgi Pjeturss komst að annarri niðurstöðu með sínum rannsóknum sem ég tel líklegri og það framangreinda. Vil ég tilgreina eina sögu sem dr. Helgi nefnir í einni Nýalls-bók sinni. Hún er á þessa leið:

Við sögu koma tvær fjölskyldur sem má nefna A og B. Fjölskyldurnar þekkjast ekki og eiga hvor eina stúlku á sama aldri, þær eru sjö ára gamlar. Stúlka í fjölskyldu A deyr og tveimur árum síðar kynnast þessar tvær fjölskyldur A og B. Þegar stúlka í fjölskyldu B kemur ásamt foreldrum sínum í heimsókn til fjölskyldu A þá er stúlka B níu ára gömul og fer inn í barnaherbergi A hinnar látnu stúlku, sem væri einnig níu ára gömul ef hún hefði lifað, þá er eins og nýr heimur opnist fyrir henni og í ljós kemur að hún hefur á takteininum ýmsar upplýsingar um látnu stúlkuna sem móðir hennar ein átti að vita.

Slíkar lífsreynslusögur eru margar þó að það sé aðeins vitnað í þessa einu sögu þar sem sambandsstúlkan lifði hluta af æviskeiði þeirra dáu sem var sambandsgjafinn og mér þykir furðu sæta að fræðimenn skulu láta slíkar lífsreynslusögur hjá líða án þess að kanna þær þar sem þeir hljóta að hafa rekist á slíka sögur.

Það sem gerðist á heimili fjölskyldu A þegar fjölskylda B var þar í heimsókn og dóttir þeirra kom inn í barnaherbergi A, var sambandsskynjun við dáu stúlkuna sem var dóttir fjölskyldu A. Dóttirin B hefur greinilega verið skynnæm og vel innstíllt til að geta náð hugsambandi við dóttur A.

Til þess að geta skýrt þessa hugskynjun nánar verð ég að vitna í þá sem eru hlutskyggjarnir. Þeir fá t.d. hring í hendur sem eigandinn hefur borið lengi. Þessi hringur, eins og allt efni hefur ákveðnar eindir sem hafa mismunandi lykla og skrár sem taka á móti og senda, samanber ljóseindir og hafa þá eiginleika að draga til sín upplýsingar um þessa ákveðnu manneskju sem bar hlutinn. Þegar hlutskynjarinn heldur á hringnum eru það lífeindirnar, sem hafa einnig lykla og skrár, sem taka síðan á móti þessum upplýsingum og bera þær til heilans sem hann síðan les úr.

Það sama gerðist þegar dóttir B fer inn í herbergi dóttur A, sem hugsar ekki síður til foreldra sinna eða til herbergi síns sem var, þó að hún sé dái. B fær hugsendingu að líferni dóttur A. Þegar það gerist með þessum hætti þá þarf viðkomandi skynjandi ekki endilega að koma nálægt heimili þess sem er dáinn. Hún getur skynjað til bláókunnar manneskju í órafjarlægð frá heimili þeirrar dáu ef skynjandi á eitthvað sameiginlegt með þeim framliðna.

Það gerist einnig í öðru tilfalli sem er mun líklegra að hafi gerst með stúlku B. Þegar hún kemur inn í herbergi A er þar ákveðið orkusvæði með fullt af eindum, sem hafa eiginleika til að geyma og hlaðast þarna upp um líferni barns A og gefur barni B þessar upplýsingar.

Þannig er mál með vexti að það skiptir engu máli hver vegalengdin er, þó hún sé á milli þúsunda vetrarbrauta þá næst hugsunar-, tilfinninga- og sjónflutningur ekki síður en draumasambönd við draumgjafa sína á milli allra staða í himingeimnum.

Miðað við framangreinda sögu er ekki sennilegt að endurfæðing sé hugsanleg og ekki síður þegar við vitum að minningarnar eru forsendur fyrir áframhaldandi þekkingu. Það gerist ekki með endurfæðingu, þá er flest allt gleymt sem viðkomandi hefur áður lært. En það gerist ekki með framlífið á öðrum hnöttum, minningarnar eru þá fyrir hendi og framlifandi getur notað þær sér til hliðsjónar til áframhaldandi þekkingar.

8. kafli

Sálin þroskast með fóstrinu

Lífið er allt sambyggt úr efnafrumum sem síðan mynda sameindir. Í þessum frumum er að finna heimildir um allt það sem tilheyrir komandi lífi. Eggfruma og sæðisfruma eru lifandi verur og hafa sál. Strax við frjóvgun í móðurkviði hefst skipting frumunnar. Kjarnsýran stjórnar skiptingu frumunnar sem helmingar sig alltaf stig af stigi, 2, 4, 8 og svo framvegis. Við hverja skiptingu frumunnar ber hún með sér allar þær heimildir sem hún hafði að geyma ásamt þeim áunnu eiginleikum sem bætast við á hverju stigi tilveru lífsins.

Áður en lengra er haldið vil ég nefna sameind sem nefnist adenósínfosfat. Það er sameind sem bindur orkuna við sundrun efnisins og hún kemur einnig í veg fyrir tap öndunarorku. Þennan hæfileika um geymd orkunnar hafa lífeindirnar innbyggðan í sér því þaðan kemur þessi eiginleiki og er samofinn efni líkamans og þær hrinda af stað allri starfsemi hans. Hún er hluti af sálinni og þegar hún yfirgefur líkamann þá sundrast sameindirnar.

Hver einstök fruma hefur í sér og umhverfis sig líforku sem magnast og afmagnast samkvæmt stilliáhrifum. Við efnaskiptingu frumunnar (hér er einkunn átt við frjóvgað egg) myndast eins konar vinna og hiti og við það margfaldast líforkan til muna. Kjarnsýran stjórnar skiptingu frumunnar sem helmingar sig alltaf stig af stigi og svo framvegis. Við hverja skiptingu frumunnar ber líforkan allar þær heimildir sem hún hefur að geyma ásamt ýmsum óæskilegum stökkbreytingum sem stundum vilja gerast.

Við efnaskiptingu myndast bruni, sem samsvarar vinnu eins og hér að framan er getið en þá myndast nýjar tegundir öreinda, samanber myndun Higgs-bóseindarinnar og mögnun líforkunnar er svo margfalt meiri en það orkumagn sem hver einstök fruma þarfnast svo að það myndast umframorka og það er hún sem verður heildarsál lífverunnar.

9. kafli

Nýtt líf

Fyrir ármilljónum varð undursamleg og um leið óskiljanleg atburðarás sem varð til þess að líf gat kviknað hér á jörðu. Ekki er það síður merkilegt í hversu margbreytilegar myndir lífið kynkvíslaði sig, bæði til lands og sjávar. Það er einnig ótrúlegt, þó ekki meira sé sagt, að eitt efni skuli hafa getað orðið eitthvað allt annað, eins og til dæmis lífvera. Fyrst svo er mögulegt, er það þá ekki einnig ótrúlegt ef þessi jörð sé sú eina í alheiminum sem líf hefur getað myndast á? Ef svo er þá þarf það ekki endilega að vera í öllum tilfellum að lífverurnar þar hafi þróast og þroskast á sama hátt á öðrum jörðum ef við höfum Darwins-kenninguna til hliðsjónar. Ef við tökum einnig okkur til hliðsjónar kenningar dr. Helga Pjeturss náttúrufræðings, jarðfræðings og stjörnufræðings má gera ráð fyrir að markmið lífsins sé að breyta efninu í sína mynd þó það taki oftlega mismunandi langan tíma eftir mismiklum krókaleiðum en að lokum nær því marki sem eiginleikar lífsins segja til um.

Enda hefur þetta undursamlega fyrirbæri sem lífið er vakið mikla tilhneigingu og um leið sterkan vilja hjá sumum hugsuðum og vísindamönnum til að leggja allt sitt af mörkum til að leysa þessa furðulega gátu. Það er enginn árangur í sjónmáli eins og komið er í dag. Það er hugsanlegt að ástæðan sé sú að aðferðafræðin sem þeir hafa unnið eftir sé röng.

Ég tel það næsta víst, fyrst lífið myndaðist hér á þessari jörðu, að líf hafi einnig myndast víða á öðrum hnöttum í alheiminum þó vísinda- og fræðimenn hafi ekki fundið það enn þá.

Flestir ef ekki allir sem lesa þessa grein munu trúlega ætla að ég taki aldeilis stórt upp í mig, svo ekki sé meira sagt, þegar ég tel mig geta komið fram með nýja hugmynd sem opnar kannski þekkingarleiðina að þessari ofangreindu stóru spurningu sem frægum og þekktum vísindamönnum hefur ekki tekist að finna svarið við. Að einum manni undanteknum það er jarðfræðingurinn dr. Helgi Pjeturss. Með kenningu hans að leiðarljósi og þróunarferli Darwins-kenningarinnar og með mínu hugaflugi mun ég leiða lesendur á braut sem ég tel farsælast til að finna þá aðferðafræði sem til þarf svo mögulegt verði að leysa þessa gátu.

Dr. Helgi Pjeturss telur að hin óendanlega fullkomna verund leitist við að hrinda af stað hinu ófullkomna efni með því að framleiða sig í henni og vinni eftir það eins og aðstæður leyfa til að breyta efninu í sig. Þegar hin fullkomna verund hefur einu sinni tekist að framleiða sig í efninu þá er ekkert sem getur stöðvað hana. Hún getur ekki annað en unnið þrotlaust að því í óendalegar árpúsundir að þroska sig í efninu og gera lífveruna að spegilmynd sinni. Samkvæmt kenningu dr. Helga er maðurinn lengst kominn í þróunarbrautinni hér á jörðu til að nálgast það að líkjast guðlegum verum.

Til að skilja þetta betur mun ég rétt tíunda kenningar dr. Helga hér að neðan. Undirstöður kenninga dr. Helga Pjeturss eru byggðar á vísindalegum forsendum sem þekktar voru á hans tíma í líffræði, jarðfræði, náttúrufræði og stjörnufræði. Með það að leiðarljósi komst hann að þeirri niðurstöðu að draumur sé alltaf vökulíf annars manns, gerandans sem hann kallaði draumgjafa, sem væri venjulega á öðrum hnetti en stundum hér á jörðinni og síðan komst hann að því að framlífið væri einnig á öðrum hnöttum og að upplýsingar á milli draumgjafa og gerandans bærust með lífgeislanum. Áran er staðbundinn hluti af lífgeislanum, vegna þess að hann sá það með sínum

rannsóknnum að það hlyti að vera eitthvað sem færði þessar upplýsingar frá einum stað til annars. Þá kom einnig í ljós að það er samband á milli manna, dýra og hluta að hugsunar-, tilfinninga-, sjón- og miðilssambönd ásamt dáleiðslu komu af sama meiði og draumasambandið.

Allar lífverur og allt efni hefur orkuhjúp umhverfis sig sem vísindamenn hafa alla tíð fram á miðja þessa öld afneitað þar til að Kirljan-ljósmyndataekni kom til sögunnar og sýndi fram á annað en vísindamenn höfðu haldið blákalt fram.

Margar athuganir voru gerðar með þessari ljósmyndataekni með því að mynda karl og konu undir mismunandi álagi, bæði þegar þau voru sjúk og aftur þegar þau voru heilbrigð. Þá sást greinilegur munur á árunni og engin undantekning með það að áran var mikið föleri þegar þau voru sjúk en þegar þau voru heil heilsu. Það var einnig sláandi munur þegar ljósmynd var tekin með framangreindri tækni af ósködduðu laufblaði, þá bar einnig mest á ljósblárri útgeislun umhverfis laufblaðið og þegar skorið var af laufblaðinu breyttist liturinn í orkunni við sárið til muna og liturinn varð með rauðleitun blæ. Síðan var heilari látin leggja hönd sína yfir laufblaðið við sárið í einhverja stund. Þá varð aftur breyting á orkunni umhverfis þetta sama sár, rauði liturinn varð til muna ljósari í árunni. Hversu oft sem þetta var endurtekið komu alltaf svipaðar ljósmyndir fram við tilraunir á manneskjum með þessari sömu tækni. Það sást alltaf sama ofangreinda breyting í líforkunni þegar hún var heilbrigð eða sjúk, litirnir breyttust í samræmi við það eins og að framan greinir. Samkvæmt því er efnið í raun litur.

Annað athyglisvert fyrirbæri verð ég að nefna hér; það er þessi sérkennilega efnaorka sem myndar útgeislun og hjúp umhverfis ólífræna efnið sem þessi sama ofangreinda Kirljan-ljósmyndataekni hefur ítrekað sýnt fram á að sé fyrir hendi. Það hefur komið í ljós við annars konar athuganir að það eru til skynnæmir menn sem hafa þá hæfileika að vera hlutskyggir. Þeir geta lesið að nokkru eða miklu leyti hvers konar lífi ákveðin óþekkt manneskja hefur lifað aðeins með því að halda á einhverju sem þessi persóna hefur borið á sér einhvern ótilgreindan tíma. Þeir vísindamenn sem eru í vafa um að það sé mögulegt geta auðveldlega komist að því með tilraunum þar sem tæknin er fyrir hendi.

Ef það reynist svo að vísindamenn komist að þessari sömu niðurstöðu að sumir skynnæmir menn hafi hæfileika í hlutskyggni þá má greinilega draga þá ályktun að líforkan og efnaorkan tvinni sig saman og að það sé virkni á milli lífvera og ólífrænna efna. Það segir okkur um leið að þessi framangreinda og sérkennilega efnaorka sem flytur upplýsingar frá efninu til lífverunnar hefur sams konar innvið og líforkan nema að því leyti að eiginleikar hennar eru til muna fullkomnari og það bendir um leið til þess að þessar tvær orkur, efna- og líforkan, hafi að miklu leyti sameiginlega eiginleika innbyggða í sér og vilja greinilega sameinast hvor annarri. Það sem aðskilur þessar tvær framangreindu orkur er án nokkurs vafa að eiginleikar lífsorkunnar hafa mun meiri mögnun og eru því til muna og fullkomnari.

Ef við lítum svo á að það megi draga þá ályktun að ljósmyndataekni Kirljans og hlutskyggni megi vefengja þá liggur eftirfarandi ljóst fyrir:

1. Allar lífverur hafa líforkuhjúp með litrofi umhverfis sig og líforkan umvefur holdið allt utan sem innan og er breytileg eftir tilfinningaástandi einstaklingsins og heilbrigði.

2. Allar tegundir efna og minnstu agnir hversu smáar sem þær eru hafa einnig orkuhjúp sem umvefur þær utan sem innan, jafnvel kjarninn og elektrónan hafa slíkan orkuhjúp þar sem hvort tveggja er í efninu.
3. Líforkan hefur þá eiginleika að breyta efninu í sig með því að hafa vilja og til að sameinast efninu.
4. Líforkan hefur lækningamátt.
5. Það er orkusamband á milli lífvera og ólífrænna efna.

Eins og að framan greinir er fjölmargt sem bendir til þess að líforkan og þessi sérkennilega ólífræna efnisorka hafi sameiginlega eiginleika og myndform til að geta tengst saman sem eins konar sameindir og víxlað þar af leiðandi upplýsingum sín á milli. Ef þessar framangreindu kenningar og hugmyndir þykja frambærilegar samkvæmt vísindalegum hefðum væri það ekki úr vegi að vísindamenn hefðu einnig sér til hliðsjónar önnur athyglisverð fyrirbæri sem tilheyra náttúrunni og nefnast hamfarir.

Þegar hamfarir gerast afefnast manneskjan og myndast á öðrum stað. Þetta er ekki algengt fyrirbæri og gerist þó oft hjá skynnæmu fólki og yfirleitt óvænt þegar það er eitt í kyrrð með sjálfu sér. Einnig hefur þetta fyrirbæri gerst meðal hóps manna þó það sé mun sjaldgæfara. Staðfestar sagnir eru til um að heilt herskip hafi horfið frá bryggju svo skyndilega að varla varð á auga fest með mönnum og músum í nokkrar mínútur. Skyndilega sást það á öðrum stað í margra kílómetra fjarlægð í nokkrar mínútur áður en það hvarf þaðan aftur að fyrrnefndri bryggju. Það voru mörg vitni að þessu. Einnig hafa hlutir horfið og myndast aftur á sama stað.

Þetta gerist of oft til að hægt sé að leyfa sér að leiða það hjá sér en því miður hafa málin þróast hjá vísindamönnum í dag í þá átt að þeir vilja ekki leggja nafn sitt við rannsóknir á slíkum fyrirbærum þar sem þeir telja sig ekki geta haft hönd í bagga um það hvernig og hvenær skuli byrja og hefja rannsókn. Ástæðan er augljós að vissu marki því þessi fyrirbæri gerast venjulega óvænt og þá hefur ekki verið mögulegt að endurtaka þau eftir pöntun eins og fræðimenn þurfa að geta gert. En því er ekki alltaf þannig farið því það eru til skynnæmir menn, ekki sjónhverfingamenn eða skynnæmir svindlarar sem vilja sýnast meiri en þeir eru, sem geta þetta bæði leynt og ljóst og sumir hafa það að atvinnu sinni að sýna slík fyrirbæri opinberlega með heiðarlegum hætti.

Mér er spurn: Hafa einhverjir vísindamenn vilja og þor til að gefa sig í það opinberlega að rannsaka þessa framangreindu skynnæmu menn? Er kannski meiningin að hunsast þessi ofangreindu, náttúrulegu fyrirbæri sem er ekki síður nauðsynlegt að þekkja til að auka vísu manna til framþróunar, eins og ég mun reyna að sýna fram á hér að neðan.

Hver lífvera hefur að sjálfsögðu sál sem kastar geislum sínum frá sér og engum hefur tekist að sanna hvernig eða hvar hún er. En ég ætla að leyfa mér að koma með getgátu um það. Aristóteles taldi að sálina væri að finna í allri lífverunni sem einhvers konar lífsafl hennar. Ég er sama sinnis, hún umvefur hverja eind í lífverunni hvaða nafni sem hún nefnist og er að formi og stærð eins og líkaminn er hjá hverri lífveru að ytri húð. Ef einhver missir handlegg eða fótlegg þá hefur viðkomandi, sérlega fyrstu árin, tilfinningu fyrir töpuðum limum eins og þeir væru til staðar. Það kemur einnig fram á

mynd sem orkumynstur af útlínunum af þessum tapaða lim með ljósmyndataekni Kirljans.

Ástæðan er að líkami hveftrar lífveru byggist eftir ákveðnu líforkumynstri sem er frummynd hveftrar lífveru. Hún berst með móðureggi og sæði föður við getnað þar sem allar frumur frá foreldrum eru lifandi sálir. En hvernig verður sálin til?

Eðlisfræðingar vita í dag að tilvera okkar stafar af umhverfisbrotum. Þegar andöreind myndast í milljarða vís þá verða til milljarðar öreinda og ein í viðbót. Vegna þessa umframefnis í ótrúlegri orkusprengingu varð upphaf alheimsmyndunar, þar sem þessi umframeind hafði í sér massa.

Þessi fyrrgreinda uppgötvun eðlisfræðinganna um myndun nýrra umfrumefna í ótrúlegri orkusprengingu fellur ágætlega, að mér virðist, að kenningu minni um það hvernig sálin myndast, stækkar og þroskast samhliða fóstρινu. Eggið og sæðisfruman hefur að sjálfsgöðu orkuhjúp sem umvefur þau á sama hátt og allar aðrar frumur og það er einnig heildarhjúpurinn sem umvefur fóstrið og allar lífverur.

Við getnað verður frumuskipting og hiti og brennsla myndast. Þá verða tvær frumur til og hver fruma verður með sinn orkuhjúp. Við frumuskiptinguna myndast hiti sem magnar upp orkuna og hún verður meira en tvöföld og þá hefur myndast ein öreind eða kannski fleiri í viðbót. Þessi umframorka leitast ávallt við að sameinast efninu og umvefur því báðar frumurnar sem eru lifandi og hafa því sál. Öll samskipti á milli þessara tveggja fruma verður með tengingu umframorkunnar. Hún er í raun ófullkomin sameiningarsál þessara tveggja fruma eins og fóstrið er ófullkomið. Ef fóstrið deyr á hvaða tímaskeiði sem er, eða þegar fóstrið er fullskapað og verður síðar gömul manneskja þá er umframorkan (sálin, líforkan) sem umvefur fóstrið eða líkama mannsins búin að tileinka sér allar líffræðilegu og sálfræðilegu eiginleika hveftrar frumu fóstursins og mannsins. Allar aðrar lífverur tilheyra þessu sama lögmáli. Það er þessi umframorka og sál hveftrar frumu sem hafa sameinast í eina heild sem lifir eftir dauðann og hverfur til framlífsjarðarinnar.

Þannig stækkar og magnast form sálarinnar í samræmi við fóstrið og það gefur tilefni til að telja líklegt að líf geti lifað undir ófullkomnum formerkjum. En þegar þessar ófullkomnu sálir hveftrar frumu renna saman í eina sál við getnað hefur frummyndin í heild sinni nálgast það enn frekar að vera guði líkastar, eins og eiginleikar þeirra segja til um. Þar af leiðandi heldur líforkumynstrið sig alltaf í sama formi meðan veran er lifandi hér á jörðunni, þó einhver limur fari af þar sem form sálarinnar hvorki breytist né hverfur við limamissi.

Ef um einhverjar verulegar stökkbreytingar í fóstri er að ræða breytist einnig form sálarinnar samkvæmt því. Þegar veran deyr og flyst til annarra hnatta skapar hún úr efni viðkomandi jarðar jarðneskan líkama eftir sínu líforkumynstri og sínu innræti sem hefur gífurleg áhrif á framhaldslíf viðkomandi.

Þessi hugmynd um líforkumynstur sálarinnar, sem ég mun skýra betur hér að neðan getur vel komið heim og saman við frummyndakenningu Platós með þeirri undantekningu að það er aðeins ein frummynd til. Vegna aðstæðna á frumlífsjörðum verða mismunandi efnasamsetningar og efnahvörf sem gera það að verkum að svo fjölskrúðugt líf kviknar á hverri frumlífsjörðu og virðist þróast hvert í sína átt. Þá sýnist það einungis að frummyndirnar séu margar eins og Plató hélt fram. Að ein frummynd væri til af fíl, önnur af hesti, þriðja af ljóni, fjórða af kind o.s.frv.

Miðað við kenningu dr. Helga Pjeturss um verundina mun kenning Platós um margar frummyndir vera byggð á hreinum misskilningi. Það er aðeins til ein frummund og

þær verða margar vegna aðstæðna á þróunarbrautinni, t.d. maður, hestur, kýr, kind, ljón, skordýr o.s.frv. Síðan reyna þær að mynda sig eftir þessari frummynd sem er guði líkast. Það þýðir að verundin hefur aðeins eina frummynd lifandi veru og eiginleika sem vinnur látaust í því að breyta efninu í sig, að verða guði líkast. Öll dýr merkurinnar verða það að lokum og að eilífu munu verða til nýjar og nýjar frumlífsjarðir sem nýtt líf kviknar á og þróast samkvæmt eðli sínu í sömu átt og að framan greinir.

Nú fyrst get ég farið að koma að því að skilgreina hvernig lífið myndaðist hér á jörðinni. Ég minnst á það hér að framan að það sé með ólíkindum að dautt efni skuli geta breitt sér í lífveru og það dularfulla er að blanda þeirra lífrænu efnasambanda sem finnast í lífverunni er steindauð. Samkvæmt atferlafræði vísindamanna eins og hún liggur fyrir núna hafa þeir enga undirstöðu til að skilja hvernig líf gat kviknað á þessari jörðu, með þeirri einu undantekningu að vísindamenn eru farnir að telja það einna líklegast að lifandi frumur hafi komið með loftsteinum til jarðarinnar og hafi síðan ætlað sig hér á jörðinni og þróast á milljónum ára í það sem nú er. Það getur svo sem vel verið að svo hafi verið að einhverju leyti og þá aðeins í litlum mæli. Ég tel miklu líklegra að lífið hafi kviknað hér á jörðu með lífgeislanum, hægt og sígandi eins og ég mun skýra nánar hér að neðan.

Hver lífvera gefur frá sér tvö ólík orkustreymi. Það er hitaorka sem líkaminn framleiðir við efnahvörf og líforkan sem er í raun lífið sjálft. Ef hún væri ekki til staðar væri sálin heldur ekki til. Lífgeislinn er í raun það sama og nefnt er heilagur andi í Biblíunni því lífgeislinn er orkustreymi frá sálinni.

Í lífgeislanum eru margar af lífeindir sem hafa í sér geymdir, það er upplýsingar um allt efni í lífverunni og tilfinningalíf hennar ásamt allri þekkingu sem áunnist hefur og einnig með aðsendum upplýsingum. Hlutverk lífgeislans, ásamt lífeindunum er meðal annars að senda og taka á móti fjarhrifum, svo sem hugsana-, sjón- og tilfinningaflutningum, ásamt dáleiðslu-, drauma- og miðilsamböndum. Áran, sem ég kalla hér eftir lífeindahjúp, er umhverfis veruna og sýnir hlutverk sitt óyggjandi með Kirljan-ljósmyndataekni þar sem litróf lífeindahjúpsins er breytilegt eftir hugsunarhætti og heilbrigði lífverunnar. Hún hefur einnig því hlutverki að gegna að flytja efni lífverunnar á milli staða við hamfarir. Á sama hátt flyst sálin á milli hnatta við dauða lífverunnar. Lífgeislinn fer með óendalegum hraða um allan himingeiminn en engin mælieining er til sem getur fest hönd á hraða hans. Lífgeislinn berst frá líkama verunnar með allar sínar upplýsingar sem geymast í lífeindunum í allar áttir á sekúndubroti um veröldina og sá hluti hennar stansar hjá þeim sem tekur á móti upplýsingaflæðinu.

Eins og að framan greinir þá minnst ég á að líforkan og allt það efni sem er til staðar til að geta myndað líf, vill sameinast hvert öðru. Þá er ég að segja að verundin, eftir að hún varð til, ef hún hefur þá ekki alltaf verið til, leitast við að gera efni sitt sem guði líkast. Með þeim hætti og aðstæðum sem voru fyrir hendi streymdu lífgeislar hingað til jarðarinnar frá öðrum hnöttum. Sennilega skiptir engu máli frá hvaða lífveru lífgeislinn kemur, þær geta verið frá ýmsum frumlífsjörðum og framlífsjörðum bæði frá góðum og slæmum mönnum, dýrum eða öðrum lífverum vegna þess að það er guðlegur eiginleiki í þeim öllum og er því áskapað, þegar líf hefur myndast, að breyta efninu í sína mynd.

Ég minnst hér að framan á hvað það er mikilvægt fyrir vísindin að fræðimenn rannsaki og skilji svokallaðar hamfarir, þá á ég við það þegar líkami afefnast og líkamast á öðrum stað eða hlutir afefnast og myndast á öðrum stað, kannski í

órafjarlægð og hverfa þar og myndast síðan aftur á fyrri staðnum. Þá kemur spurningin: Hvers vegna tel ég það svo mikilvægt?

Að sjálfsögðu er það ekki mikilvægt nema jákvæð niðurstaða náist við þessa rannsókn hjá þeim fræðimönnum sem taka þessar framangreindu hamfarir til athugunar. Ef svo skyldi fara verður mun auðveldara að skilja hvers vegna elektrónan hefur þennan fylgidraug á annarri braut samsíða sér, sem vísindamenn hafa hingað til ekki getað skýrt með fræðilegum rökum. Miðað við þær forsendur sem ég tilgreini hér að framan bendir það tvímælaust til að orkan vinni alltaf samkvæmt eigindum sínum, að vilja framkalla spegilmynd sína, eins og ég mun skýra betur hér að neðan.

Elektrónan er í raun að reyna að myndast við að gera spegilmynd sína á þessari ákveðnu braut, eða jafnvel að reyna að flytja sig með hamförum yfir á þessa braut sem fylgidraugurinn er á (orkuhjúpurinn). En hún gerir það trúlega aldrei.

Ég tel næsta víst að efnið eitt og sér, þar á meðal elektrónan, hafi ekki þá eiginleika sem þarf til að geta tvöfaldað sig fyrr en lífeindin hefur sameinast henni, í það minnsta að einhverju leyti. Slík fyrirbæri eru ekki algeng hér á jörðu en þegar það gerist kemur það venjulega mönnum á óvart.

Það er lögmál náttúrunnar að allar lífverur hafa lífeindahjúp umhverfis sig. Einnig hefur hver borg lífeindahjúp um sig og hvert land sem landsmenn hafa skapað. Þar að auki er einn lífeindahjúpur yfir öllum hnettinum sem hefur sína eiginleika frá hverri veru sem fæðst hefur á þessari jörðu. Þannig umvefjast og sameinast allir þessir hjúpar og tengjast hver öðrum. Þess vegna er þýðingarmikið fyrir hverja mannveru á þessum hnetti að lifa sómasamlegu lífi þar sem öll góðverk og öll illverk hafa áhrif á hvern jarðarbúa með mismiklum hætti eftir næmleika lífverunnar.

Samkvæmt þessari hugmynd er óhjákvæmilegt fyrir efnið að sameinast að einhverju leyti lífeindunum þegar aðstæður leyfa og þá hefur það kannski í öllum tilfellum möguleika til að gera spegilmynd sína að nokkru eða öllu leyti, þegar og ef um slíka sameiningu er að ræða.

Eins og fram hefur komið hafa lífeindirnar einar það áhrifavald á elektrónurnar að geta tvöfaldað orkuhjúp sinn og kannski hefur þessi gífurlegi hraði, sem elektrónan fer umhverfis kjarnann, einhver áhrif á þessa tvöföldun.

Þannig tel ég að þessi dularfulli skuggi hafi myndast og fylgi elektrónunum samsíða á næstu braut við hana vegna þess að eðliseiginleiki líforkunnar er að breyta efninu í sína mynd, að skapa spegilmynd sína.

Samkvæmt framangreindum forsendum tel ég næsta augljóst að það liggi hér frambærileg fræðileg rök fyrir því að lausnin sé fundin hvað varðar þessa dularfullu skugga sem fylgja elektrónunni samsíða á annarri braut.

10. kafli

Skynnæmi

Samkvæmt fyrrgreindum kenningum eru sveipir, sem sumir kalla drauga, komnir af sama meiði og sálfarir og fylgjur en eru í mismunandi hlutverki eftir hugrástandi einstaklingsins sem sendir þessa orku bæði frá framlífshnöttum og frá okkur sjálfum. Þessir sveipir eru í raun fyrsta skrefið í átt að hamförum, sem þýðir að lífveran er að reyna að mynda sig á öðrum stað vísvitandi eða óviljandi. Nánar tiltekið er þetta hugarorkan þar sem lífeindunum tekst að mynda orkuhjúp og þéttleiki hans er mismunandi eftir því hvernig til tekst. Stundum tekst svo vel að þeir líkamna sig og þá venjulega á öðrum stað, rétt hjá eða í einhverri fjarlægð, þá er líforkan laus.

Þá gerist það sama með huldufólkið en á annan hátt. Það myndar eins konar uppmagnað orkusvæði með líforku sinni hér á jörðu, einhverra hluta vegna og sennilega með aðstoð jarðarbúa. Þegar sjáandinn fer inn á þetta orkusvæði eða horfir þangað þá stillist hann inn á lífnött huldufólksins. Það má líkja því við hlutskyggnan mann sem heldur á hring frá ókunnum eiganda og hringur þessi gefur honum upplýsingar um eigandann.

Öll efni eru umvafin ljósorku sem kastar geislum sínum út í alheiminn og flytur ljóseindirnar sem hafa innbyrðis upplýsingar af umhverfi sínu og mannlífi frá öðrum hnöttum sem sjáendur vilja nefna, í þessu tilfelli að hólur og steinar séu álfheimar. Þessi misskilningur byggist einnig á því að ef einhver raskar þessum steinum eða hólum þá gerist venjulega eitthvað illt. En ástæðan er ekki sú að þarna sé heimili þeirra heldur minnkar eða hverfur orkan sem þessar lífverur hafa skapað þar sem mynstrið af heildarmyndinni slitnar úr samhengi og þá ná þessar verur ekki sambandi við jörðu.

Og samkvæmt þessu er engu líkara en það sé lífsnauðsynlegt fyrir þær að ná sambandi við mannfólkið og kannski allar lífverur á þessari jörðu okkar, hver sem ástæðan er. Þá er ekki að undra að þetta fólk sem hefur byggt upp þessi orkusvæði sér til hjálpar á einhvern hátt vilji koma í veg fyrir að orkumynstrinu verði raskað með því að hreyfa við jarðveginum sem þau hafa byggt upp hér í okkar heimkynnum.

Samkvæmt framangreindu byggjast allar tegundir skynnæmi á sömu forsendum, það er að lífgeislinn ber lífeindirnar með upplýsingarflæðið á milli lífvera hvar sem þær eru í veröldinni með miðilssamböndum, hugsana-, sjón- og tilfinningaflutningum, ásamt draumasamböndum og dáleiðslu.

Það er þá ljóst að þegar miðlar hafa samband við framlífsverur (látið fólk) þá er ekki haft samband við anda í einhverjum andaheimi, frekar en huldufólk, heldur mannverur af holdi, blóði og þyngd samkvæmt eðlislögmáli á annarri plánetu. Andinn fer þess vegna ekki í miðilinn heldur er um upplýsingatengsl að ræða með lífeindum sem nemar líkamans taka á móti og senda til heilans sem les úr lyklunum og skila ráðningunni til réttra heilastöðva. Þess vegna skiptir engu máli hvaða tungumál viðkomandi sendandi talar þar sem lyklar lífeinda hverrar persónu hafa sömu merkingu til tungumála og því miður myndast oft alls konar truflanir á sambandi á sama hátt og í venjulegum sendi- og mótökutækjum og af því leiðir alls konar misskilningur.

Sálin, lífgeislinn og lífeindirnar eru í fullu samræmi við þá niðurstöðu sem kom í ljós hjá fagfólki á háskólasjúkrahúsinu í Genf:

Það sem gerðist þegar 43 ára kona var lögð á sjúkrahús vegna flogaveiki, kom bæði læknum og sjúklingi á óvart. Læknar höfðu komið fyrir nærri 100 rafóðum í heila konunnar og gerðu sér vonir um að geta með þeim hætti komist að því hvar í heilanum flogaköstin ættu upptök sín.

Konan hafði verið deyfð meðan rafóðum sem þar var komið fyrir og nú var hún við fulla meðvitund og fylgdist af áhuga með starfi læknanna. Þeir höfðu einmitt hleypt veikum straumi á eina rafóðuna þegar konan hrópaði að sér fyndist eins og líkaminn sykki dýpra ofan í rúmið. Læknarnir urðu hissa á þessu en juku straumstyrkinn örlítið og þá fannst konunni hún skyndilega léttast og svífa upp undir loft. Þaðan horfði hún niðurá sinn eigin líkama sem var í rúminu (Lifandi vísindi nr. 4, 2003).

Þótt margt fólk hafi upplifað þetta hafa læknar hingað til ekki getað gefið á því neina haldbæra skýringu. Þetta hefur gefið byr undir báða vængi þeim hugmyndum að við höfum sál sem lifir sjálfstæðu lífi í líkamanum. En læknirinn sem stóð að baki þessari undarlegu tilraun, Olaf Blanke, við háskólasjúkrahúsið í Genf, vonast nú til þess að geta í eitt skipti fyrir öll aflífað þessa kenningu um sálina og að skýra megi þessa upplifun með einhvers konar tilfinningalegu skammhlaupi í heilanum.

Upplifun konunnar varð í þessu tilviki þegar læknarnir örvuðu heilastöð sem nefnist angular gyrus. Hún er aftast í heilanum og á þátt í því að samræma skynhrif og búa til úr þeim heilstæða mynd í meðvitundinni. Þessi heilastöð sér m.a. til þess að þegar við sjáum ákveðinn bókstaf er hann samstundis tengdur ákveðnu hljóði og gegnir þar með mikilvægu hlutverki í sambandi við lestrarkunnáttu. En heilastöðin gegnir einnig hlutverki varðandi það hvernig við skynjum líkamann. Það er sem sé angular gyrus sem vinnur úr þeim taugaboðum sem heilanum berast stöðugt frá útlimunum og jafnvægisstöðvunum. Þessi heilastöð heldur okkur stöðugt upplýstum um stöðu líkamans.

Þessi tilraun kom mér skemmtilega á óvart. Hún sýndi mér ótvírætt fram á að ég er á réttri leið með hugmyndafræðina um líforkuna og lífeindirnar að hún hafi í sér ákveðna lykla með heimildum og líkaminn nemur sem einhvers konar bókstafi þegar hann fær aðsendar upplýsingar og tengist síðan ákveðnum taugaboðum sem angular gyrus vinnur greinilega úr, svo sem andlegri orku, hita, kulda og snertingu við föst efni. Hún hefur einnig tengingu við lífeindir sínar þegar þær mynda orkuhjúp utan við líkamann. Þetta ættu vísindamenn að athuga nánar.

11. kafli

Líforka

Eins og áður er getið er líforkan það sama og sálin og útgeislun hennar, en sálin er samofin líkamanum og er form hans og hvorugt getur verið án hins og samt eru þær tvær aðskildar einingar. Sálin getur þar af leiðandi búið sér annan líkama á öðrum hnetti eða flutt sig á milli staða á vorri jörð með svokölluðum hamförum. Lífgeislinn ber með sér lífeindir sem í eru fólgnar geymdir með þá eiginleika að bera með sér ytri og innri gerð lífverunnar og geta flutt með sér upplýsingar úr einum heila í annan með hugsunar-, tilfinninga- og sjónflutningi ásamt draumasamböndum og dáleiðslu og þetta allt byggist á sömu forsendum og sama lögmáli og himintunglin ganga eftir.

Áran er einn hluti af lífgeislanum og hlutverk hennar er m.a. að umvefja líkamann til varnar óvelkomnum lífgeislum. Allar tegundir dýra og manna hafa orkustreymi með upplýsingaflæði lífeindanna á milli líkama og lífverunnar með breytilegum litum eftir þýðingu og gerð verunnar sálarlega og líkamlega. Þar af leiðandi hefur allt efni liti og ef vöntun er á lit árunnar þá er sálin, líkaminn eða hvort tveggja með einhverjum hætti veikt.

Hver vera gefur frá sér tvö ólík orkustreymi; hitaorka sem líkaminn framleiðir við efnahvörf og líforka sem er í raun lífið sjálft. Ef hún væri ekki til staðar væri sálin heldur ekki til. Líforkan er það sem er nefnt heilagur andi í Biblíunni. Hún geislar út frá verunni í allar áttir í samræmi við persónuleika hennar og mest frá oddmjóum limum hennar, þar á meðal höndum og fingrum.

Þó upplýsingarnar komi einhvers staðar frá í óendanleika veraldar þá hefur það lítið sem ekkert að segja því hraði ljóssins er brot af hraða lífgeislans. Það skiptir heldur engu máli hvaða tungu lífveran talar þar sem allir lyklar og skrár á milli lífvera eru þeir sömu. Þó kemur það fyrir að miðill talar tungum sem hann eða aðrir viðstaddir skilja ekki. Hluti af þessari orku er prana, sem svo er nefnt í austrænni heimspeki. Þessi orka hleður loftið á ákveðnum stöðum af magnandi lífeindum sem skynnæmir menn finna þegar þeir koma á þá staði, oftlega í kringum einn mann eða mannmergð.

Líforkan sem geislar frá verunni svarar til hennar sjálfrar og hefur því mismunandi upplýsingaflæði að gefa, það fer eftir gerð, þroska og innræti. Það eru skynnemar í hverri lífveru víðast hvar í líkamanum sem skynja og taka á móti aðsendum upplýsingum og senda til heila. Lífeindirnar samsvara ljóseindinni með að hafa í sér geymdir og eftir sem áður kemur það oftlega fyrir að það er erfileikum bundið að það flytja slíkar upplýsingar frá skynnemunum til heilans því orkurásirnar hjá viðkomandi viðtakanda eru lokaðar, einhverra hluta vegna.

Það er algengur misskilningur að dulrænir menn hafi einhverja náðargáfu frá guði fram yfir aðra, að þeir séu útvaldir. Það er ekki þannig frekar en aðrir hæfileikar sem mannfólkið hefur fengið í arf eða eru áunnir. Það er ekki nokkur vafi að guð vill að hver einstaklingur þroski eiginleika sína og visku sem mest og njóti hennar sem best og til góðra íhluta.

En því miður vill það koma fyrir að fólk missir valdi á skynnæmi sínu og lendir á geðveikrahæli þess vegna, þar sem þessir sjúklingar verða fastir í sambandinu. Það hefur einnig komið fyrir að fólk vakni að morgni veikt á geðinu þar sem þessar ógæfusömu manneskjur hafa ekki, einhverra hluta vegna, getað losað sig frá draumgjafasambandinu.

12. kafli

Kynleg myndleif

Það var að kveldi miðvikudags í byrjun júní árið 1982 þegar ég í fyrsta sinn veitti myndleif svo mikla athygli að það upp í huga minn kom spurning: Hvers vegna gerist þetta?

Þannig var að ég beindi augum mínum hugsandi að tómunum hvítum blómavasa sem var á miðju dökku sófaborði. Litlu seinna lokaði ég augunum einhverra hluta vegna og í öllu falli ekki í þeim tilgangi til að vita hvort ég sæi myndleif eins og ég gerði í þetta sinnið. Ég sá sófaborðið og vasann og annað kynlegt fyrirbrigði sem ég man ekki eftir að hafa séð áður og það vakti verulega forvitni mína.

Það var ljós sem varpaði geislum sínum nokkuð frá efri brún blómavasans. Ég var mikið undrandi að sjá þetta ljós þar sem ég hafði ekkert ljós séð umhverfis vasann þegar ég hafði augun opin. Ég endurtók þetta aftur og snéri baki í vasann eftir að ég lokaði augunum og sá þetta einkennilega ljós eftir sem áður.

Kötturinn minn lá í sófanum í nokkurri fjarlægð og ég horfði á köttinn góða stund og lokaði síðan augunum og snéri mér á hlið við hann. Það sama gerðist; ég sá ljós þó ég hefði ekki séð áru hans með opin augu. Eftir þetta gerði ég margar tilraunir og ég tók eftir því að ef ég var syfjaður eða þreyttur sá ég mjög óskýra og oft enga myndleif. Það fannst mér furðulegt í byrjun því það samræmdist ekki þeirri kenningu að myndleif myndist vegna þreytu í augum.

Eftir nokkrar tilraunir á sjálfum mér kom upp í huga minn ný hugmynd sem ég vildi kanna betur. Ég fór að lesa ýmsar fræðibækur sem ég náði í um starfsemi augans og það styrkti enn betur hugmynd mína um hvers vegna ég sá myndleif með lokuð augun.

Til að sannreyna kenningu mína fékk ég átján viðföng mér til aðstoðar af báðum kynjum, sá yngsti var 12 ára en sá elsti 46 ára og allt þar á milli. Ég notaði svarta sófaborðið mitt og setti hvítan tóman blómavasa á mitt borðið. Þeir áttu að horfa á vasann stuttan tíma og loka síðan augunum. Ég prufaði öll viðföngin þrisvar sinnum, bæði þreytta og óþreytta. Af þessum átján sáu tíu myndleif en sex af þeim sáu myndleif með ljósgeisla frá brúninni á blómavasanum þegar þeir voru með lokuð augun og tveir af þeim sex sáu útgeislunina af vasanum með opin augu. Sumir þeirra sáu ljósið í lit en aðrir í svarthvítu. Af einhverjum ástæðum skrifaði ég ekki niður hjá mér hve margir af þessum sex sáu ljósgeislann í lit. En það var afgerandi að þessir tíu sem sáu myndleif óþreyttir sáu ógreinilega eða enga myndleif þegar þeir voru þreyttir. Samkvæmt þessu afsannaðist sú kenning að myndleif myndast vegna þreytu í augum þó að það þyrfti að stara svolitla stund á blómavasanum.

Kenning mín um myndleif byggist á þeirri staðreynd að það eru litanemar í augunum sem nefnast keilur, þær eru næst miðgrófinni þar sem sjónskerpan er mest og taugaboðin komast þess vegna greiðast frá keilunum. Hins vegar eru aðrir nemar í augunum sem nefnast stafir, þeir sjá aðeins svarthvít og eru 500 sinnum næmari á ljósmagn en keilur. Lítið er af þeim í miðgrófinni en fjölgar því meir sem utar dregur.

Í björtu berst upplýsingarflóð eftir taugaboðum frá keilunum sem eru í svo miklu magni að lítið sem ekkert kemst til skila frá stöfunum eftir taugaboðum nema hjá þeim sem eru mjög skynnæmir. En þegar viðkomandi lokar augunum kemur í ljós sá

duldi eiginleiki stafanna að geta geymt í sér upplýsingar í nokkurn tíma. Þegar þessir tíu viðkomandi menn lokuðu augunum sáu þeir myndleif af framangreindu borði og vasa vegna þessara eiginleika stafanna að geta geymt upplýsingar í sér í stuttan tíma eða þar til að stafanemarnir geta komist að með að boðsenda þær til tauganemana í miðgrófinni. Þessir tveir sáu ljósgeislann með opin augun vegna þess að stafirnir hjá þeim námu útgeislun vasans og komu henni til skila eftir taugaboðum en hinir fjórir hafa sennilega einnig numið það en ekki getað komið því til skila svo að viðkomandi skynjaði það og það gildir með þá sem ekki sáu myndleif.

Það er augljóst samkvæmt þessu og fer ekki á milli mála að keilurnar yfirfylla taugaboðin við miðgrófina af upplýsingum og mynda þess vegna hömlun fyrir stafina til að koma sínum upplýsingum til skila á meðan augun eru opin. Þarna eru sennilega skilin á milli skynnæmi og óskynnæmi. Þ.e.a.s., namar þessara skynnæmu manna, sem sjá drauga og fylgjur bæði að nóttu og degi til, eru næmari en annarra. Það er trúlega vegna þess að þessir fáu stafir sem eru umhverfis miðgrófina eru sérlega næmir hjá þeim og geta þar af leiðandi komið þeim upplýsingum til skila á sama tíma og keilurnar. Annars komast stafirnir ekki að, því tauganemarnir í miðgrófinni geta ekki boðflutt meira í einu. En þegar myrkur skellur á eru tauganemarnir tómir og hafa pláss fyrir þær upplýsingar sem stafirnir hafa numið.

Ég dreg því þá ályktum að eftir því sem hömlun er minni í líkamanum, sem kemur í veg fyrir að skynnemar hans geti boðflutt upplýsingar sínar til tauganema sem flytja þær til heilans, því skynnæmari verður maðurinn.

En það er m.a. eitt grundvallaratriði sem nauðsynlegt er að ganga út frá; það er að ekki eru allar upplýsingar sem fást með innsæinu alltaf réttar. Það gildir hvort sem viðtakandinn er vitgrannur, vel gefinn, miðill, jóggi eða gúru. Því þekking mannsins er ekki takmarkalaus ef undurstöðuatriðin eru ekki nægileg fyrir þær upplýsingar sem skynnæmi maðurinn nemur. Því oftlega skynjar maðurinn strax það sem innsæið flytur án samtengingar, visku og rökhyggju. Hæfni mannsins til að taka við hugboðum er í réttu samhengi við það mynstur sem skynsemi hans og þekking segir til um og er komið á í dýpri sviðum hugans og ég nefni það heimildarlykla.

Það segir okkur að maðurinn ræður ekki við upplýsingar sem hann hefur litla eða enga þekkingu á og það veldur oft miklum misskilningi. Þess vegna m.a. eru trúarbrögðin svona mörg að viðbættum þeim aðstæðum sem fólk býr við.

13. kafli

Hugleiðingar um andaheim og ýmislegt annað

Þrátt fyrir virðingarverða viðleitni leikmanna og fræðimanna, að undanskyldum náttúrufræðingnum dr. Helga Pjeturss, við að finna tilurð drauga og fylgja hefur eftir sem áður lítið áunnist. Sjálfsagt vegna þess að þeir hafa ekki leitað fanga samkvæmt náttúrulögmálinu en leitað þess í stað að einhverjum grundvelli sem getur fallið inn í andaheimskeninguna og þar af leiðandi ekki getað komist hænuft með atferli vísinda. En sumir hverjir hafa eftir sem áður styrkst í þeirri vissu að fyrirburðafræði sé til þó þeir hafi ekki getað sannað það með staðreyndum.

Ég fullyrði það að á meðan leitað er fanga innan andaheimskeningarinnar þá komast menn hvorki aftur á bak né áfram því þar eru menn á villigötum. Þessar andaverur eru að sjálfsögðu til sem orkusveipur frá lífverum vegna hugsana þeirra til þessara staða sem þeir sjást. Eftir því sem hugsun þeirra er magnaðri, því þéttari verður orkusveipurinn.

Það gerist með þeim hætti að smám saman losnar hver efniseind af annarri af lífverunni og allar hreyfingar hennar verða hægari og hún fölnar meira og meira þar til að 50 prósent eða meira hefur tæst af lífverunni og lífhjúpurinn hefur myndað sig að hálfu leiti úr þeim efnivið sem þar er til staðar vegna þeirra eiginleika lífeindanna að gera efnið í sig. Þá fyrst flyst sálin frá fyrri líkama, sem þá er hjúpur einn og myndar síðan í fullkomna spegilmynd sína með því að þéttast enn meir þar til að sá fyrri hverfur af fyrri staðnum að fullu. Þarna liggur misskilningurinn á andaverukenningunni. Það segir okkur þá að þessar andaverur sem menn sjá, hvort sem það eru draugar eða einhver önnur fyrirbrigði, þá er það aðeins millistig til að flytjast á milli staða með hamförum.

Líkamar framliðinna hafa oftlega myndast á miðilsfundum. Gerðist sá einkennilegi fyrirburður nokkrum sinnum á miðilsfundi þar sem dr. L.R.G. Grandon, amerískur læknir, var sjónarvottur að í öll skiptin þegar fingraför náðust af þessum ákvedna framliðna manni. Það er óneitanlega sterk vísbending um raunverulega tilveru og nærveru einhvers manns. Þegar málið var kannað hjá fingrafarasérfræðingum kom í ljós að þetta voru fingraför mágs dr. Grandon.

Svipað fyrirbrigði er þekkt víða þar sem skynnæmt fólk afefnast af einum stað og efnast á öðrum stað og kallast það hamfarir. Til eru mörg dæmi um einstaklinga sem lenda í slíkum hamförum og flestir þeirra ráða ekkert við það, að þeirra sögn gerist það óvænt og gegn þeirra vilja. Í fáum til fellum ræður maðurinn hvenær það gerist og þá helst ráða því jógar eða gúrú.

Ein slík fræg saga er af kennslukonunni sem sást á tveimur stöðum í einu. Hún sást í efnislíkama eins og hún gengi um svífandi í garðinum fyrir utan barnaskólann þar sem þrjátíu skólabörn voru vitni af þessu atviki. Á sama tíma sást hún sitjandi við kennsluborðið fól gugginn og orkulítill. Ástæðan fyrir því að þetta gat gerst var að hugur hennar var svo magnaður af löngun til að vera úti í garðinum í góða veðrinu að þessi byrjunarmyndun af hamförum hófst.

Þegar lífveran nær að mynda sig á tveimur stöðum eða þegar sálin er sögð fara á flakk þá er líkami hennar sem efnismeiri er ráðandi því sálin er í honum og hinn er sálarlaus líkamshjúpur sem hefur spegilmyndað sig að fyrirmyndinni og er í beinum tengslum

við hana. Þetta gerist með upplýsingaflæði fyrir tilstilli lífeindanna þar sem sálin getur ekki skipt sér.

Tékkneskur vísindamaður frá Prag, František Kahuda að nafni hefur fundið ásamt aðstoðarmönnum sínum ögn sem þeir nefna mention. Þessi ögn fer hraðar en ljósið og hefur þá eiginleika að geta farið í gegnum hvaða efni sem er líkt og engin fyrirstaða sé til.

Í heimi skammtafræðinnar hefur komið í ljós að efniseind, t.d. nifteind eða róteind getur sem best verið samtímis á tveimur stöðum. Þegar til dæmis ljóseind er skotið að hálfspoglandi spegli, getur hún bæði farið í gegnum hann og endurkastast. Ljóseindin verður samkvæmt því samtímis á tveimur stöðum þar til ástand hennar er mælt. Fyrst þá neyðist hún til að velja. Nýlega hefur svo sannast að þetta gildir einnig um stærri sameindir. Nú hefur hinn heimsþekkti eðlisfræðingur sir Roger Penrose einsett sér að finna mörkin á milli heimsmyndar skammtafræðinnar og hinnar klassísku heimsmyndar.

Þessi eðlisfræðingar eiga erfitt með að skilja það að lykill eða köttur geti verið á tveimur stöðum þó að sameindir geti það. Það er ósköp eðlilegt á meðan þeir gera ráð fyrir að kötturinn eða lykillin geti tvöfaldað sig í eðlisþyngd sinni. En þannig gerist það ekki; efnið verður að leysast upp til að geta tvöfaldað sig eða flutt sig á milli staða með hamförum og þá með margfalt meiri hraða en ljóshraða.

Allmargir sem byggja þessa jörð þekkja mörg dæmi um að maður hafi verið á tveimur stöðum á sama tíma og einnig afefnast og endurefnast í einhverri fjarlægð frá fyrri stað oftast í stuttan tíma og stundum með fjölda sjónarvotta þegar það gerist. Þess vegna er óraunhæft að afneita því, frekar en draugum, vofum eða verum eða hvað sem við viljum kalla þessa orkuhjúpa, þar til að hold hefur myndast í spegilmynd fyrirmyndarinnar. Vofan er magnaður lífskraftur sem hefur myndað loftþrýsting af lífeindum í mynstruðu rúmmáli frá einstaklingi í einhverri fjarlægð og vegalengd, skiptir engu mál þó fjölda vetrarbrauta sé þar á milli.

Frægustu draugar sem eru í sögubókum þessa lands fóru með offorsi að húseignum og lögðust jafnvel á menn og skepnur. Draugagangur hefur einnig komið við sögu þar sem dauði hefur verið út af voðalegum verkum. Þá hefur verið talið að þessir framlíðnu menn séu með einhverjum hætti bundnir viðkomandi stað og komist hvergi. Það viðhorf er algengt og er rétt að því leyti að þessar ákveðnu dánur manneskjur vildu í raun ekki yfirgefa þessa jörð með dauða sínum og þessum voðalegum hætti. Þeir vilja gera sitt til að leiðrétta þann misskilning sem ríkti um það hvernig dauða þeirra bar að svo hugur þeirra frá framlífsjörðu er svo sterkur til jarðarinnar á þessar slóðir. Svo er hinn möguleikinn sá að framlífandinn geri sér ekki grein fyrir að hann hafi dáið og heldur þess vegna að hann hafi lent á þessum stað sem hann er á af einhverjum allt öðrum ástæðum en að dauða hans hafi borið að. Það er m.a. vegna þess að þessi framlífsmaður bæði sér og finnur að hann er með hold og blóð og hefur þyngd, þar af leiðandi geti hann ekki verið dauður. Þar sem hann hefur alltaf trúað því að dauður maður sé í andaheimi og það ruglar hann og tefur í framþróuninni þar sem hann hugsar svo mikið til heimaslóða sinna.

Margsannast hefur að sumt fólk er svo magnað að það hefur myndað hreyfilæti bæði óafvitandi og vitandi. Einnig eru dæmi þess að skip og mannverur hafi horfið af vettvangi og síðan myndast aftur á fyrri stað. Ef hinn skynnæmi maður sér einhverja veru holdi klædda án þess að aðrir sjái hana þá er um fjarsýni að ræða. Hann sér með

augum annars manns sem horfir á það sem sá fjarsýni Tellusbúi sér. Þetta nefnist sjónflutningur og er hliðstæð við aðrar sambandskynjanir.

Huldufólk og álfar er sambandskynjun, þeir búa ekki í hólum og klettum eða í blómum, þetta eru mannverur af holdi og blóði með eðlisþyngd eins og lifandi maður hér á jörðu, eins og hver skynnæmur maður sér, og tilvist þeirra er þess vegna á öðrum hnöttum. Þegar sjáandinn sér þessar verur eru þær lítið frábrugðnar okkur og sumpartinn að engu leyti og hóbýli þeirra eru breytileg eins og okkar. Og landslagið er eins raunverulegt og skynnæmi maðurinn sér það. Þess vegna eru hugmyndir andatrúarmanna óljósar og byggðar á örökstuddum hugmyndum.

Hugsum okkur sléttlendi þar sem víðsýnt er til allra átta nema einnar. Þar er feiknastórt klettabelti. Þar skammt frá er sýngjafinn staddur og horfir til klettanna góða stund, í þessum klettum eiga að vera hulduheimar. Nú breytist landslagið allt í einu fyrir augum hans, þar sem áður voru klettur er nú er nú víður dalur með fjöll til beggja handa og niðri í botni dalsins eru bæjarstæði og götutroðningar. Þar sér sýngjafinn fólk ganga um og fara inn í hús eða koma úr einhverjum húsum eða klífa fjallshlíðarnar.

Er ekki eitthvað óeðlilegt við þessa sýn þegar skyggni maðurinn sér huldufólkið ganga sem á jafnsléttu þar sem klettur er í okkar heimi og vera að klífa fjallshlíðar þar sem sléttlendi er hjá okkur? Sem sagt, huldufólkið gengur í gegnum klettana í okkar heimi og kemst þess í stað ekki í gegnum andrúmsloftið okkar sem oft kemur fram undir þessum kringumstöðum og þó ekki alltaf. Þarna er eitthvað sem ekki kemur heim og saman.

Það sem gerist í raun og veru er að þegar skynnæmur maður kemur inn á þetta orkusvæði sem huldufólkið hefur magnað upp, líklegast viljandi af einhverjum ástæðum og myndað þar lífeindamynstur sem gefur ófreskri manneskju sýnarsamband við heimilisborg eða bæi og landsvæði viðkomandi huldufólks sem búa á annarri plánetu.

Þetta gerist með líkum hætti og þegar hlutskyggn maður heldur á hring eða öðrum hlut sem einhver hefur borið lengi. Þá fær sá hlutskyggnni ýmsar upplýsingar frá hringnum um manninn sem átti þennan hlut. Þarna mun sennilega misskilningurinn liggja; þegar andatrúarmenn álíta að huldufólk búi í stokkum, hólum, steinum og klettum. En málið er að þeir búa á öðrum hnöttum og skynnæmir menn verða fyrir áhrifum eins konar hlutskyggnni þegar þeir horfa til eða nálgast þessa mögnuðu staði sem huldufólk á að búa á og ná þess vegna sambandi við þessa íbúa. Þegar hróflað er við þessum mögnuðu svæðum þá skerðist lífeindaorkumynstrið og við það skynsambandið við huldufólkið.

Um sjúklega skynjun og ýmislegt

Næst vil ég geta um eina grein sem nefnd er sjúkleg skynjun og á sér stað þegar maðurinn lendir í því sálarstríði að finnast hann vera önnur manneskja. Næstum alfarið er þessi manneskja sem sá sjúki finnst hann vera dáið fyrir löngu. Þessa tegund veiki nefna læknar geðklofa en nýalssinnar nefna það sambandsveiki. Annað líkt fyrirbæri er þegar einhverri persónu finnst hann hafa lifað áður hér á jörðu, þá er hann einnig í sambandi við aðra persónu og slíkt samband er ekki sjúklegt.

Sá sjúki festist í sambandi við einhvern sem hefur yfirgefið þessa jörð og jafnvel við framlífsmaneskjur í tugatali. Stundum hefur það komið fyrir að maðurinn hefur vaknað upp þannig veikir þar sem hann hefur ekki geta losnað frá draumgjafa sínum

og er því í áframhaldandi skynsambandi. Hann er þá í vökusambandi við einhvern stjórnubúa á sama hátt og miðlar eru í vökusambandi við stjórnendur sína að því undanteknu að góðir miðlar hafa stjórn á því.

Dáleiðsla

Það fer ekki á milli mála að allar lífverur tengjast hver við aðra í alheiminum, sem þýðir að lífvera á einum hnetti er í sambandi við aðrar lífverur á sama hnetti eða öðrum hnöttum með mismunandi miklu orkumagni og hefur þá mismunandi mikil áhrif eftir eðli og hugsun verunnar. Þar koma lífgeislinn og lífeindirnar altíð við sögu sem styrkir stoðir kenninga dr. Helga Pjeturss um að draumur eins sé ávallt upplifun annars. Stundum er draumgjafinn á þessum hnetti og einnig á öðrum hnöttum þar sem lífgeislinn og lífeindirnar eru undirstaða fyrir öfl sem kallast dulræn fyrirbæri og eru í raun samkvæm eðlislögmálinu og allar skynjanir sem vilja framleiða sig í öðrum heila nefnir dr. Helgi fleiðslulögmál.

Lögmál þetta felur í sér að hugsun, tilfinning og sjónskynjun frá einum heila leitast við að framleiða sig í öðrum heila, að skapa eigin skynjanir í meðvitund annars og samlagast honum að hluta. Þessu til skýringar má benda á frásögn á bls. 140 í Nýall.

Sú var ein tilraun enska eðlisfræðings Barretts að hann dáleiddi stúlkubarn. Hún fann ekki til svo séð yrði þó stungið væri í hana nál eða hleypt á rafstraum, nokkuð sterkum. Eigin skynjun hinnar dáleiddu virtist lítil sem engin. En þegar Barrett lét upp í sig salt þá sagði hún: „Nú eruð þér að setja salt upp í mig,“ og á sömu leið fór þegar Barrett lét upp í sig pipar, sinnep, o.s.frv. En dáleidda stúlkan virtist ekki verða vör við þó þessi bragðmiklu efni væru látin á hennar eigin tungu. Önnur tilraun Barretts var að bregða hendi í loga og brenna sig lítið eitt. Dáleidda stúlkan sneri baki í hann og var til enn frekari varúðar bundið fyrir augu hennar. Þegar Barrett kenndi sársaukans hrópaði telpan að hún hafi brennt sig á hendi og mátti sjá að hún fann til.

Samkvæmt framgreindu fer ekki á milli mála að dáleiðarinn er sambandsgjafi (þ.e. draumgjafi í vökuástandi) dáleiddu stúlkunnar.

Sálargöngin

Rannsóknir á sjúklingum sem hafa verið dæmdir læknisfræðilega dánir hafa oftlega þotið á milli vetrabrauta til heimkynna framlifenda sem þeim er líkust. Þá segir þessi veiki maður þegar læknunum tekst að snúa honum frá dauðans vegi, að hann hafi farið í gegnum göng áður en hann hitti framlifanda sem hann kannski þekkti. Slíkar sögur eru margar til.

Þetta fyrirbrigði tel ég að gerist með einföldum hætti. Hugsum okkur að við séum í lest og því hraðar sem lestin fer því styttra sýnist á milli stauranna sem eru við brautarteinana þar til lestin fer svo hratt að það er engu líkara en staurarnir séu samfeldir og þá virkar það á okkur eins og lestin sé að fara eftir göngum.

Þannig er það einnig þegar líforkan fer með ógnarhraða til stjarnheimkynna sinna, því hraðinn er svo mikill að loftstraumurinn sem hún fer í gegnum þegar hún fjarlægist jörðina sýnist vera eins og veggur í hringlaga göngum. En þetta gerist aðeins ef lítil starfsemi er djúpt í heilabúi sjúka mannsins þó að tækni mannsins mæli það ekki. Á meðan heilinn er starfhæfur til að skynja þá er maðurinn í raun ekki dáinn. Það sem gerist þá í raun og veru er að orkuhjúpur með lífeindum frá sjúka manninum fer af stað og sendir þær upplýsingar sem lífeindirnar hafa numið til sálarinnar með sama hætti og ljóseindin berst til augnanna og heilinn tekur á móti því sem sjónskynjun og hugskynjun með svipuðum hætti og um myndleif væri að ræða.

Stundum fer þessi orka ekki úr læknaströfunni og sér allt sem er að gerast þar og sú vitneskja er fengin með sama hætti og að framan greinir og samt ekki í öllum tilfellum. Sem fyrr greinir getur slík vitneskja einnig fengist með draumgjafasambandi. Þá er sá sjúki í draumgjafasambandi við einhvern af því fólki sem er í þessari læknaströfu. Það þýðir að sá sem er læknisfræðilega dáinn sér með augum einhvers manns sem er í þessari ákveðnu læknisströfu.

Líkamsfrystingar

Allmargir trúu því að ef þeir láta frysta dauðvona líkama sinn, þar til að læknavísindin hafa náð þeirri þekkingu að geta læknað viðkomandi líffæri sem var að leiða viðkomandi sjúkling til dauða, muni vera hægt að affrysta þann sjúka og geta um leið vakið hann til lífsins og gert við líffærið.

Samkvæmt öllu er maðurinn látinn ef hann gaddfrís í hel. Einn daginn birtist frétt í einu dagblaðanna hér í Reykjavík að kona eina bandarísk hafi verið ein í bifreið illa klædd í einu fylki Bandaríkjanna í hörkufrosti. Svo gerist það að vél bifreiðarinnar stöðvast og fer ekki aftur í gang. Konan vissi fyrst ekki hvað hún átti að gera en tók að lokum þá afdrífu ákvörðun að ganga að sveitabæ sem hún sá í nokkurri fjarlægð. Hún komst mjög nærri húsinu, en þar datt hún niður. Skömmu síðar var komið að henni gaddfreðinni. Það var hringt eftir sjúkrabíl og hann kom skömmu síðar.

Læknar tóku á móti henni og töldu hana dána og ákváðu að afþíða hana með hægum hita. Þá datt einum læknum í hug að kannski væri hún lifandi og myndi ná sér ef þeir affrystu hana eins snögglega og þeir hefðu möguleika til. Hinir lækarnir ætluðu ekki að ansa þessu. Þá sagði þessi eini eitthvað á þessa leið: „Hún er þá hvort sem er dáin ef við affrystum hana með hægum hita svo það gerir ekkert til að prufa þetta.“ Til að gera langa sögu stutta þá snöggþýddu þeir hana og þá gerðist undrið; hún vaknaði aftur til lífsins.

Það gerðist eitt árið að nokkrir vísindamenn fundu á Suðurheimskaütinu skordýr sem voru frosin í ísnum. Þeir tóku sig til og söguðu búið úr ísnum sem skordýrin voru í og snöggþýddu hvort tveggja og þá gerðist það ótrúlega að skordýrin lifnuðu við.

Margar sögur eru til af draumspökum mönnum og einnig gegnum miðla að dáíð fólk sem hefur verið kistulagt hafi meiri eða minni tengsl við sinn gamla líkama þar til hann hefur rotnað, og sumum þeirra finnst það mjög óþægilegt. En framlífsfólkið sem tekur á móti þessum framlíðnu mönnum hjálpar þeim að komast yfir það. Það kemur oftlega fyrir að þetta fólk sem hefur yfirgefið þessa jörð lætur einhvern vita á jörðinni ef eitthvað hefur farið úrskaiðis sambandi við líkkistuna eftir að búið er að grafa hana. Vil ég nefna hér eitt dæmi um frétt sem birtist í síðdegisblaðið Vísi þegar ég var um tvítugt.

Eftir jarðarför ömmu lítils drengs dreyndi hann í þrígang að hún kæmi til hans og sagði honum að henni liði ekki vel í kistunni og hann yrði að laga kistuna fyrir sig. Hann sagði mömmu sinni frá þessum draumum og bað hana í hvert sinn að koma með sér að gröfinni til að skoða hana. Hún ansaði þessu ekki fyrr en hana dreyndi litlu síðar svipaðan draum. Þá fóru þau bæði að gröfinni. Þá kom í ljós að það var djúp hola ofan í gröfinni. Hún fór fram á að kistan yrði grafin upp og það var gert. Þá kom í ljós að stór steinn hafði brotið gat á kistuna og lá ofan á líkinu.

Þessar sögur segja margt um það hvað sálin er tengd líkinu, hvort heldur sem það er að rotna eða er fryst. Það gefur til kynna að það gæti verið möguleiki að maður sem hefur legið frystur í einhver ár eða aldir vakni til lífsins við affrystingu eins og

skordýrin gerðu sem greint er frá hér að framan. Vegna þess að það er ekkert sem bendir til þess að líf einnar veru sé byggt á öðru lögmáli en líf annarrar lífveru þó að þær séu mismunandi flóknar að gerð. Þegar lífvera deyr myndar hún sér líkama á annarri plánetu þar sem henni leið best þegar hún var hér á jörðu. Þar sem þroskaferill skordýra er mun hægari en hjá mönnum má gera ráð fyrir að þau hafi ekki þroskast mikið á framlífsplánetu sinni þessar aldir á meðan frumlíkami þeirra lá frystur í ísnum.

Svo gerist það að frumlíkami þeirra var skyndilega affrystur. Þá kom í ljós að frumlíkami skordýranna hefur mun sterkara aðdráttarafl en framlífslíkami þeirra og sálin hverfur í þann gamla aftur. Sennilega vegna þess að það skiptir skordýrin engu máli á hvorum staðnum þau eru þar sem framlífsþnöttur þeirra er trúlega hvorki betri né verri til að lifa á og þar að auki hafa þessi skordýr ekki gert sér grein fyrir þessum breytingum.

Af framangreindum ástæðum á maðurinn, undir flestum kringum stæðum, mun auðveldara með að auka við visku sína og þroska í framlífinu og fá þar fagran, hraustan líkama og að verða andlega hressari samkvæmt eðli sínum.

Þess vegna er það mjög ólíklegt að framlífandinn vilji yfirgefa þennan betri heim og flytjast til gömlu jarðarinnar í sinn veika líkama ef frumkraftur frumlíkamans, sem frystur er, vill draga sálina til sín til baka. Það verður þá vilji framlífandans sem stjórnar því, ef vefir frysta líkamans hafa ekki skemmst, sem er mjög líklegt á þessu stigi tækninnar. Nema ef svo vill til að á þessari framlífsjörðu sé til staðar svo illræn orka sem illhugsandi framlífsábúendur hafa skapað í aldaradur, að viðkomandi maður komist ekki þaðan burtu nema með hjálp þeirra framlífsmanna sem eru komnir vel í lífstefnuátt, eins og hefur komið fram á sumum miðilsfundum.

14. kafli

Hefur hugsanaflutningur áhrif á lífið?

Oft verður maður var við þann hugsunarhátt að guðs vegir séu órannsakanlegir, sérstaklega þegar dauðann ber að, þá er engu líkara en það sé sjálfsagt að bendla guði við óhugnanlega atburði.

Getur það verið rétt ályktað að guð sé svo hugsandi að hann telji heppilegt á vissum stundum að skapa þau skilyrði hjá manneskjunni að valda henni ómældri sorg sem verður oftlega til þess að maðurinn missi alla trú á guð? Æði oft hefur komið fyrir að trúað fólk hefur misst móðinn og sagt að lokum eftir mikið þolgæði og innstu sannfæringu: „Ef guð er til þá, er hann vondur.“ Það hefur því miður oft komið fyrir, eftir að þetta fólk missti trúna á guð, að það hafi leiðst til óheillvænlegra verka sem draga dilk á eftir sér.

Er þá ekki líklegt að atburðarrás alls lífs byggist á orsökum og afleiðingum? Að tvö öfl berjist um heimsyfirráðin; lífsstefnan og helstefnan? Þá er það okkar að velja og hafna og oftlega veljum við ranglega vegna þekkingarleysis. Það kemur einnig fyrir að við veljum vísvitandi rangt og þá er ekki von á góðu. En því miður ráðum við stundum ekkert við atburðarrásina og lendum í hræðilegri klípu og jafnvel dauða vegna vonsku annarra. Stundum og alls ekki alltaf, er það vegna þess að við tókum ranga afstöðu fyrir löngu síðan og sáum ekki fyrir afleiðingarnar. Einnig kemur það oftlega fyrir að við hætum skyndilega við að fara með einhverju farartæki sem varð okkur til lífs því aðrir farþegar fórust með því. Þá komum við að því sem þessi grein á að fjalla um, það er hugsana-, tilfinninga- og sjónflutningur.

Hugsanaflutningur er sambandsskynjun á milli manna á þessum hnetti sem vísindamenn hafa nú þegar viðurkennt sem raunveruleika. En ég veit ekki til þess að þeir viðurkenni slík sambönd vísindalega á milli hnatta, því síður tilfinninga- eða sjónsambönd, þar sem þeir viðurkenna ekki slíkt á milli lífvera hér á jörðu.

En slík sambönd eru algeng, sérlega í draumasamböndum við draumgjafa. Það þýðir að ástand eins heila getur framleitt sig í öðrum heila. Dreymandanum finnst hann sjá og framkvæma það sem annar upplifir, þ.e. draumgjafinn.

Þessu til staðfestingar vil ég nefna eitt draumasamband sem einn vinnufélagi minn í Slippstöðinni á Akureyri sagði mér frá þegar hann kom í vinnuna og var mjög undrandi yfir draumnum. Hann sagði mér að hann hefði lagt sig eftir matinn í stutta stund. Konan hans var ekki heima. Hann vissi að hún var hjá vinkonu sinni. Ég segi frá upplifun hans í draumi eftir minni og því ekki orðrétt.

Eftir skamma stund sofnaði hann og dreymdi að hann sæti við eldhúsbord á móti konunni sinni og þau voru að tala um að hún ætti að kaupa sér bíl og skyndilega slær hún í borðið og segir: „Nei, ég kaup þér heldur mótórhjól.“ Við þetta vaknar hann. Skömmu seinna kom konan hans heim og sagði hann henni drauminn. Hún var fyrst stóreygd af undrun og sagði: „Það var einmitt þetta sem ég og vinkona mín vorum að tala um og eftir að við höfðum talað um kaup á bíl þá barði ég í borðið og sagðist kaupa mótórhjól og þar að auki hló ég.“

Það sem gerðist þarna var að vinkona eiginkonunnar var draumgjafi eiginmannsins vinnufélaga míns. Heili hans framleiddi sig í heila vinkonunnar. Hann sá konu sína með augum vinkonunnar og upplifði þess vegna allt það sem gerðist í eldhúsinu.

Lífgeislinn og lífeindirnar unnu þarna sitt verk eins og ávallt þegar skynjanir eru á milli lífvera og þarna komu við sögu hugsana-, tilfinninga- og sjónflutningur. Svo vil ég nefna hér annað dæmi af skynnæmi þar sem lífeindirnar sameinuðust ljóseindum efnisins sem gáfu viðföngum upplýsingar um efnið þegar það heppnaðist. Þannig var að vísindamenn voru að gera tilraunir á viðföngum sem hafa þennan hæfileika sem nefnist skynnæmi og öðrum viðföngum sem töldu að skynnæmi væri ekki til, þá komu óvæntar niðurstöður í ljós.

Fjórir gosar voru lagðir á hvolf fyrir framan viðföngin og þeim sagt að giska á hvar ákveðinn gosi lægi. Þessi tilraun var endurtekin þó nokkrum sinnum. Síðan var talið hversu oft hvert viðfang giskaði rétt á. Þeir sem skynnæmir voru giskuðu oftast rétt á hvar þetta ákveðna spilið lá og fóru þar að auki upp fyrir þá tölu sem reiknisfræðilega séð var mögulegt að gera. En þau viðföng sem ekki voru skynnæmi hittu mikið sjaldnar á rétt spil, nokkrir þeirra giskuðu svo sjaldan á hvar þetta ákveðna spil var að það var reiknisfræðilega séð ómögulegt að giska svo vitlaust á.

Það kom sem sagt í ljós að þau viðföng sem voru neikvæð um skynnæmi drógu frekar rangar ályktanir. Í bókinni Nýall eftir dr. Helga Pjeturss er sagt frá rússneskum manni sem tekist hefur að leiða orku sem mannsheilinn gefur frá sé eftir koparþræði og safna á yfirborð pappírblaðs og síðan leitaðist það við að framleiða sig í örum heila samsvarandi útstreymi sínu. Liðnir eru áratugir síðan maður þessi, dr. Naumi Kotit gerði þessa tilraun.

Eftir að Kirlian uppgötvaði með ljósmyndataekni sinni blikað umhverfis lífveruna þá fyrst kom veruleg hreyfing á hjá austurlenskum vísindamönnum að kanna þessi fyrirbæri. Þar á meðal hjá tékkneskum vísindamönnum í Prag sem fundu efni sem þeir nefna mention. Dr. František Kahuda telur að þessi efnisögn geti verið undirstaða þess sem kallast sálræn fyrirbæri. Rússnesk stjórnvöld virðast vera mun áhugasamari um þessa grein vísinda en stjórnvöld vestrænna ríkja.

Í tímaritinu Lífgeislar (39 tbl. 8 árgangur, 1982, bls. 115) skrifar Ævar Jóhannesson að Rússar hafa sjálfir sett fram þá kenningu að umhverfis lífandi vefi sé orkusvið sem þeir nefna bioplasma-svið og sé það samansett úr orkusveipum sem menn hafa ekki enn náð að greina. Tilgáta þeirra er að bioplasma-svið sé þannig eins konar mynstur rafeinda þegar Kirlian-myndatökur eru notaðar og kemur þannig tiltölulega nákvæm eftirlíking af bioplasma-sviðinu fram á filmunni. Fyrri hluti orðsins ‚bio‘ merkir líf. ‚Plasma‘ merkir eiginlega fjórða ástand efnis og fjallar verulegur hluti nútíma eðlisfræði um það. Efnið getur verið fast, fljótandi og loftkennt en einnig í þessu svonefnda ‚plasmaástandi‘. Plasmaástand efnis næst hins vegar ekki nema við mikinn hita og í því ástandi hafa efni allt aðra eiginleika en í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Kenning Sovétmanna er eiginlega sú að hluti atóma í lífandi vef sé í þessu ‚plasma-ástandi‘ og gefi svo frá sér útgeislun þá sem fram kemur í Kirlians-myndum. Samkvæmt þessari tilgátu er ekkert dulrænt við þessi fyrirbæri.

Samkvæmt framangreindu hefur þessi orka aðra tíðni en það sem er viðurkennt í dag. En hún gefur frá sér ljósorku sem hefur sömu eða líkar eigindir og ljóseindir. Þessi orka er lífgeislinn með lífeindunum sem raða sér í mynstur eftir sálarlegu og líkamlegu ástandi lífverunnar, eins og blikað umhverfir hana gefur til kynna við Kirlians-ljósmyndun.

Samkvæmt framangreindu erum við að meira eða minna leyti í skynjunarsambandi í vökulífi, vitandi eða óafvitandi, hvort sem við viljum það eða ei og það er því áriðandi

fyrir alla að lifa sem heilbrigðustu lífi og reyna að hafa kærleikann að leiðarljósi á sem flestum sviðum.

Uppeldi, viðhorf og sektarkennd hefur gríðarlega mikil áhrif á líf okkar og þess vegna er mikilvægt að vinna rétt úr því sem við höfum. Eftir því sem við erum í betra jafnvægi þess betur leysum við úr okkar vanda. En eftir sem áður erum við í skynjunarsambandi við jarðarbúa og lífverur á öðrum hnöttum en það erum við sem tókum ákvörðunina undir flestum kringumstæðum og þó koma upp tilfallandi aðstæður sem við ráðum ekki við.

Því jákvæðari og kærleiksríkari sem við erum dags daglega, því sterkari verða tengslin við góð öfl. Því neikvæðari sem við erum og veljum dimmu leiðina, þeim mun sterkari verða tengslin við slæmu öflin. En það góða við lífið er að við höfum frjálsa hugsun og höfum rétt á að velja og hafna þó ýmis atvik geti komið upp okkur til gleði eða illis án þess að við höfum nokkur ráð þar um.

15. kafli

Sálfarir er röng nafngift: Lífhjúpareiki

Dáleiðsla og miðilssambönd ásamt öðrum skyggningáfum byggjast á sama lögmálinu sem eru lífsambönd og verða vegna íleiðslulögmálsins, þ.e. samstilling, mögnun frá samstilltum verum.

Sálfarir (sem er röng nafngift, ætti að vera lífhjúpareiki), verður til við það að lífeindirnar samstillast í hóp og mynda orkuhjúp sem þéttist eftir aðstæðum þar til hún getur myndað sálarlausan líkama í spegilmynd sinni. Eins og áður er getið er það síðasta stigið til að flytjast á milli staða með hamförum.

Ég leyfi mér að vísa í grein í tímaritinu Gangler frá 1980, eftir Reynor D. Johnson og greinin nefnist ‚Að fara úr líkamanum‘. Þar segir frá manni sem var foringi í einni af véladeildum breska hersins. Þar segir hann:

Þann 3. ágúst árið 1944 varð bifreiðin sem ég var í fyrir skoti frá Þjóðverjum og sprakk hún í loft upp. Sprengingin var svo öflug að hún þeytti mér yfir tveggja metra hátt limgerði og kastaði mér sjö metra frá bílnum. Fötin loguðu og fosforinn loddði við hörundið og hélt áfram að brenna það. Ég var mjög hræddur og hélt jafnvel að ég væri kominn til heljar. En þá varð ég fyrir reynslu sem ég tel mjög óvenjulega.

Ég fann að ég var tvær persónur: Önnur lá á jörðinni þar sem ég hafði lent eftir sprenginguna, fötin loguðu og hún iðaði öll, æpti og stundi af sársauka. Ég fann að ég gaf þessi hljóð frá mér jafnframt því sem mér fannst þau koma frá einhverri annarri persónu. Hinn hlutinn af mér sveif í loftinu í um það bil þriggja metra hæð frá jörðu og þaðan sá ég ekki aðeins þann hlutann af mér sem lá á jörðin, heldur einnig limgerðið, veginn og bílinn sem logaði glatt. Ég man að ég sagði mjög greinilega við sjálfan mig: „Snúðu þér við og slökktu eldinn,“ og það gerði líkaminn minn sem lá á jörðinni. Hann valt undir limgerðið og þar var svolítill pollur. Eldurinn slokknaði og á þeirri stundu varð ég aftur ein persóna.

Vegna óljósra skýringa um það hvort þarna sé um að ræða sálfarir (sem ég nefni uppsafnað orkumynstur lífeinda, líforkureiki) eða venjulegt draumgjafasamband í vökulífi, það er skynjunarsamband við aðra persónu sem sá atburðinn frá öðru sjónarhóli en foringinn, ég ætla ekki að taka afstöðu um hvort það sé heldur aðeins fylgja foringjanum eftir eins og hann segir söguna.

Samkvæmt því fór foringinn sálförum, sem er í raun samstilltur lífeindahópur sem safnast hefur saman og myndað orkuhjúp sem er alltaf í föstum tengslum við foringjann. Þessi orkuhjúpur safnar til sín upplýsingum frá umhverfinu sem hann nemur og sendir til baka ásamt upplýsingum um foringjann liggjandi æpandi á jörðinni.

En oft þéttist slíkur orkuhjúpur eftir aðstæðum þar til tekist hefur að mynda sálarlausan líkama sem er spegilmynd fyrirmyndarinnar. Þessi orkuhjúpur er frá byrjun í föstum tengslum við fyrirmyndina. Þá vantar aðeins herslumuninn til að flytjast á milli staða með hamförum. En það tekst ekki fyrr en sálarlausí líkaminn

hefur fengið yfir 50% af líkamsefni fyrirmyndarinnar, þá fyrst flyst sálin yfir í þann líkama og aðeins þá en ekki fyrr er rétt að tala um ‚líforkureiki‘. Að síðustu ætla ég að nefna aðra raunasögu þar sem lífeinda-orkuhjúpur kemur greinilega við sögu.

Það gerðist eitt árið hér á landi á síðustu öld, að lítil flugvél með tveim mönnum innanborðs týndist uppi á öræfum og vegna þess vissu engir um afdrif þeirra. Þá kom fram skyggn kona sem sagðist hafa séð flugvélinu uppi á öræfum og tvo menn þar hjá, sem síðar kom í ljós að var rétt.

Á þessum slysstað var útilokað að nokkur lifandi vera hafi getað verið nema þessir fyrrgreindu menn. Þess vegna er ekki möguleiki að þarna hafi verið einhver þriðji maður til staðar sem sá þessa tvo menn og hafi getað verið sambandsgjafi skyggnu konunnar.

Hvernig gat þá þessi skynnæma kona séð flugvélinu og þessa tvo menn á slysastaðnum? Annar að tveim möguleikum er sá að á öðrum hnetti hafi orðið samskonar slys og hin íslenska skynnæma kona hafi séð það með augum sýngjafa að því slysi með hjálp fullkonnari veru sem vildi aðstoða þessa hjálparlausu menn en mér finnst hún ósennileg í þessu tilfalli. Hinn möguleikinn er öllu sennilegri að mínu viti og er á þessa leið:

Skyggna konan hefur fengið þessar upplýsingar frá líforkuhjúpunum sem nefnist ‚líforkureyki‘ sem hún myndaði með hugarástandi sínu, skammt frá þessum slysstað uppi á öræfum, sem sendi henni upplýsingar af því sem lífeindirnar námu, þ.e. um umhverfið, flugvélinu og það sem var þýðingarmest; tvær lifandi manneskjur.

Það hafa allir rétt á að nota sín hæfileika, þar á meðal teljast allar tegundir skynnæmi, ef maðurinn notar þá af skynsemi og með réttu hugarfari, þess vegna er okkur gefnir þeir. En því miður falla einstakir menn í þá freistni að reyna að blekkja fólk af margvíslegum ástæðum.

Væri ekki æskilegra fyrir vísindamenn að reyna að leita sér fanga um stjörnulíffræði eftir raunhæfum leiðum, það er að segja með þeirri aðferðafræði sem hér er bent á en ekki leita fyrir sér eftir andatrúarheimspekinni því með þeirri aðferðafræði er engin leið að komast að vitrænni lausn um þessi undrafyrirbæri, eins og alltaf er sagt þegar ranglega er talað um stjörnulíffræðina.

16. kafli

Endurfæðing

Trú manna í langa tíð hefur verið að endurfæðing eigi sér stað. Hún byggist m.a. á þeirri staðreynd að til er fólk sem hefur þá hæfileika geta lýst æviskeiði einstakra látinna manna með svo mikilli nákvæmni að undrun sætir þar sem vitað er að þetta skynnæma fólk hefði ekki getað fengið þessar upplýsingar eftir þeim leiðum sem vísindamenn viðurkenna í dag. Flestir sem hafa þessa hæfileika telja víst að þeir hafi lifað hér áður, jafnvel mörg tímaskeið.

Þeir sem aðhyllast hringrásarkenninguna telja tilganginn vera að bæta fyrir fyrra líferni og þroska sig á þann hátt. En það er ekki nægilegt að líta í austur og sjá sólina koma upp, eftir því er ekki annað hægt að sjá og skilja en að sólin snúist um jörðina. Nú vita menn betur og einnig að ekki er allt sem sýnist.

Það er vitað að allar lifandi frumur gefa frá sér útgeislun sem nefnist lífgeisli. Þegar tvær frumur sameinast myndast bruni og vinna og við það margfaldast lífgeislinn og það sama gerist um getnaðarfrumurnar. Hver sáðfruma og hver eggfruma hefur orkuhjúp í og umhverfis sig sem varpar frá sé geisla. Þar af leiðandi hefur hver fruma sál þó ófullkomin, sé annars væri hún ekki lifandi. Við frjóvgun sameinast þessar tvær frumur og móta erfðaeiginleikar þessara tveggja frumna fóstrið og við það magnast lífgeislinn.

Þegar eggíð skiptir sér í 2, 4 og 8 hluta o.s.frv. þá myndast bruni, sama sem vinna. Við það magnast orkan margfalt og verður sál einstakra frumna en aukaorkan sem myndast við brunann sameinast öllum frumunum og verður heildarsál frumubúntsins. Öll samskipti á milli fruma verða með tengingu umframorkunnar. Hún er í raun ófullkomin sameiningarsál frumanna á meðan fóstrið er ófullkomið. Þannig þroskast, stækkar og fullkonnast sálin með fóstroinu og síðan barninu.

Um það bil á tveimur fyrstu vikunum er fóstrið að móta sig í þá mynd sem það tók á milljón árum að þróast. Með öðrum orðum, fyrst er þetta blóðkeppur síðan tekur barnsfóstrið á sig alls konar dýramyndir sem maðurinn þróaðist upp úr, áður en mannsmynd kom á það.

Talið er að það séu 400 þúsund egg í eggjakerfi konunnar og það losni um 300 til 400 egg á frjósemistímabili konunnar. Talið er að 300 til 400 milljónir frjóa keppi um hvert egg. Það er því tilviljanakennt hvaða frymi hittir eggíð. Hver fruma hefur 46 litninga nema frjó og egg sem hafa 23 litninga hvert. Þegar þau sameinast verður litningafjöldinn 46, það táknar að nýtt fóstur hefur myndast sem hefur erfðaeiginleika sem ekkert annað barn hefur haft áður. Vegna þess að barnið fær þá eitthvað af þeim erfðaeiginleikum sem foreldrarir hafa og forfeður og er því nýtt líf og ekki endurtekið líf.

Litlu karlfrumurnar eru léttari, fara hraðar og lifa skemur en kvenfrumurnar sem eru þyngri, fara hægar og lifa lengur. Þess vitneskja gerir foreldrum mögulegt að ráða hvort kynið barnið verður með því að mynda getnað á réttum tíma.

Vísindamenn vita að hugsanaflutningur er staðareynd og sumir þeirra telja sennilegt að tilfinningaflutningur eigi sér einnig stað og vitna þá í eineggja tvíbura þegar A er veikur í órafjarlægð frá B og B hefur ekki verið sagt frá því og samt fær B sömu verkina og A þó ekkert sé að B. Samanber þegar annar þeirra fékk botnlangabólgu og

hinn bróðirinn fékk sömu verki þar til búið var að taka botnlangann úr veika bróðurnum, þá hurfu verkirnir samtímis hjá hinum bróðurnum.

Þannig er það með þær manneskjur sem telja sig hafa lifað áður; þær fá með hugsana- og tilfinningasambandi og stundum einnig með sjónsambandi samband við einhvern sem hefur dáið fyrir löngu síðan og oft án vilja skynnæma mannsins, þess vegna finnst honum hann hafa verið þessi ákveðni maður í fyrra lífi.

17. kafli

Sambandssýn

Ég vil segja frá merkilegri reynslu sem ég varð fyrir þann 9. mars, 1979. Það byrjaði þannig að vinnufélagi minn í Slippstöðinni á Akureyri, Þorsteinn Konráðsson, varð fyrir þeirri óheppni að bifreið hans var stolið um miðnætti þann 27.-28. mars.

Á fimmtudagsmorgni kl. 9.30 voru vinnufélaga mínir og ég að ræða um þjófnaðinn þegar einn þeirra segir við mig: „Þorbjörn, þú ættir að nota hæfileika þína og reyna að finna bifreiðina með hugtengslum eða álíka samböndum.“ Ég vissi að þessi maður sagði þetta frekar af hæðni en að hann meinti þetta þar sem hann hafði litla sem enga trú á slíkum samböndum. Svo ég svaraði því til að slíka hæfileika hefði ég ekki og skömmu seinna fórum við til vinnu. Ég gaf mér þó tóm til að hugsa um þessa bifreið á þann hátt að ég spurði hljóðlaust sjálfan mig hvar bifreiðin væri.

Það leið ekki á löngu þar til mér birtist skyndilega óvænt nýtt landslag, mjög ólíkt umhverfinu sem ég var í. Fjall var á vinstri hönd við mig þvert yfir Eyjafjörðinn með gróðurlitlum hlíðum og snjór sást þar ekki. En á þessum tíma var snjór um allt Norðurland. Við endann á fjallinu sem var næst mér tók vatnið við eða kannski var það fjörður, sem var fyrir ofan og aftan mig. En lítið lengra fyrir framan mig tók við víðáttumikill dalur þvert í gegnum Vaðlaheiðina. En skammt fyrir framan mig á hægri hönd var bifreið rétt við vatnið. Hún var rauð á litinn og tegundin var Ford Cortina. Einnig sá ég merki vinstra megin að aftan, þar stóð ÍS og það er sama lýsing og á þeirri bifreið sem stolið var af vinnufélagi mínum. Mér fannst ég vera í nokkurri hæð eins og áður getur og leit ég því niður og skáhalt aftan á bifreiðina og mikið lengra náði sjóndeildarhringur minn ekki.

Eftir skamma hríð hvarf sýnin og þá skynjaði ég rödd sem sagði „Skorradalur,“ síðan kom, „Nei, skora í dal norðaustur við Eyjafjörð,“ og síðan var Skarðsvík alltaf að koma öðru hvoru, að lokum var sagt að bifreiðin hafi farið útaf veginum og orðið fyrir skemmdum og ekki miklum. Klukkan 10.30 fyrir hádegi talaði ég við vinnufélaga minn sem átti stolnu bifreiðina og sagði honum frá ofangreindri skynjun og bætti við að ef eitthvað væri að marka þetta þá væri bifreiðin í norðaustur frá Akureyri og við Eyjafjörðinn í einhverri skoru í dal.

Um klukkan 12 á hádegi fannst bifreiðin í vegarkanti í mjóum dal sem nefnist Dalsmynni, sem er við Eyjafjörð, norðaustan frá Akureyri. Dalur þessi, sem er líkari gili, gengur í gegnum Vaðlaheiði frá Eyjafirði yfir í Fnjóskadal. Við athugun kom í ljós að bifreiðin hafði ekki skemmst að framan og ekki er vitað til að henni hafi verið ekið út af. En þó voru skemmdir á henni að aftanverðu og drifið hafði brotnað.

Það er athyglisvert hve sambandssýnin var ólík dalnum sem bifreiðin fannst á og að sambandsmiðlunin (röddin sem ég heyrði), sem sagði mér réttilega hvar bifreiðin var staðsett, stóðst ekki við sambandssýnina. Ég ætla mér ekki að koma með einhverja ályktun um það þar sem ástæðurnar gætu verið margar.

18. kafli

Lífgeisli mansins

Maðurinn er líkami og sál eða orka sem er í raun líforkan og lífgeislinn streymir frá henni í allar áttir í samræmi við persónuleika hennar og mest frá oddmjóum hlutum hennar, þar á meðal frá höndum og fingrum. Lífgeislinn er í raun þessi andi sem talað er um í biblíunni. Áran er einn hluti af lífgeislanum og lífeindirnar annar hluti af honum sem hefur þann eiginleika að bera með sér ytri og innri gerð verunnar, líkamann og sálina.

Allar tegundir lífvera hafa þessi orkustreymi með breytilegum litum eftir þýðingu og gerð verunnar sem er ytri og innri hluti hennar. Allt efni hefur í sér liti, ef vöntun er á lit þá veikist veran. Það eru tvö ólík orkustreymi sem hver vera gefur frá sér; það er hitaorka sem líkaminn framleiðir við efnahvörf og líforkan sem er í raun lífið sjálft. Ef hún væri ekki til staðar væri ekkert líf til.

Það eru innbyggðir lykjar í lífeindum hvernar lífveru í samræmi við persónuleika og þroska hennar sem geyma upplýsingar um hana og til mótöku við aðstreymi lífafla sem aðrar lífverur gefa frá sér. Þá skiptir ekki máli hver vegalengdin er, hún getur komið einhvers staðar frá óendaleika veraldar því hraði þessarar orku er miklu meiri en ljóshraðinn. Hluti af þessari orku er ‚prana‘ sem svo er nefnt í austrænni heimspeki og hleður loftið af magnandi geislum.

Lífgeislinn sem streymir frá lífverunni og svarar til hennar sjálfrar hefur því mismunandi upplýsingaflóð að gefa eftir gerð, þroska, innræti og skilningi. Það eru skynnemar í hverri lífveru sem skynja þessa geislun. Líforkan tekur á móti innsæinu, sem eru aðsendar upplýsingar. Í þessari orku eru lífeindir, eins og að framan greinir en því miður eru skynnemar hjá sumum lífverum margra hluta vegna ekki tiltækir til að skila þessum boðum til heilans. Þeir sem eru næmastir fyrir aðsendum lífgeislun eru svokallaðir ‚dulrænir‘ menn.

Það er algengur útbreiddur misskilningur að þessir dulrænu menn hafi einhverja náðargáfu frá guði og séu útvaldir. Það er ekki þannig, frekar en aðrir hæfileikar sem menn hafa fengið í vöggugjöf eða af áunnum ástæðum. Það sem ræður úrslitum er arfleidd, uppeldi, áskapaðir eiginleikar, áunnir eiginleikar, umhverfisþættir, sjúkdómar og aðsendar upplýsingar.

En hvað sem þessu líður er mögulegt með réttum aðferðum, þjálfun, einbeitni og trú á sjálfan sig að ná með þrautseigju jafnvel ótrúlegum árangri í skynnæmni. Við höfum öll þessa eiginleika til að bera og hver einstaklingur getur bætt við sig slíkum eiginleikum ef trúin og viljinn er fyrir hendi. Guð vill að hver einstaklingur þroski sína eiginleika, auki skynsemi sína og visku sem mest. Það er því mikilvægt að maðurinn magni næmni sína fyrir lífsneistanum sem hann þarfnast.

Hér kem ég með tvö dæmi um það hvernig við skynjum aðsenda lífgeislun með sínu upplýsingaflóði í miklu meiri mæli en margur gerir sér grein fyrir:

Dæmi 1: Þú horfir á einhvern hlut í dágóða stund, lokar augunum og þá sérðu móta fyrir hlutum. Þetta kallast myndleif, þ.e. leifin af myndinni eða hlutum sem þú varst að horfa á. Þá bregður stundum

svo við að þú sérð útgeislun hlutarins sem þú sást ekki með opin augun. Þetta má útskýra á eftirfarandi hátt:

Þegar þú hefur augun opin sérðu hlutinn með hjálp sérstakra nema í miðgróf augnanna sem nefnast keilur og nema liti. Þarna er sjónskerpan mest og taugaboðin koma fyrst þaðan.

Þegar þú hins vegar lokar augunum skynjar þú boð annarra nema sem nefnast stafir og eru 500 sinnum næmari á ljósmagn. Lítið er af þeim í miðgrófinni, en þeir aukast því meir sem utar dregur. Keilurnar sjá liti og stafirnir í svart/hvítu.

En í björtu berst upplýsingaflóð eftir taugaboðum frá keilunum sem eru í svo miklu magni að lítið sem ekkert frá tauganemum stafanna kemst til skila. En þegar viðkomandi lokar augunum kemur í ljós dulinn eiginleiki stafanna sem hefur í sér geymdir. Þegar allt er myrkvað umhverfis er ekkert sem truflar, þá geta stafirnir fyrst sent boðin sem þeir námu í gegnum taugaendana. Í sumum tilfellum sérðu útgeislun hlutarins þegar augun eru lokað þó þú hafir ekki séð þau í björtu. Ástæðurnar eru að stafirnir námu það í birtunni og komu því ekki til skila þar sem keilurnar yfirgnæfðu stafina svo þær komust ekki að til að skila upplýsingum gegnum taugafrumurnar. Í taugafrumum eru griplur og gripluhólar sem hafa áhrif á þennan boðflutning því þær geta haft hamlandi og virkandi áhrif. Myndleif gerist þá vegna þess að stafirnir hafa hæfileika til geymdar, baksviðið er svart, keilurnar óstarfhæfar og taugafrumurnar í miðgrófinni eiga þá fyrst möguleika á að boðfleyta þeim upplýsingum sem stafirnir hafa numið um útgeislun hluta hlutarins.

Er þá ekki líklegt að griplurnar og gripluhólarnir sem hafa áhrif á boðflutninginn sé ein af mörgum ástæðan fyrir skilunum sem er á milli skynnæmu og minna skynnæmu lífveranna? Nú er fundin skýringin á því af hverju draugar sjást miklu sjaldnar í birtu þó að þeir séu að sjálfsögðu jafn oft á ferðinni í björtu sem í myrkri. Draugar eru að sjálfsögðu vanmáttug tilraun einhverra lífvera til að mynda nýjan líkama úr orkuhjúpnum (hamfarir).

Dæmi 2: Bandarískir vísindamenn gerðu tilraunir. Maður (A) er inni í lokaðu herbergi ásamt vísindamönnum með ýmis konar mælitæki tengd við sig. Í öðru herbergi er annar maður (B) ásamt öðrum vísindamönnum. B er með pott fyrir framan sig. Í honum eru uppvaðir miðar með nöfnum sem valin voru af handahófi úr símaskránni. Hann er með bundið fyrir augun og í hvert sinn sem B dregur miða sem A þekkir ekkert til verður engin breyting á mælunum og í hvert skipti sem hann dregur nöfn sem A þekkir til verður breyting á mælunum. Maður A gerði sér samt ekki grein fyrir hvaða nöfn voru dregin þó mælarnir hreyfðust.

Þetta sýnir hæfileika mannsins til að nema skynnæm boð þó þau komist ekki greinilega til skila til heilans. Hér eru dæmi um hugboð á sínu fyrsta stigi. Þessi hæfileiki er mun víðtækari á milli manna en almenningur gerir sér grein fyrir því skynnemarnir skynja

upplýsingarnar og þær komast ekki til skila svo heilinn getur ekki lesið úr lyklunum og yfirfært yfir á íslensku. Margir skynja ýmislegt og átta sig ekki á því að það sé að gerast í raun. Venjulega er þetta vegna þjálfunarleysis. Einnig spila þar inn í sálarlegar orsakir og ýmis konar sjúkdómar. Allmargir vilja afneita allri skynnæmni af ýmsum ástæðum.

Það er einn grundvöllur sem nauðsynlegt er að vita og það er að ekki má ganga út frá því sem vísu að allar upplýsingar sem fást með innsæinu séu réttar. Þetta gildir hvor sem viðtakandinn er vitgrannur eða vel gefinn, miðill, jógi eða gúru. Því þekking þeirra og skilningur er ekki takmarkalaus ef undirstöðuatriðin eru ekki nægileg fyrir þeim upplýsingum sem þessir aðila nema. En oftlega skynjar maðurinn strax það sem innsæið flytur án samtengingar visku og rökhyggju. Hæfni mannsins til að taka við hugboðum er í réttu samhengi við það mynstur sem er komið á í dýpri sviðum hugans og það má kalla það heimildalykla. Sumir hafa meiri hæfileika en aðrir.

19. kafli

Nudd

Allir sem vilja tileinka sér nudd þurfa að leggja allan hug sinn og hjarta svo að kærleikurinn náí að streyma til nuddþegans, eins og hæfileikar hans geta gefið honum. Nuddarangurinn mun alltaf tengjast hugsuninni, næmni, trausti og sameiningu aðila til hvor annars. Ef nuddarinn er með hugann annars staðar en við starfið minnkar orkan hjá honum og batinn er ekki eins í sjónmáli. Aðeins með því að hugsa með góðum hug til nuddþega getur kærleikurinn sem hefur lifandi kraft hjálpað með ómælanlegum árangri.

Til að geta náð því að vera heildrænn nuddari, sá hin sami er þá einnig heilari, verður hann að vera viss um að lífgeislun berist á milli lífvera og eigi í sér þann kraft sem þarf til að hjálpa nuddþeganum. Allir heildrænir nuddarar vita um þessa orku og margir nuddþegar finna fyrir henni; það veitir þeim meiri unað og flýtir fyrir bata.

Það er lífsneisti sem flyst yfir til nuddþega og skynjarar hans taka á móti. Í sumum tilfellum fer þessi orka ekki lengra en að nemum hans þar sem ekki hefur tekist að boðflytja orkuna til heilans. En í öðrum tilfellum fer geislinn dýpra og nuddþegi nýtur strokunnar betur og batinn kemur fyrir. En í öðrum tilfellum ná lífgeislarnir að snerta sálarlíf viðkomandi nuddþega og hann nær oftlega fyrir bata vegna þessa, bæði líkamlega og sálarlega. Stundum kemur fyrir að nuddþeganum finnist að nuddarinn sé að nudda skinnið að innanverðu og verður undrandi á þessum skynhrifum. Þegar svo er komið hefur nuddarinn náð svo góðum tókum í starfinu að hann hefur náð heildrænu nuddi sem er ræktun á meðvitund hans. Nudd er heilbrigðisgrein sem vinnur á velferðarsjúkdómum, streitu og líkamlegum afleiðingum hennar og gefur mannum andlega næringu. Þegar nuddarinn nær sambandi við lífræna orkustrauma og sálarástand mannsins verður nuddið að andlegri listgrein og hann fer í djúpa slökun og nokkurs konar hugleiðsluástand og hann finnur tilfinningatengsl við nuddþega og einmitt vegna þess nuddar heildræni nuddarinn ósjálfrátt sjálfan sig í leiðinni. Þetta kallast heildrænt nudd.

20. kafli

Raddir úr geimnum

Árið 1973 las ég grein í sænska vikublaðinu Hemmets Journal sem mér þótti mjög athyglisverð. Hún er um mann sem hefur lagt það fyrir sig að taka upp á segulbandsspólur raddir frá þeim framliðnu. Friedrich Jürgenson er nafn hans og hann býr í Mölnbo skammt frá Södertelja í Svíþjóð. Hann er fuglaunnandi og naut þess að fá sér fjallgöngur og hafa segulsbandstækið meðferðis til að fá inn á bandspólurnar fuglasöng.

Það var í einni slíkri ferð sem raddir komu óvænt inn á bandið hjá honum. Fyrst þótti honum þetta ótrúlegt og taldi að einhver hefði verið nærstaddur þegar upptakan var. Hann gerði margar tilraunir eftir þetta og var að lokum þess fullviss að framliðnir menn töluðu inn á bandið.

Þegar ofangreint blað kom út hafði Jürgenson 400 bandspólur með röddum frá þeim dónu sem hann hafði tekið upp. Hann telur þessar rannsóknir vera svo umfangsmiklar að hann orki ekki lengur að vinna að þessu einn vegna anna. Persónulega er hann andvígur miðlum þar sem hann telur að þeir fari ekki alltaf rétt með að þeir geti verið undir áhrifum annarra, meðvitað og ómeðvitað. Hann segir: „Ég hef tekið tæknina mér til hjálpar og henni má treysta.“

Oft hefur upptakan farið fram í nærveru vitna og gott eftirlit haft með að svikum væri ekki viðkomið. Árið 1963 komu fréttamenn víða að til Mölnbo að beiðni Jürgenson til að vera viðstaddir upptöku frá framliðnum. „Trúlega þykir mér að þeir hafi einnig komið til að geta sannað á hann svik en enginn þeirra skrifaði á þá leið.“

Jürgenson segist hafa þekkt veröld framliðinna í 15 ár og um hana segir hann á þessa leið: „Þegar maður deyr sefur maður og dreymir oft leiðinlega drauma. Þegar hann vaknar gengur hann oft um og telur víst að hann sé lifandi og hafi aldrei dáíð. Þeir dónu eiga mjög oft erfitt með að skilja að þeir séu dánir. Kannski vegna þess að þeir þekkja ekki þann himinn sem þeir hafa dreymt og óskað eftir. Lífið þar er hrein spegilveröld af vorri eigin veröld og samt miklu betri. Sjúkir menn vakna upp eftir dauðann sem frískir og það gerir þá ölvaða af gleði. Þeir eta eins og við en ekki kjöt og fisk þar sem þeir meta og bera mikla virðingu fyrir öllu því sem lifir. Ein af þeim skyldum sem þeir verða að framkvæma er að taka á móti og vekja upp þá dauðu.“

Fyrir 14 árum kom rödd inn á segulbandspólu sem sagðist heita Hitler og kvaðst ekki vera það illmenni sem hann var hér á jörðinni. Sem eitt dæmi um það kvaðst hann umgangast gyðinga mikið núorðið og þeir hafi fyrirgefið sér fullkomlega.

Nú beinist hugur Jürgenson að því takmarki sem hann hefur dreymt lengi, það er að byggja hús á Ítalíu búnu fullkonnustum rannsóknartækjum sem völ er á til að rannsaka lífið eftir dauðann. Einnig skal hvíldarheimili vera þar svo mögulegt sé að njóta sólar, baða, lista og ótæmandi grænmetis og ávaxta. Allir vísindamenn eiga að vera þar velkomnir.

Í bókinni ‚Er líf eftir dauðann?‘ eftir Nils O. Jacobson er minnst á tilraunir Jürgenson og það er ár síðan að getið er um að hann hafi náð sífellt nýjum boðskap á segulbönd. Árið 1964 gaf hann út bók um þetta mál, ‚Rösterna frá rymden‘ sem vakti athygli margra. Tæknifræðingar voru viðstaddir og rannsökuðu upptökurnar og voru ekki sammála um uppruna þeirra. Þessi árangur freistaði annarra, þar á meðal Konstantin

Rauðive sem búsettur er í Þýskalandi og er frá Eystrasaltslöndunum. Hann gaf út bók 1968 sem nefnist „Unhörbares wird hörbar“ (Hið óheyranlega verður heyranlegt). Þetta mikla rit greinir frá 72.000 sannanlegum raddfyrirbærum, segir Jacobson.

Vel heppnuð upptaka gerist með þrennu móti, að sögn Jacobson:

1: Við borð sitja nokkrar manneskjur og tala saman. Á borðinu er hljóðnemi sem tengdur er segulbandstæki. Fólkið talar rólega saman, gerir oft málhvöld og beinir jafnvel spurningum að öndunum sem hugsanlega eru nálægir. Í málhvöldum koma fram á segulbandinu raddir sem gera sínar athugasemdir við samtöl fólksins og svara spurningum þess.

2: Segulbandstæki er tengt útvarpstæki og leitað er að rétttri bylgjulengd sem gefur jafnan klišú eða þyt. Þegar hlustað er síðan á segulbandið heyrast raddir gegnum klišúinn.

3: Notaður er hljóðnemi segulbandstækisins í stað útvarpsins og nálægt hátalara þess er komið fyrir hljóðnema, þá heyrast raddirnar koma frá hátalaranum. Rauðive heyrði ekkert skiljanlegt fyrir en eftir þrjá mánuði.

Ég tel að það komi nokkuð greinilega fram að Jürgenson hafi þann skilning á lífinu eftir dauðann að framhaldslífið eftir jarðneskan dauða sé af holdi og blóði og þá á jarðstjörnu, eins og fram kemur í kenningu dr. Helga Pjeturss. Jürgenson álitur að lífið eftir dauðann sé miklu betra en það sem er hér á jörðu. „Því miður er það ekki alveg rétt hjá honum. Það eru til miklu verri staðir og hryllingslegri í framhaldslífinu en vor jörð er. Það fer eftir því er hvernig við lifðum lífinu hér á jörðinni. Það fer einkana eftir því hvers konar lífi við lifum hér á jörðu þar sem lífgeisli hvers og eins beinist á þann stað sem honum er líkastur í framlífinu.“

Einnig telur Jürgenson að það sé ekki treystandi að byggja á því sem miðlar segja þar sem þeir verða fyrir áhrifum annarra, meðvitað eða ómeðvitað. „Þetta mun vera rétt hjá honum vegna þess að setjararnir og aðrir fundargestir hafa mikið að segja í þessum efnum á öllum miðilsfundum, svo koma einhvers konar truflanir á milli miðils og sambandsveranna að handan. Þá hafa utanaðkomandi öfl ekki síður áhrif á þá hvort heldur sem það er jákvæðir eða neikvæðir straumar sem eru í umheiminum. Ef setjararnir hafa myndað sér einhverja ákveðna skoðun sem kannski er röng þá getur oft verið erfitt fyrir miðilinn að koma því rétta fram. Oft er æskilegt að vera opin og hlutlaus í hugsun á meðan miðilsfundur stendur yfir.“

Nils O. Jacobson minnst á hér að framan að andar séu nálægir. „Ég leyfi mér hiklaust að segja að þeir sem álíta að framhaldslífið sé einhvers konar andaveröld fara með rangt mál. Svipir sem oft sjást umhverfis fólk og áberandi mikið á miðilsfundum gerir það að verkum að flestir aðhyllast andatrúna vegna rangra athuganna á þessum fyrirbærum. Þarna er lífgeislinn sem ber lífeindirnar að verki, hann streymir frá þeim framliðnu sem eru að reyna að koma fram í líkamsformi hér á jörðu en tekst misjafnlega vel og það hefur komið fyrir m.a. á miðilsfundum að mögnunin hafi orðið það mikil að líkhamur hefur myndast af holdi og blóði sem síðan leysist upp í gufukennt efni og það kallast hamfarir á sama hátt og hlutir afefnast og koma fram á örðum stað.“

21. kafli

Framlíf á öðrum hnöttum

Um aldaraðir hefur leyndardómsfull hula hvílt yfir draumaheiminum og mannkynið hefur ekki gert sér grein fyrir hvernig draumurinn er tilkominn. Hugmyndir hafa komið fram frá spekingum og leikmönnum en engin vissa.

Meðal annars lagði prófessor Sigmund Freud mikla vinnu í að rannsaka draumaheiminn. Að lokum taldi hann sig hafa ráðið gátuna og varð heimsfrægur. Aðaluppistaðan í kenningu hans er að maðurinn veiti sér í draumi það sem hann þráir og getur ekki veitt sér í vöku. Kenningar hans um drauma eru ekki svo fjarri kenningum dr. Helga Pjeturss um stillilögmálið í einstökum tilfellum því maðurinn getur stillt sig inn á einstaka drauma sem honum eru hugljúfir í vöku og hefur mikla löngun til að geta framkvæmt og það er langt í frá að það sé fullnaðar ráðning á draumum. Þar sem stillilögmálið er oftast komið frá einhverjum öðrum einstaklingi eða fjölda manns og venjulega ókunnugum.

Þekkingarskortur manna á þessu sviði gerði það að verkum að þeir tóku skoðanir Freuds sem góðar og gildar. En um líkt leyti var annar maður að rannsaka draumaheiminn, það var maður frá Íslandi, dr. Helgi Pjeturss. Hann byggði kenningar sínar á lögmáli náttúrufræðinnar og sýnir fram á að stjörnulíffræðin kemur þar mikið við sögu.

Í bókinni Nýall, á bls. 230 skrifar hann. „Sannindi þessi sem endi mun gera á allri dulstefnu og dulrænu hef ég fundið með samskonar hugarstarfi, greiningu og tengingu hugmynda og athugana sem varð til þess að finna að bergtegund sem framúrskarandi jarðfræðingar sem höfðu talið eldfjallamóberg er jökulmyndun sumt og brotaberg annað. Hin vísindalega aðferð er í aðalatriðum hin sama hvað sem rannsakað er og afrek manna í vísindum verða mest undir því komið hversu þeim gengur að bera saman og finna hvað er líkt og hvað er ólíkt.“

Í fyrstunni reyndist tilgáta hans um drauma ófullnægjandi þar til honum kom í hug að draumar væru kannski sambandsástand. Að myndir gætu flust frá heila til annars heila á sama máta og hugsunarflutningur. Eftir fjölmörg ár varð honum ljóst að þessi skýring stæðist fullkomlega. Samfara því fann hann draumgjafann sem lifir atburði draumsins og oftast er hann á annarri stjörnu en þó ekki alltaf.

Samkvæmt kenningunni verða draumarnir til vegna hugsana- og sjónflutnings á milli draumgjafans og dreymandans, í sumum tilfellum myndast einnig tilfinningasamband þar á milli, sérlega þegar dreymandinn fær martröð.

Þegar dreymandinn sér t.d. landslag, fjöll, vötn, hús, menn og dýr vera að framkvæma eitthvað þá er draumgjafinn að upplifa það sem dreymandinn sér og gerir. Hann lifir þess vegna í draumi annars manns lífi draumgjafans. Og stundum kemur það einnig fyrir að draumgjafinn er einhver dýrategund. Það kom fyrir einn íslenskan vinnufélaga minn þegar ég bjó í borginni Malmö í Svíþjóð. Draumur hans var á þessa leið:

„Mér fannst ég vera hundur í draumi mínum og var svo móðgaður vegna þess að fólk var alltaf að segja mér að lyfta fæti og heilsa sér, mér fannst þetta vera fyrir neðan virðingu mína.“

Við þetta vaknaði hann. Ég ætla að taka það fram að þessi vinnufélagi minn var sérlega á móti því að leyfa hundahald í borgum en honum var vel við hunda eftir sem

áður. Hann taldi að það færi ekki vel um hunda í stórborgum og vitnaði í þennan draum því til staðfestingar.

Margir vísindamenn sem hafa lagt rækt við að rannsaka draumaheiminn hafa í öllum tilfellum, eftir því sem ég best veit, dregið þá ályktum að draumar séu tilkomnir vegna hugsunar og ímyndunarafls viðkomandi manns. Er það ekki hugsanlegt að það sé ástæðan fyrir því að ekkert hefur gengið að komast sem næst sannindum um hvað draumur er. Við skulum athuga það nánar hvort draumar geti í raun verið ímyndunarafl dreymandans eins og margir vísindamenn telja sem hafa lagt rækt við þessi mál.

Við byrjum á því að hugsa okkur hlut, t.d. eldspýtustokk, skoðum hann í huganum og látum ímyndunina ráða. Þá kemur í ljós að við sjáum hann ekki eins skýran eins og við séum að horfa á raunverulegan eldspýtustokk.

Það ber ekki á öðru en að heilastarfsemin nái ekki að framkalla eins skýra mynd í huganum eins og þegar horft er á hlutinn með berum augum. Þá er ekki átt við þegar maður horfir á einhvern hlut og leggur hann síðan frá sér og lokar augunum og sér myndina af hlutnum í myndleif.

Nú breytum við til og göngum um stofugólfið, þá finnum við hvernig fæturnir fara hvor fram fyrir annan og hvernig við sveiflum handleggjum og gerum okkur fyllilega grein fyrir að við erum að ganga þar sem tilfinningar okkar fyrir því orsakast af hreyfingum þessum. Síðan setjumst við niður og hugsum okkur að við séum að ganga um gólf þá kemur í ljós að við höfum ekki líkt því eins sterka tilfinningu fyrir því eins og þegar við framkvæmdum gönguna. Eftir þessa athugun kemur greinlega fram að hugsa sér eða ímynda sér eitthvað atvik er ekki eins skýrt og áþreifanlegt eins og að framkvæma það.

Við gerum eina tilraun enn og fáum beina aðstoð frá einum félagi okkar. Þessi tilraun er ekki á meðfæri allra án æfinga. Það er bundið tryggilega fyrir augu hans og hann látin snúa baki að félögum sínum. Síðan tekur þú upp einhvern hlut, lítur á hann augnablik og færir hann síðan aftur fyrir bak þitt og hugsar um hlutinn. Eftir vissan tíma segir sá sem er með bundið fyrir augun hvaða hlut þú heldur á í hendinni og hann sér þá hlutinn á sama hátt og þú sérð hann í huganum. Þetta hugarsamband er hugsanaflutningur. Að þessu loknu tekurðu annan hlut, skoðar hann gaumgæfilega og einbeitir þér að honum og veltir honum við á alla kanta. Eftir vissan tíma bregður svo við að sá sem er með bundið fyrir augun sér hlutinn eins greinilega eins og hann væri að horfa á hlutinn sjálfur. Þetta er sjónflutningur, hann sér með augum þess sem heldur á og horfir á hlutinn.

Samkvæmt þessu er mun líklegra að sofandi maður sé í sambandi við draumgjafa þegar hann dreymir og að ímyndunarafl sofandi manns sé þar að verki. Við getum athugað það nánar með því að bera saman það sem að framan greinir við það sem kemur hér á eftir.

Í Nýall, bls. 304 vitnar dr. Helgi Pjeturss í draum sem bendir ótvírætt til tilfinninga-, hugar- og sjónflutnings. „Einn snemma morguns er forstjóri dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Julius Frederik Schiött, nafnkunnur maður, staddur hjá búi hvítabjarnarins og ber þá svo illa til að björninn bítur hann í fingurinn. En á sömu stundu dreymir einn af bestu vinum Schiött, G. Pauli að hvítabjörn í dýragarðinum bítu hann. Pauli lifði í draumi það sem Schiött lifði í vöku. Schiött var þarna draumgjafinn og kann það hafa stafað nokkuð af því að Pauli hafi verið mjög undir áhrifum þessa fjörmikla vinar síns. Menn undrast mjög slíkar draumasögur og þá grunar ekki að

inngeslun frá öðrum líkama er einmitt eðli draumsins. Það er ekki draumur fyrr en samband er við meðvitund annars. Ef menn æfa sig nógu vel þá má læra að athuga glögglega hvernig annarleg meðvitund fer að gera vart við sig þegar maðurinn syfjar. Fyrst koma myndir líkt og skuggamyndir því litirnir koma ekki fyrr en seinna og sá sem er að sofna veit ekki hvað þessar myndir þýða. Síðan þegar maðurinn er sofnaður skilgreinir hann þessar myndir eftir sínu hugafari, gerir úr þeim tómar missýningar og heldur að hann sé að dreyma það sem honum er kunnugt í vöku. En verði sambandið við draumgjafann fullkomnara þá sést að hann dreymir vanalega það sem honum er alókunnugt um í vöku og hann hefur aldrei hugsað um. Hann lifir meir eða minna í svefni, aflagað þar sem einhver annar lifir í vöku.“

Eftir þessa athugun og samanburð getum við áætlað með rökum að þegar maðurinn dreymir þá sér hann eitthvað og til að geta séð þarf atvik. Ef við berum þetta einnig saman við radíó- og sjónvarpsútsendingar og mótöku þá sést hvað það á mikið í raun sameiginlegt við draumasambönd og ætti því þá ekki að vera eins óskiljanlegt og áður. Útsendingarnar frá radíó- og sjónvarpstöðvum fara eftir ákveðnum bylgjum til móttökutækisins og hvað sem endurvarpstöðin er í góðu lagi næst ekki góð móttaka ef móttökutækið er í ólagi. Það sama gerist með drauma, þá er mjög líklegt að allar hugsanir og allar sýnir dreymandans varpist frá draumgjafa eftir ákveðnum bylgjum með samsvarandi hætti og útvarps- og sjónvarpsútsendingar til móttökutækis.

Það er sennilegt að martröð sé oftast skýrasti draumurinn þar sem dreymandinn lifir atvik draumgjafans svo raunverulega að stundum finnst honum hann vera reyrdur niður í rúmið eða hann hafi þungt farg ofan á sér. Þegar svo stendur á fyrir dreymanda þá hefur hann náð svo sterku sambandi við draumgjafa að dreymandinn fær allar tilfinningar og verður að þola þær hörmungar sem draumgjafinn verður fyrir. Svipað dæmi höfum við í vökulífi þar sem sambandið er svona sterkt. Þá á ég við þegar eineggja tvíbura sem oftast hafa mikið tilfinningarsamband til hvors annars. Þá á ég við að þegar annar tvíburinn veikist og þarfnast uppskurðar til að ná heilsu sinni aftur er algengt að hinn tvíburinn fái verki af sama sjúkdómi á sama tíma þó ekkert finnist að honum við lækni skoðun. Þetta gerist jafnvel þó að veiki tvíburinn sé í órafjarlægð frá hinum og sá hin sami viti ekkert um raunverulega sjúkdóms bróður síns. En þegar uppskurðurinn er afstaðinn og sjúklingurinn frískur hverfa verkirnir samtímis hjá hinum bróðurnum.

Samkvæmt kenningunni hefur draumamaðurinn oftast samband við lífið á öðrum stjörnum og á jörðinni Tellus. Þessi draumasambönd eru ekki síður við framlífsjarðir eins og framlífsjarðir. Á öðrum framlífsjörðum þurfa menn eins og hér á jörðu að berjast við ýmsa erfiðleika. Sumir eru komir skammt á veg í þróuninni og aðrar hafa yfirunnið marga þá erfiðleika sem jarðarbúar hafa ekki enn náð að ráða við vegna vanþekkingar.

Það er ekki síður mismunandi líf á framlífsjörðum, það fer eftir manngildi fólksins og hvernig lífernir þeir lifðu á framlífsjörðu sinni því hver lífvera fer eftir jarðneskan dauða á þann stað sem honum er líkastur.

Oftlega hefur sofandi maður samband við draumgjafa á framlífsjörð þar sem sólin skín látlaust á sum svæði hnattarins þar sem snúningur um mündulinn er enginn og sama hliðin á jarðstjörnunni snýr alltaf að sólu. Þá eru til staðir á beltum umhverfis slíka hnetti þar sem kvöldroði eða morgunroði eru sífellt á himinhvolfinu. Þá eru einnig til staðir þar sem myrkur hvílir yfir öllu og þar er slæmt að vera og sums staðar svo slæmt að með ólíkindum er.

Allt líf á vorri jörð yfirgefur hana með dauða sínum og sá dauði er ekkert annað en flutningur á milli staða og skilur eftir sig líkamsleifar sínar. Þar sem jarðneskur dauði er flutningur yfir á aðra stjörnu til þeirra staða sem honum er líkastur að flestu leyti. Þar mun hann fá líkama sem honum hæfir af holdi og blóði og útilit sem hans innræti segir til um og myndar sinn líkama samkvæmt sinni líforku og úr nýjum jarðefnum og þeim lífskröftum sem þar eru fyrir hendi (á viðkomandi jarðstjörnu).

Slíkt hefur einnig gerst hér á jörðu er líkhamur myndast á miðilsfundum. Þá er sameiningin svo mikil hjá setjurunum (valdir menn umhverfis miðilinn), að lífskrafturinn magnast sem sameinast framliðna manningnum sem er að reyna að mynda sig hjá fundargestum.

Það er þessi kraftur sem bindur tvíburanna sterkari böndum eftir því sem þeir eiga meira sameiginlegt sem og öðrum systkinum ásamt þeim sem líkir er og sameiginlegt eiga.

Nú vil ég koma hér að merkilegum draumi er mig dreymdi aðfaranótt 7. nóvember, 1975. Hann er eftirtektaverður fyrir það að draumgjafinn var að kveðja frumlífsjörð sína og fluttist síðan yfir á aðra stjörnu. Vegna þekkingar hans kom honum ekki á óvart hvað tók við. Einnig gefur þessi draumur sitt hvað til kynna um þróun dýranna í framhaldslífinu.

„Í draumnum lá ég rúmliggjandi fárveikur og við hlið mína sat systir mín, sem ég sá þegar ég vaknaði upp af draumnum að var ekki lík minni raunverulegu systur. Hún fylgdist með líðan minni með því að fara höndum um líkama minn og segir síðan: „Þú ert dofinn í bakinu og tel ég að þú eigir stutt eftir.“ „Ég veit það,“ svaraði ég vegna þess að ég er allur að dofna upp, mér þótti það allt í lagi og sjálfsagt. Skömmu seinna veit ég ekkert af mér þar sem ég hafði skilið við minn gamla líkama á þeim tímapunkti. Næst þegar ég vissi af mér lá ég á grasigrónu engi þar sem hálf rökkvað var, blæjalogn og hlýtt. Litlu síðar reis ég upp og sá að umhverfi mitt var grasi gróið engi svo langt sem augað eygði. Ég kannaðist ekkert við mig eins og vænta mátti og áttaði mig strax á því að ég var dáinn jarðneskum dauða og fluttur yfir á framlífshnött. „En skrýtið, þetta er alveg eins og ég hef hugsað mér það.“ Meira minnst ég ekki fyrr en ég er kominn á annan stað þar sem sól var á björtum himni og ég sá umhverfis mig fámennan hóp af fólki af báðum kynjum. Þetta fólk hafði skilið við á undan mér og virtist ekki vita hvað beið þeirra en það var þögult og værd hvíldi yfir þeim.

Ég horfi á fólkið skamma stund og segi við það: „Það gæti vel verið að einhver komi sem reyni að glepja fyrir okkur og við megum ekki láta það hafa áhrif á okkur.“ Síðan finnst mér ég vera kominn svolítið afsíðis frá þessu fólki og tek þá fyrst eftir landslaginu sem var með hólum, hæðum og töluvert af trjám. Skömmu síðar koma til mín í litlum hóp einhvers kona skriðdýr og öll nokkuð stór um einn metri á hæð og þær líktust helst skjaldbököm. Eitt af þessum dýrum náði sambandi við mig með hugsanaflutningi og sagði: „Þú átt eftir að lenda í einhverju basli.“ Skildist mér þá að þessir erfiðleikar yrðu þesslegir að ég yrði sendur á verri stað. Þótti mér það svolítið undarlegt þar sem ég taldi mig ekki það slæman mann og fannst það

þó vera allt í lagi þar sem ég vissi að ég yrði ekki vera þar lengi. Gekk ég síðan til fólksins og sagði þeim þessi skilaboð sem ég hafði fengið.“

Samkvæmt framgreindu er ekki óraunhæft að draga þá ályktun að framhaldslífið haldi áfram á annarri jarðstjörnu eins og kenningar dr. Helga Pjeturss segja til um. Og framhaldslífið er þá fyrirhugað sem vegurinn til lífsstefnunnar, að vera sem guði líkastur. Til að það geti orðið verður skilningur manna að þroskast með því. Óeining og stríð er vegurinn til helstefnunnar þar sem allt það illa ræður ríkjum.

Eftir sem áður vil ég einnig draga þá ályktun og tel næsta víst, þar sem ég er nokkuð draumspakur maður, að þessi framgreindi draumur sé viðvörunardraumur um það að líf mitt verði ekki dans á rósum. Í dag get ég sagt að svo hafi einmitt orðið og sem betur fer er skapgerð mín nákvæmleg þannig eins og draumgjafi minn svaraði skjaldbökkunni, mér fannst það vera allt í lagi þar sem ég vissi að það muni bara vera betra í næsta skipti. Ég er með þeim ósköpum gerður að trúí því alltaf að dagurinn á morgunn verði til muna betri. Þess vegna trúí ég því fastlega að það sem ég er að reyna að koma á framfæri núna síðustu fjögur árin, frá og með árinu 2001, muni á endanum ganga upp.

Stefna hvers einstaklings hér á jörðu beinir lífgeislun hans til þeirra stjarna sem honum er skyldastur og til þeirra manna sem honum er líkastur og þar mun hann fá nýjan líkhama. Þess vegna getur hann samkvæmt lífernri sínu hér á jörðu farið á margfalt verri stað en hann gæti ímyndað sér.

Trúarbrögðin hafa til orðið vegna lífssambandsins, m.a. vegna þess að eðli mannsins er að vilja vita ýmislegt viskunnar vegna og æðri verur leitast því við að auka þekkingu þessara manna með þeim hætti sem þeim var mögulegt. Þessar fullkomnu verur höfðu því samband við þær persónur sem voru skynnæmastar. En því miður voru sumir kannski ekki alltaf með þeim fróðustu sem á jörðinni bjuggu, þá er mjög auðvelt að misskilja margt af því sem reynt var að koma til skila og einnig vegna þess að skilyrði til sambandsskynjunar hefur einhverra hluta vegna ekki verið eins og best var á kosið.

Það leiddi til að ótrúlega margir spámenn komu með mismunandi hugmyndafræði eftir sínum skilningi þó kannski megi álíta að einhverjir þeirra hafi vísvitandi hagrætt sambandsskynjun sér til hagsbóta eða vegna skipana annarra. Og landfræðilegar aðstæður höfðu einnig áhrif á trúarhugmyndirnar.

Öll skynnæmi byggjast á sama lögmálinu og draumarnir að því leyti að það er tilkomið úr vökulífi annars manns og að mínu viti einnig vegna sambands við orkuhjúpinn sem viðkomandi hefur myndað undir vissum kringumstæðum. Veruleikann sáu þeir samkvæmt draumgjafanum og í sumum tilfellum frá orkuhjúpnum. Eins og t.d. sýnin og spádómurinn um tortímingu jarðlífsins. Það var ekki jörðin sem spámaðurinn sá tortímast, þá værum við ekki hér í dag. Það sem hann sá var önnur jarðstjarna sem tortímdist. Sýnin hefur líklegast verið fyrirboði að okkar jörð færi sömu leið ef við fylgjum þeirri illu stefnu að láta óeiningu og stríð ráða ríkjum.

Spádómsmenn koma fram og spádómar verða til samkvæmt framgreindum kenningum vegna lífssambandsins og fyrirboðar eins og draumasambönd eru oftlega og munu koma fram ef engar ráðstafanir verða gerðar til að fyrirbyggja þær. Sumir rætast ekki vegna þessa að túlkun þeirra hefur verið misskilin af ýmsum ástæðum,

m.a. að sambandsskilyrðin hafa ekki verið í besta lagi. Einnig vegna þess að atburðarrásin hefur óvænt breyst af einhverjum ástæðum í það horf að spádómurinn rættist ekki.

Málið er að spádómur er raun ekkert annað en líkingareikningur sem nefna má spádómsfrumur mannsins sem upphaflega raðast samkvæmt erfðarefnum og síðar samkvæmt því hvernig hann vinnur úr sínum málum. Því til staðfestingar getur hver og einn unglingur, ef áhugi er fyrir hendi, teiknað á blað allar þær línur sem eru í lófa unglingsins og geymir síðan blaðið í þó nokkur ár þá mun hann sjá að sumar og kannski flestar línurnar hafa breyst að meira eða minna leyti. Þess vegna eru spádómar ekki það sem koma skal heldur það sem mun koma ef ekkert verður annað að gert.

Spámenn heyra raddir og sjá sýnir, t.d. Anton Johanson, finnskur bóndi og fiskimaður frá Lebesby. Hann vissi fyrir um Titanic-slysið. Hann heyrði rödd sem sagði: „Stórt skip sem heitir Titanic mun farast í fyrstu ferð sinni vestur yfir hafið. Hann sér jötunstórt eimskip rekast á ísjaka, heyrði ógurlegan brest og jafnframt verður hann gagntekin af angist.“ Sýn þessi rættist síðar í apríl 1912 (Sannýall, bls. 5).

Það sem Anton sá var nútíð á annarri stjörnu og framtíð hér á jörðu og birtist þessi sýn honum í vökudraumi til viðvörunar um þetta ógæfusama slys. Ef skilningur hans hefði verið meiri þá hefði hann reynt að vara viðkomendur við ef hann hefði gert ráð fyrir að slík ráðlegging hefði áhrif, þá hefði kannski verið hægt að koma í veg fyrir slysið eins og margar aðrar slíkar viðvaranir hefðu gert ef skynsemin væri fyrir hendi annars vegar til að skilja slíkar viðvaranir. Slíkar upplýsingar sem maðurinn fær með skynnæmi sinni er ekki að segja okkur að þetta eigi að koma fyrir, miklu heldur viðvörun til jarðarbúa.

Allar líkur benda því til að fullkomnar framlífsverur viti fyrir um atburði sem gerast hér á jörðu og ef þeir eru óheillvænlegir þá vilja þeir reyna að koma í veg fyrir það með því að reyna að beina skynnæma manninum inn á ákveðnar brautir og það gengur oft misjafnlega. Stillsambandið er þá ófullnægjandi vegna heilaástands móttakandans í það sinni eða þvermóðska og trúin á því að slysið eigi að koma fyrir.

Líforkan er mismunandi mikil hjá hverjum einstaklingi og sumir hafa geta miðlað henni og notað til lækninga eða annarra kraftverka. Þetta orð er oft notað yfir atvik sem talið er óskýranlegt og mæli á móti lögmáli náttúrunnar og er því af sumum talin vera tómur söguburður og skáldskapur. En það segja aðeins þeir sem ekki hafa rannsakað lífskraftinn.

Hann sem var svo greinilegur hjá Jesú Kristi með sínum lækningum og öðrum kraftaverkunum sem hann gerði. En sagan segir að hann hafi lítið getað gert í sínum heimahögum og var það mjög eðlilegt. Hann var í þeirra augum einungis sonur Jósefs smíðs og hafði þess vegna fáa áhangendur þar. Það þarf traust ákveðins hóps manna sem miðlar lífskraftinum til hans og magnar hann upp og við þessa mögnun stillist hann inn á sterkt samband við æðri verur. Í goðafraeðinni eru margar góðar lýsingar á lífinu eftir dauðann og baráttu goðanna við illa vætti. Meðal annars kom goðinn Þór mikið við sögu og hans megingjarðir sem gáfu honum þennan mikla kraft. Að álit margra telja þeir að átt við sérstakt belti sem hann spennti um sig miðjan. En svo var aldeilis ekki, það var lífgeislinn sem Óðinn og aðrir goðar sendu honum svo hann magnaðist upp og gat gert ótrúlegustu hluti.

Samkvæmt mínum athugunum þá tel ég allar líkur til þess að draumgjafi þurfi ekki alltaf að koma við sögu hjá sofanda þegar honum finnst hann ekki vera gerandi í sínum draumum, aðeins áhorfandi þar sem þriðji aðilinn er ekki til staðar, þá kemur ekki annað til greina og að lífeindahjúpurinn þjóni þessu sama hlutverki og draumgjafinn gerir almennt í sambandsskynjunum.

Ég vitna í hugmyndafræði mína um lífeindahjúpinn í kafla í þessari bók sem ég nefni „Sálfarir er röng nafngift“. Skyggna konan hefur með einhverjum hætti myndað lífeindaorkuhjúp skammt frá týndu flugvélinni uppi á öræfum og lífeindirnar senda henni upplýsingar sem þær námu umhverfis flugvélinu og það þýðingamesta sem var tvær lifandi manneskjur.

Ég dreg þá ályktun að hugmynd mín um orkuhjúpinn með lífeindunum sé í samræmi á milli skynnæmi konunnar og draumgjafans og falli vel að kenningum dr. Helga Pjeturss vegna þess að draumar, miðilssambönd, dáleiðsla og alskyns skynnæmi byggist á sama meiddi (samkvæmt kenningu dr. Helga) sem ég kemst ekki hjá að viðurkenna sem líklegustu kenninguna um stjörnulíffræðina.

22. kafli

Um sálfarakenninguna

Í grein Páls H. Árnasonar sem birtist í tímaritinu ‚Lífgeislinn‘, telur hann sálfarir mikilvægustu fyrirbæri í dulrænunni og finnst honum það vafasöm þjónusta að halda öðru fram. Ég er ekkert hissa á þessari skoðun hans, ég var með svipaða skoðun sjálfur. Þess vegna er ég ekki í vafa um að hann byggir þessa trú sína á sannleiksást. En hún ein nægir ekki, það þarf annað til sem sálfaradýrkendur og andatrúarmenn virðast ekki sækja nægilega djúpt eftir, það er að notfæra sér aðferðafræði vísindanna til að geta nálgast það rétta um dulfræðina, m.a. með því að kanna lífgeislann, lífeindirnar og íleiðslulögmálið. Þetta þrennt er nauðsynlegt að hafa í huga til að geta skilið hvernig hamfarir gerast.

Það er mér mjög ljúft að fá tækifæri til að skýra enn betur það sem ég hef áður skrifað í tímaritið ‚Lífgeisla‘ sem Félag Nýalssinna gefur út. Framlifendum hefur á sumum miðilsfundum tekist að koma fram í líkamsgervi. Þegar þessi gervi myndast þá sést fyrst þokukennt efni sem framlifendur senda frá sér með hjálp frá miðlum, setjurum og lífgeislun þeirra sem magnar framlífandann til að geta myndað sig. Smám saman tekur þetta þokukennda efni á sig líkamlega ásýnd. Stundum tekist svo vel til að velskapaður maður myndast með öllum sínum beinum, holdi, blóði og kjörþyngd. Slík fyrirbæri eru í raun sambærileg við sálfarir, eins og andatrúarmenn vilja nefna það, nema að því leyti að það gerist á milli skynnæmra manna hér á jörðu. Hér áður fyrr trúði ég á sálfarakenninguna þegar ég vissi ekki betur en eftir að þekking mín, viska og skilningur birtist fyrir augum mínum smám saman er ég farinn að geta myndað mínar eigin kenningar um dulræn efni sem koma heim og saman við kenningar dr. Helga Pjeturss.

Þessi framangreindu fyriræri eru ástæðan fyrir andatrúarkenningunni, það hefur fullvissað menn ranglega um að þetta væru andaverur í andaveröld og gera sér ekki ljóst að þetta þokukennda efni er aðeins millibilsástand og fyrsta stigið að hamförum, þ.e. að líkaminn afefnast af einum hnetti og myndast í líkama á öðrum hnetti.

Til að gera sér grein fyrir þessu er nauðsynlegt að gera sér ljóst að við höfum samlíkingu við þess konar fyrirbæri hér á jörðu. Menn hafa sést á sinn hvorum staðnum á sama tíma eins og Páll nefnir í grein sinni. Viðkomandi maður er byrjaður að efnast á öðrum stað þar sem hugur hans beinist til og líforkan hans magnast þar jafnframt og myndar þar fyrst þokukennt efni og birtist stundum, ef vel lukkast til, í líkamsgervi hans sem er í fyrstu sálarlaus þar til að meirihluti efnisins hefur safnast í líkamsgervið, þá fyrst flyst sálin í hann en lífeindirnar halda áfram að flytja boðin á milli þar til að líkamsgervið og síðan þokukenndaefnið er horfið.

Alls kyns miðilsstarfsemi hefur tíðkast frá örófi alda meðal siðmenntaðra þjóða og frumstæðra þjóðflokka eins og margir kannast við sem hafa lesið menningar- og trúarbragðasögur þjóða heims og einnig hafa frægir miðilsfundir sem þekktir vísindamenn stóðu að verið stundaðir frá síðust öld. Og þá má ekki gleyma véfréttunum í Delfí hjá Forn-Grikkjum og þær spásagnir voru þeirra tíma miðilsstarfsemi og þá í höndum hofpresta. En það fer samt ekki á milli mála að oftlega voru þeir notfærðir af stjórnmálamönnum eða spásagnamennirnir breyttu spádómnum sér til hagsbóta og þá rættist hann að sjálfsögðu ekki.

Flestir fundarmenn hafa yfirleitt álitid heilagan sannleika það sem kemur fram á miðilsfundum. Því miður gera þessir fundamenn sér ekki grein fyrir að setjararnir geta haft ótrúlega mikil áhrif á það sem miðillinn segir, sérlega ef þeir hafa einhverja fastmótaða skoðun og það kemur einnig oft fyrir að fundarmenn mistúlki það sem miðillinn segir þó hann miðli frá sér réttum skilaboðum.

Vegna þess að það kemur oftlega fyrir að þegar framliðinn er að lýsa líkamsgervi sínu í gegnum miðil þá segir hann oftlega „við erum í astralíkama,“ þá túlka fundarmenn það sem eins konar andalíkama og astralíkami þýðir í raun stjörnulíkami þar sem ‚astra‘ þýðir stjarna og samkvæmt því eru þeir með jarðneskan líkama. Það hefur einnig oftlega komið fyrir að framliðnir menn segja í gegnum miðil að þeir séu í líkama eins og jarðarbúar, eftir sem áður er það túlkað sem líkama í annarri vídd eða þá að framliðnir átti sig ekki á því að þeir séu í annarri vídd. Sem dæmi í bókinni Himinn og hel skrifar Emanuel Swedenborg á bls.33:

„Hjartahreinin andar sem ég hef átt samræður við um þetta voru afar sorgbitnir yfir þeirri vanþekkingu sem ríkjandi var innan kirkjunnar um hið himneska ástand anda og engla og í gremju sinni skora þeir á mig að fara til baka og lýsa því afdráttarlaust að þeir væru hvorki sálir án sköpulagsmyndar, né heldur eins og vindgustur í ljósvakanum, heldur raunverulegir menn í öllum eignum sem sæju, heyrðu og fyndu til með fullkomlega sama móti og einstaklingar á jörðinni.“

Þó að Swedenborg fái þessar upplýsingar og skili þeim rétt frá sér þá heldur hann áfram alla bókina út í gegn að skrifa um anda og engla þegar hann minnst á framliðna. Þetta er alveg stórfurðulegt og því miður eru flestir með þessa fastmótuðu skoðun og vanþekkingu á þessu sviði sem öðru viðvíkjandi stjörnulíffræðinni.

Í framhaldandi af þessu langar mig til að segja frá þegar mér fannst og hélt staðfastlega að ég hefði farið úr líkama mínum, þá bjó ég á Dalsmynni á Kjalarnesi og var 22 ára gamall:

Ég var í hugleiðslu og lá einn í rúminu í litlu herbergi uppi í risi og eftir því sem ég slakaði á þá fannst mér ég þyngjast og þrýstast dýpra niður í dýnuna og á sama tíma heyrði ég í kettinum sem var að leika sér frammi. Líkama minn dofnaði meir og meir eftir því sem áleið og verkur sem ég hafði í öxlinni vegna viðbeinsbrots hvarf algjörlega. Skyndilega var engu líkara en brjóstið mitt opnaðist og ég fann ekki lengur fyrir þenslunni þegar ég andaði að mér eins og eðlilegt er undir öðrum kringumstæðum. En samtímis fannst mér ég vera fyrir ofan mig og geta andað óendanlega að mér. Ég var vakandi. Allt í einu og óvænt stökk kötturinn á eitthvað sem olli hávaða, þá hrökk ég við og fékk eins og högg fyrir brjóstið. Þá hvarf þessi tilfinning og ég var aftur með sjálfum mér og viðbeinsverkurinn komin aftur í öxlina.

Á þessum árum taldi ég að slíkir fyrirburðir sem að framan greinir geti ekki verið annað en sálfarir. Þá þekkti ég ekki, sem ég tel vera, hið rétta líffræðilega eðli þess sem er ‚líforkureiki‘.

23. kafli

Sum geðveiki er sambandsveiki

Dr. Helgi Pjeturss skrifar í Nýall, bls. 20:

Menn munu, þegar þeir þekkja þau lögmál sem koma til greina, gefa nákvæmar gætur að því hvernig sambönd þeir fá sjálfir eftir miðilsamkomur, eða með öðrum orðum hvernig svefnvitund þeirra verður, hvað þá dreymir. Munu menn, þegar vel vegnar, geta fengið vitsamband við mjög merkilegar verur á öðrum hnöttum. Menn hafa kallað slíkt „astral travelling“, ferðir á stjörnusviðinu, og er nafnið mun réttara en sú þýðing sem í það hefir verið lögð, því að „astralplan“, stjörnusviðið, þýðir ekki í dulfræðum lífheim annarra hnatta. Hafa menn haldið, og halda, að þeir „fari úr líkamanum“ sem þeir kalla og væru þá á ferð á öðrum tilverusviðum. „Astralplan“ samsvarar að miklu leyti því sem Swedenborg kallaði andaheim, mundus spirituum).

En það sem menn hafa haldið sína eigin sál, er hafi yfirgefið líkamann og sé á ferð í andaheiminum, er í raun réttari annar maður, sem aðra stjörnu byggir, og menn verða samvita við í svefni þannig að þeim finnst þeir sjálfir vera þessi annar maður; fer þeim líkt og hinum svafða, sem segir: því er verið að láta salt upp í mig, þó að það sé alls ekki hans tunga sem salt kemur á, heldur tunga svafnisins; hinn svafði er orðinn samvita eða samsála öðrum manni. Það er engin furða þó að mönnum verði ógreitt að átta sig á þessu, meðan þeir ástunda ekki að læra að athuga slíkt sjálfir. En þegar menn hafa áttað sig á þessu, þegar þeim er orðið ljóst að það á sér stað sem ég nefni bioinduktion, að einn líkami getur magnast af annars sál, svo að þeir verði samsála, sama „égið“ í báðum, þá munu þeir sjá, hvernig vísindunum opnast svæði sem menn hafa haldið að engum vísindum yrði yfir komið. Mun hver uppgötvunin reka aðra, og hver annarri þýðingarmeiri fyrir mannlífið, þegar komið er á þessa leið. Eitt af því sem menn verða þá fljótir að skilja er það, hvers eðlis er sú tegund af vitveiki sem kölluð er paranoia. Ímyndanir hins ruglaða eru nokkurskonar draumar, sem eins og allir draumar, stafa af sálufélagi við annan mann. Það er nokkurs konar paranoia þegar hinn svafði finnur saltbragð ef salt er látið á tungu annars manns. Og líkt er það með ímyndanir hins vitveika, hann heldur að hann heyri og sjái það sem einhver annar sér og heyrir í raun og veru; og þegar vitveikin kemst á hæsta stig, heldur maðurinn að hann sé þessi annar. Því miður hefir vitveikralækna ekki grunað hversu merkilegt rannsóknarefni þeir höfðu til meðferðar; hafa þeir, sakir þess hve sálfræðin hefir búið illa í hendurnar á þeim, verið lækna ófróðastir á sínu sviði. En nú mun þetta fara að lagast. Mun þess ekki langt að bíða að byrjað verði að færa sér í nyt þær athuganir sem ég hefi gert og fleiri munu nú verða til að gera. Og sambandsfræðin eða magnanarfræðin mun líka kenna lækningaraðferðina. Þörfin á framförum í þessum efnum er mikil, því að brjálsemi, einmitt sú

tegundin sem paranoia er kölluð, mun aldrei hafa orðið jafn algeng á jörðu hér og á þessum tímum.

Nýall, bls. 291:

Afar eftirtektaer verðar eru þær tilraunir Turveys, er hann lá í rúmi sínu, eða hallaðist aftur í hægindastól, og gat, af munni annars, talað við fólk sem var að halda miðilsamkomu í 4 (enskra) mílna fjarlægð (on several occasions — segir Turvey, (Beginnings s. 54) — „I” have controlled a medium, and introduced myself through his organism to people present, and have carried on a conversation with them). Það sem gerðist var þetta: Miðillinn sofnaði, eins og vanalega. Og eftir dálitla stund fer hann að tala upp úr svefninum. Og þá talar hann ekki af sinni eigin meðvitund, heldur eins og meðvitund annars manns sé komin fram í honum, meðvitund Turveys, manns sem nú einmitt var að reyna að framleiða í miðlinum sína meðvitund, þó að hann væri í 4 mílna fjarlægð. Þegar samskonar fyrirburðir hafa gerst, maður sofnað miðilssvefni á samkomu og farið síðan að tala eins og önnur meðvitund væri komin í hann, þá hafa sumir haldið, að miðillinn væri að leika, aðrir að líkamalaus andi framliðins væri farinn í hann og enn aðrir, að það væri undirvitund miðilsins, þetta asylum ignorantiae eða athvarf fáfræðinnar er þeir kalla undirvitund, sem komið væri fram í honum.

Stórmerkilegar eru þessar tilraunir Turveys, en þó ekkert dularfullt það sem gerist. Rannsóknir Kilners og Kotiks hafa sýnt, að líkaminn geislar frá sér orku, sem hagar sér líkt og rafmagn. Og tilraunir Turveys leiða þetta enn frekar í ljós. Eins og Marconistöð framleiðir sitt rafmagnsástand í annarri, þannig framleiðist heilaog taugaástand Turveys í heila og taugum annars manns, og það þó í fjarlægð sé. Miðillinn talaði eins og hann væri Turvey: meðvitund Turveys um að hann væri hann sjálfur, var komin fram í miðlinum, í staðinn fyrir hans eigin meðvitund um sjálfan sig. Væri hann beðinn að skrifa nafn sitt, þá skrifaði hann nafn Turveys, mjög líkt því sem Turvey hefði sjálfur gert. Þetta sýnir hversu nákvæmlega einnig taugastjórn eða innervation Turveys var komin fram í miðlinum. Hann hóstaði eins og Turvey, og fann til þar sem Turvey kenndi verkjar. Menn munu finna, þegar þeir fara að rannsaka nógu vel, að þessi athugun sem síðast var vikið á, skýrir hvernig stendur á því, sem menn kalla hysterískar þjáningar.

Nú hafið þið lesið framangreinda tilvísun og vonandi með eftirtekt, þá skiljið þið kannski frekar það sem kemur hér á eftir um þau veikindi sem ég átti við að stríða haustið 1976, þegar ég var vitveikur, „sambandsveikur“. Hámark hennar var þegar ég talaði sem Ríkharður ljónshjarta, fyrrum konung Englands. Á mínum ungu árum þá virti ég þennan mann mikils og taldi hann góðmenni miðað við sinn tíma og lét það fara fram hjá mér hvers konar glæpamaður hann var í raun og kveikti ekki á perunni fyrir en töluvert eftir að ég reis úr veikindum mínum. Af þeim sökum tel ég mig hafa

innstillt inn á þetta nafn, hvort sem þetta var hann eða ekki. Því mun ég sennilega ekki komast að á meðan ég lifi hér á jörðu.

Vegna vitneskju minnar sem Nýalssinna þá vissi ég að þetta var sambandsástand; meðvitund annars manns sem sagðist vera Ríkharður ljónshjarta og þess á milli gat ég slitið sambandinu og stjórnað mínum eigin talfærum og það gerði ég ekki þegar Ríkharður talaði. Mér þykir líklegt að ég hefði getað spyrnt á móti þessum áhrifum ef vilji minn hefði verið nógsamlega mikill til þess. En vantrú þeirra tveggja lækna, sem komu í vitjun heim til mín með nokkurra stunda millibili, um að ég væri komin í samband við aðra vitund og að nokkru leyti fastur í henni og orðinn það ruglaður að dómgreind mín sá ekki hversu fjarastæðukennt það var þegar ég reyndi að telja þeim trú um eitthvað annað en það sem þeir töldu. Þess vegna sleppti ég því lausu sem talfæri mín vildu segja, önnur vitund. Ég var sendur á fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og lá þar í sólarhring og var síðan sendur heim og ég var undir læknishendi í einhvern tíma og byrjaði að vinna eftir tvær eða þrjár vikur.

Ég er Nýalssinni og stofnaði ásamt öðrum Félag Nýalssinna á Akureyri þann 15. nóvember, 1975. Á einu ár voru félagsmenn orðnir tuttugu að tölu. Við áttum enga miðla og við tilraunir af vanþekkingu kom í ljós að ég hafði einhverja hæfileika til að bera í þessa átt. Ég fór að þjálfa mig með því að halda miðiltilraunafundi og einnig fór ég að skrifa ósjálfrátt (það er í raun mun hættulegra ef þekking er ekki annars vegar, vegna þess að sambandsmaðurinn getur haft svo sterk áhrif á miðilinn að hann missi gjörsamlega tök á sjálfum sér). Það gekk hægt og sígandi, fyrst strik og krass og smám saman fór að koma eitt og eitt orð á stangli. Ég hef greinilega magnast upp við þessar tilraunir því yngsti sonur minn bað mig öðru hvoru að halda í hönd sína þar sem hann fengi svo góða strauma frá mér sem gerði honum svo gott og myndaði eins konar sælukenndi í maga sínum.

Svo gerðist það eitt kvöld þegar ég sat inni í stofu að yngsti sonur minn bað mig að halda í hönd sína sem ég gerði og litlu seinna kom elsti sonur minn og bað mig þess sama. Það leið ekki á löngu þar til ég tek eftir að elsti sonur minn byrjar að tárast, þá sleppi ég hendi hans og spyr hvað sé að. Þá sagðist hann hafa heyrt orðið Páll og það virkaði illa á hann, þá fannst mér skyndilega að ég ætti að skrifa ósjálfrátt og þá fór ég að skrifa og tala í senn og það var í fyrsta sinn sem annar heili stjórnaði talfærum mínum og skriftin var illa læsileg og stórgerð. Þegar ég talaði í fyrsta sinn með annarri vitund þá varð ég mikið kokmæltur, fyrstu orðin sem ég sagði: „Þetta er Ríkharður ljónshjarta,“ og endurtók ég það nokkrum sinnum.

Eftir þetta fór ég að skrifa ósjálfrátt þegar ég gaf mér tíma til þess og að lokum varð það æði oft. Það sem skrifað var í gegnum mig var oft á þá leið að hann, sambandsmaður minn, muni hjálpa mér við það sem ég væri að gera í það sinni. Á þann hátt fékk hann mig til að fá traust á sér.

Svo kom að því að hann spurði hvort ég vildi ekki vera lífgeislalæknir, þá sagði ég að svona vitleysu ætti hann ekki að bera á borð fyrir mig þar sem ég hefði enga hæfileika til þess. Þá svaraði hann á þessa leið: „Þú hélt einu sinni að þú mundir aldrei geta skrifað ósjálfrátt og það geturðu núna.“ Ég hafði oft reynt það í nokkur ár og penninn strikaði einungis beinar og bognar línur eða krassaði og að lokum hætti ég að reyna að skrifa ósjálfrátt þar til ég byrjaði aftur eins og að framan greinir. Fyrir mörgum árum var sagt, þegar ég var í andaglassi með annarri manneskju, að ég ætti eftir að skrifa ósjálfrátt.

Smám saman tókst sambandsmanni mínum að telja mér trú um að það væri mögulegt að gera mig að lífgeislalækni, sem raun varð á síðar. Að síðustu var ég sólginn í að skrifa ósjálfrátt og notaði aðeins einn fingurinn og stafaði í huganum það sem skrifað var, þá var ég í raun búinn að missa tökin á sjálfum mér.

Um það bil hálfum mánuði áður en ég var sendur á fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fór konan mín að taka eftir því að ég var annars hugar. Þá var ég oft með hægri höndina í vasanum og var að stafa það sem skrifað var. Þá tók ég ekki eftir hvað hún var að segja, oft á tíðum.

Ég hef alltaf verið frekar örlyndur að eðlisfari og síðustu vikuna fyrir spítalavistina var ég orðin mjög rólegur og það var nærri ekki óhugsandi að koma mér úr jafnvægi. Venjulega hafði ég ekki þolinmæði til að tala krakkana til ef þau voru eitthvað örg og á þessum tíma þurfti ég ekki að skamma þau. Ef ég ætlaði eitthvað að æsa mig upp sagði sambandsmaður minn: „Vertu rólegur. Bubbi minn. ekki æsa þig upp.“ Þetta skrifaði hann nokkrum sinnum og honum tókst alltaf að stilla mig.

Tvær síðustu næturnar voru hryllilegar og áður en það kom til þá skrifaði hann: „Nú ferð þú upp á sjúkrahús og lætur skoða þig. Ég sagði náttúrlega nei, því ég hef ekkert þangað að gera. Þá skrifaði hann: „Þú skalt fara þangað samt og Gunnar Rafn læknir mun aðstoða þig.“ Ég skildi ekkert í þessu og sagðist ekkert fara.

Áður en ég held áfram verð ég að taka fram að hræðslugjarn maður hef ég aldrei verið og á mínum yngri árum var ég kallaður Bubbi kaldi af félögum mínum. Þetta skrifa ég til þess að lesendur skilji það andlega álag sem á mig var lagt þessar tvær nætur. Ég vil helst orða það þannig að ég hafi verið heilapveginn.

Það byrjaði þannig að mér fannst ég vera rekinn fram úr rúminu og inn í stofu til að skrifa ósjálfrátt. Ég held að klukkan hafi verið á milli tólf og eitt um miðnætti. Þegar ég hef skrifað þar í stutta stund þá verð ég allt í einu var við að ég skynja orðin áður en ég skrifa þau og svo skynja ég að hann segir: „Þú þarft ekki að skrifa meira því þú heyrir til mín.“ Þá verð ég var við að ég skynja allt sem ég skrifa og þá hætti ég að skrifa og heyri að hann segir við mig: „Þú heyrir allt sem ég vil segja við þig því sambandið er svo gott á milli okkar.“ Síðan segir hann mér að fara upp í rúm sem ég geri.

Ég segi að sjálfögðu ekki allt sem hann sagði við mig, bæði vegna þess að það tæki mikið pláss og einnig það að ég man það ekki allt. Hann byrjaði að telja mér trú um að ég væri vondur maður, honum tókst það ekki í fyrstu.

Ef einhver veit allt um manninn, veikleika hans og styrk þá er auðvelt fyrir hann, ef hann vill særa þann mann, kvelja og telja honum trú um ýmislegt með því að vitna í eitthvað saklaust og gera heilmikið úr því með saklausu innskoti og síðan auka þrýstinginn og að síðust að telja honum trú um að það hafi í raun verið gert af illmennsku. Þannig fór hann að.

Sambandsmaðurinn minn talaði stanslaus við mig þó ég reyndi að hlusta ekki á það sem hann væri að segja og enn síður gat ég sofíð. Hann hótaði m.a. að gera fjölskyldu minni allt það til miska sem hann gæti. Þannig talaði hann um smátt og stórt og að ég mundi ekki geta gert þetta eða hitt ef ég hlýddi honum ekki. Eftir þessa fyrstu nótt var ég mikið hræddur og ég vissi ekki hvað ég ætti að gera til að losna út úr þessu sambandi. Ekki vildi ég vekja konu mína og fór nokkrum sinnum fram úr til að reyna að losna við þetta samband. Á endanum sagði ég m.a. að honum skyldi aldrei takast að gera mig að verri mann en ég væri. En aftur á móti ætlaði ég að berjast á móti öllu því illa eftir því sem ég mögulega gæti. Þannig gekk þessi nótt fram undir morgun. Að

lokum sofnaði ég og vaknaði til vinnu kl. 6.45, þá hafði ég sofið einn til tvo klukkutíma.

Daginn eftir gekk allt ágætlega nema að því leyti að ég heyrði alltaf í sambandsmanni mínum og var undir áhrifum frá honum að nokkru leyti. Ég svaraði ekki vinnufélögum mínum þegar þeir yrtu á mig. Hann meinaði mér um það og ég hlýddi. Þannig gekk þessi dagur nokkuð slysalaust. Síðan kom nóttin á sama hátt og fyrri nóttin að því viðbættu að hann fer að stjórna ýmsum líkamshlutum mínum og var það einkennileg tilfinning og fer ég ekki nánar út í þá hluti. Ég sofnaði ekki fyrr en undir morgun. Ég mætti í vinnu þann dag (í tímaritinu Lífgeislun, 15. tbl., des. 1977 er sagt daginn eftir það er ekki rétt) og allt gekk vel fram yfir hádegi og þá fer ég að gera einkennilega hluti.

Það byrjaði þannig að ég ætlaði að leggja á bor og beitti rétttri aðferð öðru megin, síðan byrja ég á hinni hliðinni og þá finn ég að ég hef enga stjórn á höndunum, þær leitast við að beita bornum öðruvísi en á að gera. Samvitamaður minn: „Vertu rólegur og sjáðu hvernig borinn verður.“ Ég lét hendurnar ráða þar sem ég hafði enga stjórn á þeim og mér fannst það furðuleg tilfinning. Eitthvað hefur vinnufélaga mínum, sem er rennismiður eins og ég, þótt ég beita bornum einkennilega við brýnslu og vildi sýna mér hvernig ég ætti að gera það og að sjálf sögðu vissi ég það þó ég gæti það ekki þarna. En ég var höstugur við hann, sem er ekki minn eiginleiki (undir slíkum kringumstæðum) og með það fór hann.

Skömmu síðar sagði Ríkharður (sem hann nefndi sig): „Skoðaðu borinn.“ Hann var þverslípaður og ekki nokkur leið að nota hann. Þá segir hann: „Það er alveg sama hve oft þú reynir að brýna borinn, hann verður alltaf mjög vel brýndur öðrum megin og hinum megin verður hann alltaf ómögulegur.“ Ég margreyndi og alltaf fór á sama veg því ég réði ekki yfir höndum mínum lengur (þetta er komið af sama meiði og dáleiðsla). Að lokum gafst ég upp við að reyna að brýna borinn og gekk frá smergelinu að stórri borvél sem var á miðju gólfi. Hann segir mér að setja borinn í borvélinu og ég neita því og segi: „Það er ekki nokkur leið að nota borinn eins og hann er brýndur.“ „Gerðu eins og ég segi,“ skipar hann. Mér fannst það svo skrytið að stundum var ég eins og viljalaust verkfæri í höndum hans.

Þegar ég ætla að herða patrónuna að bornum þá rekst lykillinn alltaf einhverstaðar í svo ég gat ekki hert að bornum hvernig sem ég reyndi. Fingurnir og höndin sem ég reyndi að skrúfa með voru orðnar stífar. Mér fannst ég ekki geta beitt þeim rétt. Að lokum tókst mér að herða patrónuna að bornum, þá segir hann mér að setja vélinu í gang sem ég geri. Síðan segir hann mér að grípa utanum patrónuna, sem er á fullri snúningsferð sem ég geri, en hafði enga skynjun fyrir því að hún snérist í hendi minni.

Skyndilega finn ég að líkami minn er eitthvað einkennilegur ég virðist ekki hafa stjórn á honum og mér finnst hann hallast eitthvað og gat ekkert við því gert þar sem ég stífna allur upp, get mig hvergi hreyft eða sagt orð. Ég sá útundan mér að það er komið töluvert af fólki sem er að horfa á mig þar sem ég hef örugglega komið þeim furðulega fyrir sjónir. En svo heyri ég allt í einu sagt við mig: „Þarna sérðu, þú átt ekki að vera að kanna svona mál því ég er guð og ræð öllu enda finnurðu hvað mikið vald ég hef á þér og þú verður að hlýða mér í einu og öllu.“

Við þessi orð hans verð ég hræddur og segi já, í huganum. En hann heldur áfram og segir: „Ég rugla alla í trúmálum, þess vegna eru trúbrögðin svona mörg, Nýalsinnar og sálarrannsóknarfélagið hafa ekkert réttara fyrir sér en önnur trúarbrögð. Ég sem guð

vil ekki að neinn viti um þessi mál.“ Á meðan á þessu stóð fannst mér allt rétt sem hann sagði og jánkaði öllu. Það var eins og ég gæti ekki hugsað á meðan á þessu stóð.

Nokkrir vinnufélagar mínir og verkstjórinn komu til mín þar sem ég var við borvélina og reyndu að tala við mig og ég svaraði ekki. En alltaf þegar flokksstjórinn kom og talaði við mig þá gat ég svarað. En að lokum losnaði ég út úr þessu ég gekk út og þrammaði niður í fjöru sem er norðan við Slippstöðvarhúsið.

Eftir að ég var komin niður í fjöru var sagt við mig að bíða við húsvegginn þar sem eitthvað mundi gerast. Skömmu síðar komu verkstjórinn og flokksstjórinn til mín og spurðu hvort ég væri ekki veikur og ég svaraði því til að það væri eitthvað að gerast innra með mér. Þá spurðu þeir mig hvort þeir ættu að keyra mig heim þar sem ég væri greinilega veikur og taldi ég það í lagi og fórum við síðan að vesturdyrum hússins. Á leiðinni var Ríkharður alltaf að seg mér að snúa við og fara ekki með þeim og segja við þá að ég skyldi koma klukkan fimmtán þrjátíu (þá var klukkan nálægt þrjú). Þetta segi ég við þá þegar við komum að dyrum hússins.

Þeir létu það gott heita og ég fór aftur niður í fjöru. Ríkharður segir þá við mig að klukkan fimmtán þrjátíu á eitthvað að gerast og skyldist mér að hann ætlaði að láta mig svífa. Á þessum ákveðna tíma lagði ég af stað frá fjörunni eftir skipun stjórnandans. Þegar ég var komin að suðurdyrum hússins segir hann mér að stansa og svara engum þó að á mig yrði yrt. Það voru nokkrir sem gerðu það og ég svaraði ekki. Enn gat hann talið mér trú um að ég gæti svifið og það yrði fyrir framan húsið.

Þegar flestir voru komnir upp í kaffistofuna þá sagði hann mér að fara þangað líka og það gerði ég. Þar fékk ég mér vatnsglas og fór síðan að krananum og lét renna vatn í glasið. Þá sagði sambandsmaður mér að hella vatninu á borðið og ég spyrnti á móti og það tókst. Þá heyrði ég að verkstjóri minn sagði að nú væri nóg komið og gekk til mín. Þá skipaði Ríkharður mér að taka á móti honum, mér tókst að aftra því og þó lyfti ég ósjálfrátt upp handleggnum. Verkstjórinn minn keyrði mig heim.

Eftir það var ég eðlilegur aftur og hafði fulla stjórn á sjálfum mér og leið vel einmitt vegna þess að ég var aftur orðinn ég sjálfur og ég heyrði samt alltaf í honum. Hann sagði við mig m.a. seinna um kvöldið að dagurinn á eftir yrði ágætur fram að hádegi og síðan myndi þetta byrja aftur og vera miklu verra.

Læknir fyrirtækisins kom að mig minnir rúmlega átta um kvöldið. Hann kvaðst hafa verið beðinn um að tala við mig þar sem ég væri ekki vel frískur. Við settumst við eldhúsbordið og ég reyndi að skýra fyrir honum hvers konar sambandi ég væri fastur í öðru hvoru. Hann hlustaði á mig. Ég sagði honum meðal annars að þessi sjúkdómur væri fast miðilssamband sem ég gæti ekki losað mig úr.

Að sjálfsögðu trúði hann mér ekki eins og eðlilegt er af mönnum sem ekki þekkja til þessara hluta, þ.e. að tvíklofnun og margklofnun hugans er ekkert annað en sambandsástand. Við skilningsleysi hans ætist ég svolítið upp og sagist ætla að sýna honum ósjálfráða skrift. En það sem ég skrifaði þá var ólæsilegt. En einmitt við þetta fór ég aftur í vöku-miðilssamband og urðum ég og Ríkharður samvita og öðru hvoru tókst mér að stjórna talfærum mínum.

Læknirinn spurði mig hvort hann mætti hringja og ég gat svarað því játandi. Skömmu seinna fór hann og litlu seinna kom annar læknir og það var Gunnar Rafn. Þá var Ríkharður búinn að segja ýmislegt og meðal annars frá persónulegu lífi mínu. Ég talaði hátt bæði á íslensku og sænsku, meðal annars að ég yrði mikill lífgeislalæknir.

Gunnar Rafn talaði mikið við mig, bæði þegar ég var í sambandi og eðlilegur. Hann vildi sprauta mig og ég vildi það ekki og ræddum við lengi um það. Ég var þá orðin eðlilegur og svolítið æstur. Á endanaum var ég sprautaður niður með samþykki mínu og var sendur á fjórðungssjúkrahúsið. Ég var komin heim daginn eftir og fór að vinna hálfum mánuði síðan.

Það er dálítið eftirtektarvert að alltaf þegar flokksstjóri slippstöðvarinnar talaði við mig þá svaraði ég honum alltaf þó ég svaraði ekki öðrum (hann gekk í félag Nýalssinna þegar ég stofnaði það á Akureyri). Að lokum vil ég segja að sá sem ber einhverja sannleiksást í brjósti sér kasti ekki þeirri hugmyndafræði frá sér að órannsökuðu máli sem einhverju rugli að geðklofi sé sambandsveiki.

24. kafli

Stjörnulíffræði

Nýölsk kenning er í raun framhald af þróunarkenningunni og ekki síður þegar þess er gætt að allt líf gengur í gegnum sömu lögmál til sköpunar. Í kenningum sínum heldur dr. Helgi Pjeturss því fram að sömu lögmál gildi í framlífinu og þau sem gilda á okkar jörðu.

Undirstaða lífsins er lífgeislinn sem hefur fólgnar í sér lífeindir, það eru öragnir í lífgeislanum og hafa þann eiginleika að geyma upplýsingar sem síðan berast áfram með lífgeislanum (sbr. ljóseindin sem felur í sér geymdir í geislum sólar). Þessar upplýsingar í lífeindunum berast með lífgeislanum um andlega og líkamlega reynslu lífverunnar allt frá æxlun og síðan áfram að eilífu. Vegna þess að þegar eitt líf hefur myndast þá er ekki mögulegt að deyða sálina, hún flyst aðeins á milli stjarna.

Tékkneskur vísindamaður, František Kahuda og aðstoðarmenn hans fundu ögn sem þeir nefna mention og fer hraðar en ljósið; þessi ögn hefur þann eiginleika að geta farið í gegnum hvaða efni sem er líkt og engin fyrirstaða væri fyrir hendi. Kahuda prófessor telur að þessi ögn geti verið undirstaða þessara fyrirbæra sem kölluð hafa verið sambandsfyrirbæri.

Lífverur hér á jörðinni og öðrum hnöttum geta numið lífgeislann þegar samsvörun í lífeindamynstrinu á sér stað á tilteknu augnabliki, þ.e. þegar orkustraumar mætast. Hver einstök lífefnaeigind hefur ákveðið mynstur sem segir til eða ákveður hlutverk hennar. Skyggirnir menn hafa þannig geta lesið áru manna eftir lífeindamynstrinu sem verður breytilegt með mismunandi litum allt eftir eiginlekum og skapgerð einstaklingsins.

Litur árunnar er efni líkamans eins og berlega kemur fram þegar líkaminn er sjúkur, þá vantar lit í líkamann því þá kemur liturinn fram annað hvort daufari eða breyttur á einhvern hátt. Það sama gildir um sálarlífið; sorg gleði og reiði hafa breytilega liti sem dreifast frá sálinni út til árunnar. Á æviskeiði mannsins safnast saman í lífeindirnar öll sú reynsla sem vera hefur orðið fyrir á lífsleiðinni og myndar upplýsingabanka sem varðveitir sögu, reynslu, tilfinningar og skilning viðkomandi lífveru. Ekkert af þessari innistæðu er hægt að afmá, jafnvel þó lífveran óskaði þess. Þannig er einnig með þær upplýsingar sem lífeindamynstur hvernar lífveru felur í sér um alla innri og ytri gerð hennar líffræðilega. Samkvæmt þessu er líforkan (sálin, lífgeislinn, áran og lífeindirnar) og líkami lífverunnar samanoft hvert öðru og mun aldrei geta lifað án hvort annars.

Þegar líkaminn deyr er líforkan óaðskiljanleg þó það megi aðgreina hana í fjórar einingar. Þar sem líforkan hefur allar upplýsingar um jarðvist sína fylgja þær óneitanlega lífverunni til framlífsins og þarfnast því líkama þar sem hún leitar ávallt til efnisins eins og sýnt hefur verið fram á í öðrum greinum hér að framan. Þá er ljóst að í eigindum lífeindanna býr sköpunarmáttur (sem er undirstaða kjarnsýrunnar til að vilja tvöfalda sjálfan sig við æxlun) til endursköpunar á nýjum líkama með alla þá vefi, lífæri og eðlisþyngd sem ein lífvera þarf á að halda til að geta lifað á framlífsstjörnu.

Samkvæmt framagreindu er því næsta ljóst að þegar miðlar hafa samband við framlíðnar manneskjur þá eru það ekki andaverur í andaheimi heldur mannverur af holdi og blóði á annarri plánetu. Andinn fer ekki í miðilinn heldur upplýsingatengsl á

milli miðils og sambandsverunnar sem lífeindirnar bera með sér (sbr. hugsanaflutningur). Hér er um að ræða lífleiðslu sem jafnframt skýrir orkusambönd, litafyrirbæri og mörg önnur fyrirbæri sem menn hafa viljað tileinka áhrifum framliðinna anda.

25. kafli

Önnur tilverustig

Það er með ólíkindum að fólk telur sig hafa lifað önnur tilverustig og getur gefið öruggar og nákvæmar lýsingar af lífi og persónugerð þeirra einstaklinga sem eru dánir. Í sumum tilfellum hafa þessir einstaklingar, sem þeim finnst þeir hafa verið í fyrra lífi, legið í gröf sinn um aldir.

Þeir kennimenn sem hafa lagt rækt við að kanna þessa fyrirburði og þegar þeir hafa fullvissað sig um að þær upplýsingar sem viðkomandi skynnæmu menn hafa gefið þeim um þessa ákveðnu dáu menn sem þeir segjast hafa verið í fyrra lífi, hafa ekki fengið þær eftir hefðbundnu þekktum leiðum. Þá er viðkvæðið frá þessum könnuðum, eða sumum þeirra, venjulega á þessa leið að ómögulegt sé að fá þessar upplýsingar eftir öðrum leiðum en þær séu minningar frá þeirra eigin fyrra lífi.

Kenningar dr. Helga Pjeturss sýna fram á annað sem ég tel vera öllu líklegra en endurfæðingin. Í framhaldi af þessu vil ég enn og aftur tilgreina sömu sögu um fjölskylduna A og B og dætur þeirra. Þessar tvær fjölskyldur áttu hvor sína dóttur og þær voru báðar á sama aldri, 7 ára gamlar. Þessar fjölskyldur þekktust ekkert þegar þessi saga hefst.

Einn daginn gefur stúlkan í fjölskyldu A upp öndina. Síðan líða tvö ár og A og B kynnast á þessum tíma og dóttir B orðin 9 ára. A býður B í heimsókn og dóttirin kemur með. Þegar henni er boðið inn í herbergi dóttur A sem er dain þá er eins og það opnast nýr heimur fyrir dóttur B. Það kemur í ljós að hún fær skyndilega upplýsingar um hina látnu stúlku sem móðir hennar átti ein að vita.

Það er næsta víst að slíkar lífsreynslusögur eru líklega fjölmargar þó ég viti ekki um fleiri. Þá er ég eftir sem áður undrandi yfir því hvað fræðimenn hafa gefið slíkum sögum lítinn sem engan gaum þar sem nauðsynlegt er að mínu viti að kanna þetta mun betur til að hafa það sér til hliðsjónar.

Það sem gerðist þarna í herberginu er íleiðslusamband sem stúlka B fær frá dáu stúlkunni þar sem hún hugsar oftlega heim til sín þó að hún sé látin þar sem tilfinningar hennar eru þær sömu til foreldra sinna, ættingja og vina. Þeir sem eru skynnæmir og hafa líka strauma ná sambandi hvern við annan. Það er það eina sem skiptir máli en ekki einungis ættingjatengsl. Oftlega er það ekki nauðsynlegt fyrir skynnæman mann að fara inn á heimili sambandsverunnar þó að stúlka B hafi þurft þess.

Samkvæmt þessari sögu er næsta hæpið að falla skilyrðislaust á þau rök sem endurfæðingakenningamenn bera fram því aðeins þessi eina saga, að mínu viti, bendir eindregið til að það sé eitthvað ósamræmi í endurfæðingakenningunni.

Þá er í öllu falli nauðsynlegt fyrir kennimenn um fyrirburðafræði að líta betur í kringum sig, eins og til dæmis að kanna til hlítar kenningar dr. Helga Pjeturss og m. a. að veita athygli þeirri kenningu, að öllum líkindum er fyrsti þroskaferli lífverunnar hér á jörðu, með örum orðum að jörðin Tellus sé frumlífsjörð.

Þar af leiðandi eru minningar hverrar veru nauðsynlegar til áframhaldandi þroska á framlífsjörðu, án þeirra verður engin framför. Sköpunarverk lífsins og framfarir miðast allt við það. Lífveran þroskast andlega og líkamlega að eilífu og flyst á milli stjarna eftir þroska sínum. Þegar lífveran er orðin það þroskuð að hún þurfi ekki að

deyja til að flytjast á milli framlífsstjarna þá flyst hún með hamförum til betri jarðhnatta og alltaf eru fullkomnar jarðstjörnur til.

Lífveran vex og þroskast á þessari frumlífsjörðu eins og annað lífrænt og lögmál alheimsins segir til um. Þá er of margt sem bendir til þess að sálin geti ekki komið á einhverju stigi í fóstrið einhvers staðar frá heldur fylgir hún vexti fóstursins í móðurkviði, sálin stækkar samfara fósturinu, þar sem eggjð og sæði eru lifandi lífverur og það segir okkur að eggin og sæðið hafa sálir. Þessar sálir geta sameinast vegna þess að þeim vantar það sem hin hefur.

Ég vil leggja hér fram kenningu mína um hvernig sálin þroskast í móðurkviði. Lífið er allt sambyggt úr efnafrumum sem síðan mynda sameindir. Í þessum frumum er að finna heimildir um allt það sem tilheyrir lífi. Strax við frjóvgun hefst skipting frumunnar. Kjarnsýran stjórnar skiptingu frumunnar sem helmingar sig alltaf stig af stigi, 2,4,8, o.s.frv. og við hverja skiptingu ber hún með sér allar heimildir sem hún hefur að geyma ásamt þeim áunnu eiginleikum sem bætast við á hverju stigi tilverunnar.

Áður en lengra er haldið vil ég nefna sameind sem nefnist adenósínfosfat, það er sameind sem bindur orkuna við sundrun efnis og hún kemur einnig í veg fyrir tap öndunarorku. Hver einstök fruma er lifandi og er með sál (líforku) eins og að framan greinir. Umhverfis hverja frumu er ákveðin orka sem nefnist áran. Hún getur magnast og afmagnast eftir stilliáhrifum.

Við hverja efnaskiptingu eftir frjóvgun myndast margföld aukaorka sem tengist nýjum efnatengslum geymist þar vegna þess að adenósínfosfat bindur þessa orku (en það gerist ekki þegar sprengja springur, þá myndast hiti og orka eflist við það og það er enginn sameind sem bindur þessa orku svo hún hverfur út í loftið). Það sama mun gerast með líforkuna, hún margfaldast við efnaskipti frumunnar. Við það myndast aukaorka á sama hátt og við hina efnislegu frumuskiptingu.

Hver fruma er sjálfstæð og hefur fólga í sér tiltekna líforku. Við frumuskiptinguna verðu aukaorkan samtengd þessum frumuhóp sem umvefur hann. Þessi aukaorka er þá sál frumuhópsins og heldur áfram að vaxa og þroskast með þessum hætti samfara því sem frumuhópurinn (fóstrið) stækkar og er frá byrjun ráðandi um andlegan og líkamlegan þroska ef annað óvænt kemur ekki til.

Í lífeindamynstri líforkunnar eru guðlegir eiginleikar, t.d. hæfileiki til sköpunar og það er hún sem hrindir öllum efnahvörfum á stað og heldur lífverunni á lífi.

Að lokum vil ég segja þetta: Ef hugsuðir eða vísindamenn nota þekkingu og vitsmuni sína eina og sér í dulfræðinni þá er hætt við að maðurinn missi stjórn á henni eða leitist oftlega til að lokum til að nota þær til allskyns illverka og þá í helstefnuátt.

En ef maðurinn hefur að leiðarljósi kærleikann ásamt vitsmunum sínum og þá þekkingu sem hann hefur aflað sér við vísindastörf þá munu jarðarbúar hægt og sígandi rísa hærra í lífstefnuátt.

Og einnig: Ef annað sannara reynist en það sem skrifað er hér að framan þá yrði ég fyrsti maður að biðjast afsökunar á því að reyna að telja fólki trú um það sem ekki er rétt. Vegna þess að það er það síðasta sem ég vil gera fólki.

Athugið það að okkur er gefinn sá hæfileiki að fá að velja og hafna og ef við gerum okkur grein fyrir því þá eigum við einnig að vera þær manneskjur að taka afleiðingunum með reisu og ekki að reyna að flýja undan þeim þar sem við verðum alltaf að taka afleiðingunum fyrir eða seinna hér á jörðinni eða í framhaldslífinu. Það

gæti verið mun skárra að taka það út hér á jörðu og að þurfa að fara á mun verri stað eftir dauðann og það gæti tekið sinn tíma að losna þaðan.

En ég hef svo sterka tilfinningu fyrir að þessi framangreinda kenning sé rétt vegna þess hvað forsendurnar passa allar saman og gefa manni svo sterka myndræna heild að hún bætir alltaf við sig eftir því sem ég grufla meir í þessari kenningu. Er þá nokkur furða þó að ég vilji koma þessu sem víðast á framfæri og gefa öðrum tækifæri til að sanna eða afsanna þessa kenningu.

26. kafli

Líkbrennsla

Menn hafa löngum haft mismunandi skoðanir á því hvernig skal ganga frá líkama viðkomandi manns eftir andlátíð. En á víkingaöld var líkbrennsla algengur siður og látnir höfðingjar voru oftlega lagðir í knörr með brenni, knerrinum var síðan ýtt úr vör sem síðan flaut logandi með straumnum þar til hann sökk. En konungsbornir og virðingarmenn voru oftast nær heygðir.

En sennilega hafa flestir víkingar sem komu til Íslands verið af ætt Herúla, þeir komu frá Noregi og Danmörku og aðskildu sig frá viðkomandi þjóðfélagi, m.a með þeim hætti að jarðsetja líkin þegar aðrir þjóðfélagsþegnar í þessum tveimur löndum brenndu hina látnu eða heygðu. Allar götur síðan hafa Íslendingar verið jarðsettir þegar þeir yfirgáfu þessa jörð og það er hugsanlegt með einhverjum undantekningum að jarðarfarir hafi farið fram hér á landi með öðrum hætti en greftrun.

En um það bil hundrað árum frá því að líkbrennsla hófst hér á landi hefur hún aukist með ári hverju til dagsins í dag. Eftir sem áður eru fleiri á þeirri skoðun, sem búa hér í þessu landi, sem vilja heldur láta jarðsetja sig og sá hópur sem velur líkbrennslu sem besta kostinn. Samkvæmt því sem ég hef komist næst þá finnst mörgum, kannski flestum, sem vilja láta jarðsetja sig það vera sérlega óhugguleg tilhugsun að láta brenna líkið af sér. Ég veit dæmi þess að ákveðin hjón höfðu komið sér saman um að láta brenna sig eftir andlát. Sennilega hefur eiginmaðurinn verið mun ákveðnari í að láta brenna sig og fengið konu sína til að gera slíkt hið sama ef miðað er við það sem síðar kom í ljós. Því eftir dauða eiginmannsins dreymdi eiginkonuna að maður hennar hafi komið til sín í draumi og sagt henni að láta ekki brenna sig.

Ég tel næsta öruggt að fjöldi slíkra drauma hafi komið upp með mismunandi hætti og þá nær alltaf, ef ekki alltaf, hjá því fólki sem hræðist að láta brenna sig eftir andlátíð eða finnist það óhuggulegt. Og hvernig skyldi þá standa á því að það sé verra að láta brenna sig í einhverja mínútur en að morkna niður í fleiri mánuði og í áraraðir í grafreitnum?

Þá ætti það að vera augljóst af framangreindu að framlífsmaðurinn hlýtur einnig að verða var við þegar líkami hins látna morknar niður í gröfunni í eindir sína, fyrst hann verður var við þegar líkami hins látna manns er brenndur. Og því til staðfestingar vil ég nefna íslenskt dæmi, fyrir kannski fimmtíu árum, þar sem gömul kona lét vita af sér í draumi vegna þess að henni leið illa í gröfinni. Þessar upplýsingar las ég í dagblaðinu Vísi þegar ég var á aldrinum frá sautján ára til tuttugu og tveggja ára. Þessa sögu segi ég eftir minni.

Það er mjög sennilegt að margar svipaðar draumasögur séu til í flest öllum löndum og sennilega eru þessar draumasögur eitthvað færri þar sem þess er getið að viðkomandi gröf hafi verið grafin upp vegna þessa að hinn dáni maður segir í draumnum að það fari illa um hann í kistunni eins og fram kom í dagblaðinu Vísi:

Það var ungur drengur sem dreymdi draum, einhverjum dögum eftir að amma hans hafði verið jarðsett. Hún sagði í draumnum „að henni liði eitthvað svo illa í kistunni.“ Þegar drengurinn vaknaði þá segir hann móður sinni drauminn og vill endilega fara í kirkjugarðinn til þess að líta á gröfina og hún ansar þessu engu. Drenginn dreymir þennan sama draum tvisvar sinnum til viðbótar. Enn biður hann móður sína að fara að gröfinni og vita hvort eitthvað sé að. Enn finnst henni þetta fjarstæðukennt og hefur

kannski reynt eða getað talið honum trú um að þetta sé einungis einhver draumur sem ekki er mark takandi á. En á endanum fóru þau saman í kirkjugarðinn og það var einungis vegna þess að móðir drengsins dreymdi samskonar draum, þá fyrst taldi hún ástæðu til að kanna málið, þar sem þau bæði dreymdi svipaðan draum.

Þegar þau komu að gröf gömlu konunnar þá sáu þau að það var komin djúp hola niður í gröfina. Móðirin hafði samband við kirkjuvörðinn og hann lét grafa upp kistuna, þá kom í ljós að stór steinn hafði brotið kistulokið og lá ofan á líkinu.

Það kannast allir við það sem hafa verið við uppskurð að viðkomandi sjúklingur finnur ekkert til þegar hann er svæfður og ekki heldur ef hann verður fyrir því óláni að stórslasast og missa meðvitund. Það hefur einnig margoft komið í ljós þegar um læknisfræðilegan dauða er að ræða og viðkomandi sjúklingur skynjar sig fyrir ofan líkama sinn og sér allt sem gerist þarna á skurðstofunni og segir síðan frá því sem hann hefur upplifað þegar hann vaknar aftur til lífsins, sem mörgum þykir ótrúlegt en öðrum athyglisvert. En það hefur aldrei komið fram í frásögu viðkomanda að hann hafi minnst á að hann hafi fundið til verkja eða einhverja slíkra óþæginda á meðan lækarnir hafi verið að kryfja í honum. Þetta segir okkur ansi margt sem ég ætla að skýra betur.

Þetta málefni er með þeim hætti að þegar maðurinn deyr og flyst til annarra hnatta þá er hann greinilega andlega tengdur hinum dauða líkama sem er greftraður, samkvæmt ofangreindri sögu, þá er það líklegast vegna þess að hans gamli líkami er hans upprunalegi líkami. Þá er það alveg greinilegt að framlífsþeginn skynjar þennan dauða líkama og getur jafnvel fundið lyktina af rotnuninni og í sumum tilfellum til óhugnaðar í einhverjum mæli og kannski í einhverjar vikur eða mánuði á meðan líkið er að rotna. Og það er alveg víst að allir framlífsþegnar finna enga verki eða neitt þvíumlíkt, ef við miðum við þær ofangreindu upplýsingar sem komið hafa fram, m.a hjá þessum læknisfræðilega dauðu sjúklingum, sem aldrei hafa gefið neitt þvíumlíkt til kynna þegar viðkomandi sjúklingar sögðu frá upplifun sinni, sem þeir hefðu örugglega annars gert ef svo hefði verið.

Það hefur margoft komið fram á miðilsfundum, að þau sem tóku á móti framlífsfélaga sínum, hafi þurft í einhvern tíma að leiða athygli þess nýdána, sem þegar hafði líkamnast á öðrum hnetti, með hljóðfærslætti eða einhverju öðru skemmtilegu til að draga athygli hans frá hans gamla dauða líkama (en það er nauðsynlegt að taka það fram hér að það má aldrei treysta fyllilega því sem miðill segir, aðeins hafa það sér til hliðsjónar, því það er ýmislegt sem getur truflað sambandið).

Með þetta ofangreinda að leiðarljósi má gera ráð fyrir að það sé kannski þægilegra fyrir hvern tilvonandi framlífsþega að nota líkbrennsluna þó að viðkomandi mönnum muni finnast það óhuggulegt að láta brenna gamla líkama sinn í þessar nokkra mínútur sem það tekur af, því viðkomandi framlífsþegn mun ekkert finna til, þó hann skynji hvað er að gerast með þennan gamla hrörna líkama á meðan á því stendur. En í staðin fyrir að þurfa að skynja í styttri eða lengri tíma og kannski með óhugnaði, þegar gamli líkaminn er að morkna niður í eindir sínar. Fyrir utan það hvað það er til muna hagkvæmara að öllu leiti að brenna líkin.

En svo er það önnur saga hvort allir framlífsþegnar muni verða fyrir þessum áhrifum með einhverjum hætti, sem að framan greinir, þegar gamli líkaminn er að morkna niður í gröfinni, því get ég ekki haldið fram með nokkru móti. Og að lokum þetta:

Í þessu sem öðru er langbest að tilvonandi framlífsþegi fái sjálfur eða sjálf að taka þá endaákvörðun, sem viðkomandi óskar eftir, án afskipti annarra.

27. kafli

Huldufnið og alheimarnir fjórir

Það sem kemur hér á eftir er í raun framhald af greininni „Kenning um upphafið“ sem ég get um í 1. kafla í þessari bók. Þar segi ég í enda hans:

„Samkvæmt framangreindu kemur upp í huga minn spurningin: Með hvað hætti gerist það að ný öreind myndast við umhverfisbrot? Það hlýtur að skipta öllu máli að yfirorkan sem myndast við sprengingarnar, vegna hitans sem samsvarar vinnu, verður að geta bundist efninu þegar ákveðið magn af andöreind og öreind mætast. Til að svo geti orðið þurfa ákveðin efnasambönd í orkuformi að vera í himingeimnum sem hafa þessa eiginleika, með öðrum hætti getur tilurð efnisins í massa ekki orðið að veruleika eftir mínum skilningi.

Þá er þarna einnig til staðar adenósínfosfatsameindir sem eru nauðsynlegar undir þessum kringumstæðum þar sem þær eru einu sameindirnar sem hafa þá eiginleika að geta bundið orkuna við efnið. Þá liggur það næstum ljóst fyrir að allar öreindir í himingeimnum voru til staða í orkuformi fyrir umhverfisbrotið (Miklihvellur) og hafa innbyrðis ákveðin efnamynstur eins og lífeindin. Þá er nærtækast að álíta að adenósínfosfatsameindin kom þar við sögu á sama tíma og umhverfisbrotin verða, til að efnið geti bundist þessari sameind. Ég tel það ólíklegt að það hafi tekist með örum hætti að mynd nýja öreind með massa sem varð til þess að heimurinn gat orðið til.“

Vísindamenn telja samkvæmt nýjustu uppgötvun að allar stjörnur sem sjást á himnum séu ekki nema fjögur prósent af massa alheimsins. En svo urðu þeir varið við ósýnilegt fyrirbæri í alheiminum sem gaf merki um massa þar sem engin fyrirstaða átti að vera. Þessi ósýnilegi massi sendir að sjálfsögðu ekkert ljós frá sér. Þeir fundu það óbeint gegnum þyngdaraflsáhrif þess á stjörnurnar þar sem hún jók hraða stjarnanna yst við jaðar vetrabrautarinnar í samræni við stjörnurnar í miðju vetrabrautinni. En samkvæmt lögmáli átti stjörnurnar að hægja á sér yst í vetrabrautinni. Vísindamennirnir urðu einnig varir við það vegna þess að ljósið sveigði undan þessum ósýnilegum massa.

Efnið hefur hvort tveggja tilhneigingu til að klumpast saman með tímanum og sumir eiginleikar þess líkjast þekktum eiginleikum efnis sem við þekkjum. Það skiptir máli hæfileiki þess að geta klumpast vegna dreifingar, annars vegar í kalt og hins vegar í heitt huldufnið. En það hefur ekkert með hitastig efnisins að gera, það byggist á öreindahraða þess. Heitt huldufni inniheldur öreindir sem hreifa sig með hraða nærri hraða ljóssins, hún klumpast ekki. Hins vegar hefur kalt huldufni öreindahraða sem er mun minna en í ljósi.

Ég leitaði fanga um huldufnið í tímaritinu Lífandi Vísindi, nr. 8, 2008.

28. kafli

Leiðrétting

Í lesbók Morgunblaðsins 6. júní, 1992 birtist grein sem hér er nefnd Stjörnulíffræði en í Morgunblaðinu ber hún nafnið Frumlífsjörð og framlífsheimar. Þar kemur fram þessi setning: „Undirstaða lífsins er lífgeislanin, sem ég tel að hafi fóligna í sér lífeindir. Það er mín kenning og ekki byggð á fræðum Helga Pjeturss.“

Ég biðst afsökunar á að hafa ritað þessa setningu og mér til afsökunar skrifa ég hvorki ensku né les. Þess vegna vissi ég ekki betur og að lífeindakeningin væri mín hugmynd. En því miður voru enskir fræðimenn á undan mér. Þess vegna vil ég segja frá því hvernig ég fann lífeindina fyrir sjálfan mig.

Það gerðist á Akureyri þegar ég bjó þar árið 1981. Ég hálf sat eða lá í sófanum inni í stofu og var að hugsa með hvað hætti áran gætit fengið þær upplýsingar sem hún var uppfull af um sálar og líkamsástand lífverunnar. Eftir litla umhugsun kom mér í hug að einhvers konar bolli hljóti að flytja þessar upplýsingar. Eftir einhvern tíma datt mér í hug sólargeislinn og ljóseindin. Þá náði ég í bók sem ég átti um sólina og las það sem þar stóð með mikilli athygli. Þá fannst mér ég sjá líkingu á ytri byrði sólar og sálar.

Sólin gefur frá sér ljós. Sálin gerir það líka. Sólin gefur frá sér gas sem mætti líkja við áru sálarinnar. Sólin sendir frá sér ljósgeisla og sálin lífgeisla. Í ljósgeislanum eru ljóseindir.

Þegar ég hafði lagt þessar upplýsingar fyrir mig með þessum hætti þá fannst mér með ólíkindum hvað líkingin á ytri byrði sólar og sálar áttu margt sameiginlegt. Þá fór ég að velta ljóseindinni fyrir mér og hlutverki hennar.

Þá sagði ég við sjálfan mig: Sólin gefur frá sér ljósið og það gerir sálin einnig. Svo hélt ég áfram og sagði: Sólin gefur frá sér ljóseindir og hvað gerir þá sálin? Getur hún gefið einhvers konar öreind frá sér. Þá reisti ég mig skyndilega upp og sagði við sjálfan mig: Það hlýtur að vera, það er allt of margt líkt með sól og sál til að svo sé ekki. Eftir einhverja umhugsun taldi ég það víst og nefndi öreindina lífeind.

Eftir því sem ég hugsaði meira um þetta því vissari varð ég og að síðustu byggði ég mínar hugmyndir á fyrirburðafræðinni að nokkru leyti á lífeindakeningunni og notaði þær einnig sem forsendur og komst að sömu niðurstöðu og dr. Helgi Pjeturss á fyrirburðafræðinni. Þar að auki púsluðust kenningarnar í heildarmynd hvar sem komið var niður ef byggt var á þessum fyrrgreindum forsendum og þeim forsendum sem kenningar dr. Helga byggðu á.

Að lokum vil ég geta þess sem Rita Carter skrifar í bók sinni Kortlagning hugans, bls. 13 og 19:

„Trú og trúarreynsla er venjulega talin yfir vísindarannsóknir hafin og engu að síður hafa taugafræðingar við Kaliforníuháskóla í San Diego staðasett svæði í gagnaugablaði heilans sem virðist framkalla afar sterka andlega upphafningarkennd, ásamt tilfinningu fyrir einhvers konar yfirskilvitlegri návist. Kanadíska taugavísindamanninum Michael Persinger, við Laurentian-háskólann, hefur meira að segja tekist að framkalla slíkar tilfinningar hjá algerlega trúlausu fólki með því að erta svæðið. Persinger segir:


„Að jafnaði skýrir fólk frá návist. Einu sinni vorum við með blikkljós í gangi og einn maður sá reyndar Krist í blikkljósinu.... guð vitraðist konu nokkurri. Á eftir skoðuðum við heilarit hennar og þar sáust dæmigerð einkenni flogakasts (toppur og hæg bylgja) yfir gagnaugablaðið nákvæmlega þegar hún varð fyrir reynslunni – aðrir hlutar heilans voru eðlilegir.“

„Sú staðreynd að sérstakur trúarblettur virðist vera í heila okkar sannar ekki endilega að andlega víddin sé ekki annað en afsprengi órólegrar rafvirkni. Ef guð er til er það rökrétt að hann hafi skapað okkur með eitthvert líffræðilegt gangvirki sem við getum skynjað hann með.“

Gæti það ekki verið ágætt ráð fyrir ákveðna vísindamenn að kanna betur nýalskar kenningar dr. Helga Pjeturss? Alla vega fyrir þá sem hafa lesið framangreindar greinar.

Ágrip og samantekt um stjörnulíffræði

Yfirlitsdráttur:



Eins og framgreindur yfirdráttur sýnir þá skiptir það engu máli á hvaða grein í fyrirburðfræði kennimaðurinn byrjar að rekja sig áfram, hann fær alltaf sömu heilstæðu myndina ef hann fylgir þeim forsendum sem hugmyndafræðin um lífeindirnar byggja á.

Kenningin um uppruna lífsins

Tilvera okkar samkvæmt eðlisfræðingum stafar af vægu umhverfisbroti, þ.e.a.s. fyrir hvern milljarð andöreinda sem myndast verður til milljarður öreinda og ein í viðbót. Við erum því samansett af umframefnum sem urðu til í upphafi alheimsmyndunar í ótrúlegri orkusprengingu.

Við frumuskiptinguna myndast hiti sem magnar upp orkuna og hún verður meira en tvöföld, það myndast ein öreind eða kannski fleiri í viðbót, þessi umframorka leitast ávallt við að sameinast efninu.

Þá hlýtur að skipta öllu máli, að yfirorkan sem myndast við sprengingarnar (vegna hitans sem samsvarar vinnu) verður að geta bundist efninu þegar ákveðið magn af andöreind og öreind mætast. Til að svo geti orðið, þurfa ákveðin efnasambönd í orkuformi að vera í himingeiminum sem hafa þessa eiginleika.

Þá þurfa m.a. að vera til staðar adenósínfosfatsameindir þar sem þær eru einu sameindirnar sem hafa þá eiginleika að geyma bundna efnaorku, eins og til dæmis andardráttinn.

Sálin, lífgeislinn og áran

Flestir eru þeirra skoðunar að hver lífandi vera hafi sál og jafnframt hafa þeir sömu enga hugmynd um hversu stór hún er. Samt sem áður eru margir sem vilja draga ýmsar ályktanir hugmyndalega séð um stærð hennar sem stenst ekki við nánari skoðun. Svo eru einhverjir af þeim sem álíta það fráleitt að ætla svo um aðrar tegundir lífvera.

Lífveran gefur frá sér magngjafa sem streymir frá líkamanum í gufuformi og einnig útgeislun sem nefnist lífgeisli sem ber með sér lífeindir sem hafa í sér geymdir, upplýsingar um andlegt og líkamlegt ástand allra lífvera.

Með Kirlian-ljósmyndataekni hefur tekist að sýna fram á gildi hugmyndafræðinnar um áruna. Með þessari ljósmyndataekni voru gerðar margar athuganir af karli og konu undir mismunandi álagi, bæði þegar þau voru sjúk og aftur þegar þau voru heilbrigð þá sást greinilegur munur á árunni og engin undatekning með það að litróf var mismunandi eftir ástandi verunnar, svo er með allar lífverur. Svo er einnig ef veran hefur misst t.d. fingur, þá kemur greinilega í ljós með Kirlian-ljósmyndataekni að það er önnur tegund af orku sem er staðbundin fyrir framan stúfinn og þegar stúfurinn var heill og fylgir lögun fingursins eins og þegar hann var heill. Það bendir til að sú tegund af orku sé sálin og það sé stærð hennar. Samkvæmt því fylgir sálin lögum líkamans.

Það fer ekki á milli mál að sálin og líkaminn eru samofin hvort öðru sem ein heild og getur þar af leiðandi aldrei verið án hvors annars, það er ýmislegt sem bendir til þess, m.a. með þeim hætti að þegar holdið er veikt þá kemur það einnig fram á sálinni og öfugt, einnig þegar spegilmynd líkamans myndast við hamfarir.

Samkvæmt ofangreindu má draga þá ályktun að það megi skipta þessari andlegu orku verunnar sem er líforka í fimm einingar; það er sálin, lífgeislinn, áran, lífeindir og lífhjúpareiki:

1. Sálin er sjálfíð, sem gefur frá sér ljós og hún nær frá miðju að útlínum líkamans samkvæmt ofangreindri orku sem myndast fyrir framan stúfinn. Hún hefur einnig allar upplýsingar um þroskaferil sinn frá uppruna lífsins á jörðu hér sem hún hefur arfleitt frá foreldrum sínum og forfeðrum. Því til staðfestingar má sjá með sönartækjum hvernig þriggja mánaða fóstur þroskast úr einni óþroskaðri tegund í aðrar hver annarri fullkomnari þar til barnsfóstrið hefur náð mynd sinni. Barnsfóstrið tekur þá þroskaskeið sitt út á níu mánuðum sem hafði áður tekið manninn milljónir ára að þróast upp í reisi-manninn. Það er margt sem bendir til að sálin sé uppbyggð með mynstri sem er hlaðið af upplýsingum af guðlegum eiginleikum og allar götur niður í minnstu einingu til að geta sameinast efninu og kveikt nýtt líf á frumlífsjörðu þegar aðstæður leyfa og skapað sig að lokum í mynd guðlegrar veru eftir mismunandi þroskaferli hvers einstaklings. Þessir eiginleikar líforkunnar hrinda þá af stað allri starfsemi fyrir hverja lífveru, þar á meðal að virkja kjarnsýruna til að tvöfalda sig og geta ungvíði.
2. Lífgeislinn er ljósgeislinn sem sálin gefur frá sér. Lífgeislinn er ósýnilegur fyrir flestum nema skynnæmu fólki. Þessi útgeislun frá lífverunni var ekki viðurkennd af vísindamönnum fyrr en Kirlian-ljósmyndataeknin kom til sögunnar. Hann berst með ómælanlegum hraða út frá verunni í allar áttir með ógrynni af eindum sem nefnast lífeindir, samanber sólargeislinn sem ber með sér ljóseindir. Þessi geisli flytur allar þær upplýsingar sem lífeindirnar geyma um sálina og jafnframt flytur til verunnar þær upplýsingar sem þær hafa innbyrgt um það sem gerist í veröldinni.
3. Áran er hluti af lífgeislanum og ein af ógrynnum eiginleikum hans, hún myndar m.a. mikilvægan hjúp með lífeindum sínum umhverfis veruna sem varnarhlíf og ber með sér allar upplýsingar um andlegt og líkamlegt ástand hennar, það kemur fram í lítrófi árunnar. Hún er einnig varnarhjúpur verunnar.
4. Lífeindirnar sem lífgeislinn ber með sér um víða veröld hefur í sér geymdir um lífveruna bæði af andlegum og líkamlegum toga ásamt reynslu hennar og viðburðum. Allar þessar upplýsingar færast jafnframt yfir í áruna. Lífeindirnar gefa frá sér og taka einnig á móti upplýsingum frá öllum lífverum í veröldinni sem vilja og geta numið sendinguna. Þá skiptir engu máli hverra tegundar lífveran er því merking upplýsinganna er alheimstungumál sem heilinn nemur og vinnur rétt úr ef móttakan er í fullkomnu lagi, annars rangtúlkar heilinn sendinguna, sem kemur æði oft fyrir.
5. Lífeindahjúpurinn er orkusveipur frá ákveðinni lífveru sem er samansafn af nauðsynlegum lífeindahópi sem dregst saman eftir föstu mynstri. Hún þéttist samkvæmt hugsunarhætti lífverunnar sem myndast vegna einbeiti hennar og mögnunar. Lífeindarhjúpurinn hefur m.a. því hlutverki að gegna að ferðast um heiminn, oftast stjórnlaus þó einstakir menn hafi stundum náð valdi á henni. Lífeindahjúpurinn er byrjunarstig á hamförum, það er að segja eftir því sem hann þéttist meira þá afefnast hann að lokum af einum

stað og efnast á öðrum stað. Þessi lífeindahjúpur myndar þá drauga sem fólk segist sjá.

Kenningar dr. Helga Pjeturss í stuttu máli

Dr. Helgi Pjeturss telur draumarannsóknir vera fyrsta áfanga að stjörnulíffræðinni. Hann fann að draumur eins tengist alltaf vökulífi annars, þ.e.a.s. þegar einn dreymir þá er hann í sambandi við draumgjafa og upplifir það sofandi þegar hann dreymir. Og oftast er draumgjafinn á annarri plánetu. En stundum er draumgjafinn á þessari jörðu og einnig blandast margir draumgjafar inn í drauminn. Og dr. Helgi telur sig hafa sannreynt og sýnir það með viðunandi rökum að draumasamband, hugsanaflutningur, tilfinningaflutningur og sjónflutningur er eðlislægt mannum og jafnframt öðrum lifandi verum. Einnig eru miðilssambönd eðlislæg þeim sem eru næmir á líforkuna og dáleiðsla byggst á sama lögmálinu.

Þess vegna verður það skiljanlegt sem stundum hefur borið við að sofandi dreymir að hann sjá stjörnuhiminn með allt öðrum stjörnumerkjum en sjást frá okkar jörðu. Þá er einnig auðskilið hvers vegna dreymandinn sér tvær sólar á lofti. Skýringin er einföld; draumgjafinn er á annarri plánetu og er að horfa til himins þar sem draumgjafinn sér annars konar stjörnumerki en hann þekkir og stundum tvær sólar sem lýsa upp jarðkringlu draumgjafans.

Við athugun kemur í ljós að ef dreymandinn horfir í spegill þá sér hann ekki sitt eigið andlit, aðeins andlit draumgjafans. Með rannsóknum sínum komst hann að þeirri niðurstöðu að framlíf er á öðrum stjörnum og ekki í andaheimi. Einnig sá hann að stilliáhrif er þáttur í sérhverju sambandsfyrirbæri sem er í raun lífgeislafyrirbæri. Lífgeislinn flytur með sér sambandskynjanir með ógnarhraða, langt fram yfir ljóshraða á milli staða og ekki síður á milli stjarna. Við rannsókn hans kom í ljós fleiðslulögmálið, þ.e.a.s. sú samstilling taugakerfanna og lífstarfs sem nauðsynlegt er til að geta tekið á móti lífgeislanum. Kenning dr. Helga sýnir einnig fram á að andatrú og endurfæðing á sér ekki stað í tilverunni þar sem hún samsvarar ekki náttúrulögmálinu.

Dr. Naum Kotik

Margar tilraunir hafa verið gerðar á mannsheilanum og ég vil geta þess sem var gert fyrir löngu síðan og er skráð í Nýall, bls. 290-291. Rússneskur sálfræðingur dr. Naum Kotik fann að mannsheilinn sendi frá sér orku sem hagar sér líkt og rafmagn. Orku þessa gat hann leitt eftir koparþræði og safnaði henni á yfirborð hlutar. Þá stórmerkilegu uppgötvun gerði Kotik að orka þessi sem geyma má á pappírbláði leitaðist við að framleiða sig aftur í öðru heilaástandi eins og það sem samfara var útstreymi hennar.

Samantekt

Andaheimskeningin

Þrátt fyrir virðingarverða viðleitni fræðimanna til að finna tilurð drauga, samanber fylgjur, þá hefur ekkert áunnist, ég undanskil þá kenningu sem dr. Helgi Pjeturss hefur lagt fram því þar finnst raunsæ lausn.

Draugagangur kemur oftlega frá framlífinu og stundum þegar mistekst að fullmynda spegilmynd við hamfarir. Þetta gerist með þeim hætti að þegar t.d. fólk reynir sjálfrátt eða ósjálfrátt að spegilmynda sig á öðrum stað, hvort sem maðurinn er frá framlífinu eða frá þessari jörðu, þá losnar smám saman af líkama viðkomandi hver efniseind af annarri, á meðan kalla ég það lífhjúpareiki, þar til fimmtíu prósent hefur breyst, úr efni í loftkennt efni, frá þeim líkama og meirihlutanum hefur tekist að mynda sig á öðrum stað úr efninu sem þar er fyrir, þá fyrst flyst sálin yfir í þann líkama, þá kallast það sálfarir. Og ef vel tekst til þá heldur orkusveipurinn áfram að þéttast eftir atvikum, því meira sem tættist af fyrri líkamanum þá verða allar hreyfingar hans hægar og fölnar því meira sem af henni dregur, þangað til hann hverfur allur og fullkomin líkami myndast á seinni staðnum, það kallast hamfarir.

En ef viðkomandi tekst ekki betur til en svo að geta aðeins myndað sig sem óljósa mynd af sjálfum sér sem orkuhjúp þá myndast það sem menn kalla draugur. Á þeim forsendum telja andatrúarmenn að dáið fólk komi frá andaheimi þegar slíkir sveipir myndast á miðilsfundum, ekki síður þó sá dáni birtist á fundinum í þeim efnislíkama sem hann hefur í framlífinu.

Dáleiðsla

Dáleiðsla byggist á sama lögmáli og aðrar sambandsskynjanir, það er vegna samstillingar lífeindanna sem streyma á milli dávalds og hins dáleidda með þeim hætti að lífgeislinn ber lífeindirnar sem hafa í sér geymdir og bera upplýsingarnar frá dávaldi til dáleidda.

Eins og í því tilfelli sem ég nefni hér að aftan. Þá dáleiddi dávaldur eina stúlku í svo djúpan svefn að þegar dávaldurinn setti salt upp í sig þá skynjaði stúlkan saltbragðið og byrjaði að skyrpa út úr sér þó ekkert salt væri upp í henni. Það er vegna þess að dáleidda stúlkan er í beinu sambandi við heila dávaldsins og finnur þess vegna bragðið af saltinu sem dávaldurinn setti upp í sig.

Draumar: Þetta verður að hafa í huga þegar rannsaka á drauma

1. Draumgjafaskipti, missýnisdraumar og sambandsskynjanir eru ávallt við draumgjafa að því undanteknu þegar dreymandinn er í sambandi við lífeindahjúpinn sinn.
2. Sambandsskynjun dreymandans getur samtímis skynjað umhverfið sitt að einhverju leiti í gegnum svefninn eða hans hugur blandast inn í drauminn. Það á við þegar dreymandinn er á milli draums og vöku.

3. Hver sem er getur verið stillir (stillilögmálið) dreymandans; ættingjar, vinir ókunnugir eða aðrar lífverur. Stillirinn veit sjaldan eða aldrei þegar hann stillir dreymandann inn á ákveðinn draum.
4. Djúpur og laus svefn hefur mismunandi áhrif.

Draumgjafinn

Draumur eins tengist ávallt vökulíf annars. Þ.e.a.s þegar einn dreymir þá er hann í sambandi við draumgjafa og upplifir það sofandi og þessi draumur sem kemur hér á eftir sýnir fram á það. Einn vinnufélagi minn dreymdi slíkan draum. Þessi ákveðni maður vann í Slippstöðunni á Akureyri og hann sagði mér svo frá:

Í hádeginu skrapp ég úr vinnunni í mat og sofnaði þar í stutta stund. En konan mín hafði skroppið til vinkonu sinnar skömmu áður en ég sofnaði. Þá dreymdi mig að ég var að ræða við konu mína að kaupa hjól til að fara í vinnuna. En þegar við höfðum rætt þessi mál fram og aftur þá sagði kona mín hlæjandi og sló í borðið um leið: „Nei, við skulum heldur kaupa mótorhjól.“ Við þessi setningu vaknaði ég. Skömmu síðar kom konan mín heim frá vinkonu sinni, þá sagði ég henni þennan draum. Þá sagði hún undrandi: „Þetta er einkennilegt því að ég og vinkona mín vorum einmitt að ræða þessi mál á þennan hátt heima hjá henni.“

Þarna kemur greinilega fram að draumur eins tengist vökulífi annars, þ.e. vinkonan var draumgjafi vinnufélaga míns. Hann upplifði í draumi sig sem vinkonuna þegar hún var að tala við eiginkonu hans.

Draumgjafaskipti og missýnisdraumur

Þegar draumgjafaskipting gerist þá slitnar sambandið við fyrri draumgjafa og dreymandinn hefur samband við annan eða aðra draumgjafa með stuttu millibili. En missýnisdraumur er þegar maðurinn hefur tök á að bera saman t.d. landslag og húsaskipan sem þér fannst þú þekkja í draumnum við það landslag og húsaskipan, þegar þú vaknar sem þú þekkir út og inn þá kemur nánast oftast í ljós að hið raunverulega landslag var með einum eða öðrum hætti öðruvísi. Það er vegna þess að draumgjafinn bjó á nokkuð líkum stað, kannski á öðrum hnetti eða einhvers staðar á okkar jörðu.

Mig hefur dreymt draum sem er hvort tveggja draumgjafaskipti og missýnisdraumur, þá bjó ég á Akureyri. Draumurinn er á þessa leið:

Mig dreymdi að ég væri í bifreið með tveimur karlmönnum að degi til, snjór þakti jörðina. Mér fannst við aka inn á ráðhústorgið á Akureyri og síðan inn Hafnastræti og umferðin var stöðvuð, einn okkar sagði: „Það er umferðarslys þarna framundan. Við ókum meðfram kyrrstæðum bílunum, nú vissi ég að við vorum í sjúkrabifreið og hún var stöðvuð á slysstað. En samkvæmt öllu er húsaröð beggja vegna við Hafnastræti. En í draumnum endaði húsaröðin öðrum megin og þar var stórt opið svæði og síðan tók aftur við húsaröð. Þarna á þessu opna svæði var verið að bera slasaðan mann á börum í burtu. Á þessum börum sat lítil stúlka grátandi ofan á brjóst slasaða mannsins. Þá datt mér helst í hug í draumnum að stúlkan væri dóttir mannsins sem lá

á börunum. Ég sá að faðirinn talaði við dóttur sína henni til hughreystingar. En þarna skammt frá var blóði drifið svæði í snjónum, eins og einhver hefði misst mikið blóð. Þá heyrði ég að einhver sem var fyrir utan bifreiðina sagði að konan væri dáinn. Síðan héldum við áfram og vorum skyndilega komnir niður á höfn. Þar var bifreið af tegundinni Dodge Weapon, að mér fannst í draumnum, henni var ekið framhjá bifreið okkar á mikilli ferð. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir að þarna var mikil hálka. Weaponinn rann skyndilega fram og til hliðanna. Ég hafði á tilfinningunni að ökumaðurinn hafði hemlað bifreiðinni af leikaraskap, sem gerði það að verkum að bifreiðin rann á bryggjukantinn og hrapaði fram af bryggjunni. Á því augnabliki var ég allt í einu komin inn í Weaponinn og sá í gegnum framrúðu bifreiðarinnar grjóthnullunganna og sjávarkambinn langt fyrir neðan. En það stóð ekki yfir nema eitt augnablik sem ég var í bifreiðinni sem var að hrapa í, því skyndilega sá ég úr sjúkrabifreiðinni framenda bifreiðarinnar sem var að hrapa og ég sá Weaponinn svifa niður þessa miklu fallhæð, kannski 10-20 metra. Ég fór út úr bifreiðinni og hljóp með hraði inn á einhverja skrifstofu þar sem kona og karlmaður voru við störf. En á leiðinni þangað kom upp í huga minn hvers vegna væri ég að fara að hringja í sjúkrabifreið þar sem ég var í slíkri bifreið sjálfur. Þegar ég kom inn á skrifstofuna bað ég karlmanninn um að hringja í sjúkrabifreið því bifreið hafði ekið fram af bryggjunni. Hann spurð mig hvort ég vildi tilkynna slysið sjálfur. „Skiptir engu máli,“ sagði ég um leið og ég tók við símtólinu. Þá heyrði ég einhverja rödd sem svaraði og ég sagði til nafns og man ekki hvaða nafn ég nefndi, síðan ætlaði ég að segja frá slysinu. Þá var mér sagt að þetta væri rangt númer og að ég ætti að hringja í annað númer. Þá kom fát á mig svo ég heyrði ekki rétta númerið sem hann gaf mér. Ég starði á tólið og síðan á karlmanninn við skrifborðið. Á því augnabliki vaknaði ég.

Eins og sjá má þá taldi ég mig vera á Akureyri í draumnum. En það stenst engan veginn miðað við Hafnarstrætið eins og þar er og ekki heldur ef miðað er við þetta háa fall af bryggjunni og þar að auki niður á einhverja grjóthnullunga í fjörुकambinum, sem ekki er til staðar við bryggjuna á Akureyri. Þetta er missýnisdraumur og það eru draumgjafaskipti þegar ég m.a. var í draumnum í sjúkrabifreiðinni skyndilega komin inn í Weaponinn og aftur í sjúkrabifreiðina.

Þannig er oft með drauma að maðurinn telur sig þekkja staðinn í draumnum og þegar maður hefur tök á að athuga drauminn betur eftir að maður vaknar þá sér maður að staðurinn er, mun oftast en ekki, á einhvern hátt öðruvísi eða að þetta var ekki sama manneskjan sem draumamaður taldi sig þekkja og var aðeins lík henni. En í slíkum tilfellum getur oftlega verið ansi erfitt að sjá þann mismuninn eftir að draumamaðurinn vaknar.

Draumur um framlífið

Ég vil bæta hér við merkilegum draumi sem mig dreymdi þann 7. nóvember, 1975. Hann er eftirtektarverður fyrir það að draumgjafinn var að kveðja frumlífsjörð sína og fluttist síða yfir á framlífsjörð. Vegna þekkingar draumgjafans kom honum ekki á óvart hvað tók við, eða mín eigin þekking blandaðist inn í drauminn. Einnig gefur þessi draumur sitt hvað til kynna um þróun dýranna í framhaldslífi. Draumurinn er á þessa leið:

Í draumnum lá ég liggjandi fárveikur og við hlið mína sat systir mín, draumgjafans (sem ég sá þegar ég vaknaði upp af draumnum að hún var ekki lík minni raunverulegu systur sem dó fyrir mörgum árum). Hún fylgdist með líðan minni með því að fara

höndum um líkamann minn og segir síðan: „Þú ert dofinn í bakinu og því tel ég að þú eigir stutt eftir.“ Þá svaraði ég: „Ég veit það vegna þess að ég er allur að dofna upp,“ mér þótti það vera allt í lagi og sjálfsagt.

Skömmu seinna veit ég ekkert af mér þar sem ég hef skilið við minn gamla líkama á þeim tímapunkti. Næst þegar ég vissi af mér þá lá ég á grasigrónu engi, síðan reis ég upp og leit í kringum mig í þessu hálf rökkvaða landslagi, í hlýju og blæjalogni. Ég kannaðist ekkert við mig og gerði mér fyllilega grein fyrir því að ég var ekki kominn í einhvern andaheim, því allt var efnislegt í kringum mig eins og ég átti að venjast í gömlu heimahögum mínu, svo það er ósköp eðlilegt að margt dáið fólk sem trúði á andaheim og fluttist síðan með dauða sínum yfir á nýja jarðneska jörð, tryðu því ekki í fyrstu að þau hefðu dáið, eins og oft hefur komið fram á miðilsfundum.

En samt varð mér að orði,.: „Skrýtið, þetta er alveg eins og ég hef hugsað mér það.“ Meira minnst ég ekki fyrr en ég er kominn á annan stað þar sem sól var á heiðskírum himni og ég sá að umhverfis mig var fámennur hópur af báðum kynjum. Þetta fólk hafði skilið við á undan mér og virtist ekki vita hvað beið þeirra og fólkið var þögult og værd hvíldi yfir þeim. Ég horfði yfir hópinn í skamma stund og segi síðan við það: „Það gæti vel verið að einhver komi til okkar og reyni að gleþja fyrir okkur og við megum ekki láta þau villa um fyrir okkur.“

Síðan finnst mér ég vera komin svolítið afsíðis frá fólkinu og tek þá fyrst eftir landslaginu sem var með hólum, hæðum og töluvert af trjám. Skömmu síðar komu til mín í litlum hóp einhvers konar skriðdýr, öll nokkuð stór og um ein metri á hæð og þær líktust einna helst skjaldbököm. Eitt af þessum dýrum náði samband við mig með hugsanaflutningi og sagði við mig: „Þú átt eftir að lenda í einhverju basli.“ Í draumnum skildist mér að þessir erfiðleikar yrðu þesslegir að ég yrði sendur á verri stað. Þótti mér það svolítið undarlegt þar sem ég taldi mig ekki vera svo slæman mann og fannst það þó vera allt í lagi, þar sem ég vissi að ég mundi ekki vera þar lengi. Síðan gekk ég frá þessum dýrum til fólksins og sagði þeim frá þessum skilaboðum sem ég hafði fengið.

Þessi draumur segir samkvæmt framangreindu að það er ekki óraunhæft að framhaldslífið haldi áfram á annarri jörðu í sólkerfi á einhverri vetrabraut í órafjarlægð frá vorri jörð, eins og kenning dr. Helga Pjeturss segir til um og að framhaldslífið sé fyrirhugað í lífstefnuátt að vera guði líkastir. Til að það geti orðið þarf maðurinn að þroskast til betri skilnings til að geta orðið betri maður.

Eftir sem áður vil ég einnig draga þá ályktun og tel næsta víst, þar sem ég er sæmilega draumspakur maður og þar sem draumar geta einnig verið fyrirboðar, hafi þessi draumur verið viðvörunardraumur um að líf mitt yrði ekki dans á rósum. Í dag get ég sagt að svo hafi einmitt orðið.

En vil láta fylgja hér með ljóð eftir mig sem nefnist Heimsókn. Þar kemur fram að guðaverur ásamt gyðjum eru að sækja þessa fullkomnu menn og flytja þá til sinna heimkynna með hamförum þar sem þau þurfa ekki að deyja til að komast á enn betri jörðu en þau eru á.

Heimsókn

Á hæðunum grænu er hamingju lið
af hugnæmum mönnum er velja þann frið
að guðirnir komi sem geislandi ljós
og gyðjurnar fögru sem ilmandi rós.

Því heimsóknin kemur með himneskri ró
frá hnettinum mikla en afefnast þó
og eindirnar þéttast með öflugum mætti
sem almættið veldur með dýrlegum hætti.

Og hljómfagur söngur af himninum bláa
frá hamfara verum og meistara háa
þeir svífa í ljósi og sveima að hæðum
sannfróðir menn af guðlegum gæðum.

Í geislandi ljósi sem gestrisnir menn
með gullbúið hjarta þeir kyrja í senn
að heimurinn verði eitt hamingjuból
á hnöttunum öllum sem hrifandi sól.

Á hæðunum grænum er hamingjulið
því hamfaraferð og syngjandi um frið
að heimurinn verði sem hamingjugnótt
með himneskum verum við förum í nótt.

Endurfæðing

Vísindamenn hafa oftlega rannsakað fólk sem telur sig hafa lifað áður á þeim forsendum að viðkomandi manneskjur hafa getað lýst hlutum og manneskjum frá fyrri öldum svo nákvæmlega að þessir fræðimenn hafa ekki geta dregið þær upplýsingar í efa. Á þeim forsendum drógu vísindamenn undantekningalaust þá ályktun að réttlætianlegt væri að álíta að slíkar upplýsingar hlytu að vera frá fyrri lífi.

En dr. Helgi Pjeturss kemst að annarri niðurstöðu, samkvæmt þeim rannsóknum sem hann hefur gert á endurfæðingarkenningunni og kemst að allt annarri niðurstöðu, eins og hann nefnir í einni Nýalsbók sinni, þar sýnir hann fram á að þetta gerist með örum hætti og endurfæðingarkenningin segir til um.

Við sögu koma tvær fjölskyldur sem má nefna A og B, fölskyldurnar þekkjast ekki og eiga hvor sína stúlkuna sem eru sjö ára gamlar. Stúlka í fjölskyldu A deyr á þessum aldri og tveimur árum síðar kynnast þessar tvær fjölskyldur. Þegar stúlka í fjölskyldu B kemur ásamt foreldrum sínum í heimsókn til fjölskyldu A þá er stúlkan nú ára gömul og hún fer inn í herbergi hinnar látnu stúlku sem væri einnig nú ára gömul ef hún hefði lifað. Við innkomuna í þetta herbergi opnast nýr heimur fyrir stúlku B. Því að ljós kemur að hún hefur fengið ýmsar upplýsingar um látnu stúlkuna sem móðir hennar átti ein að vita. Slíkar lífsreynslu sögur eru margar til þó að það sé vitnað í þessa einu sögu.

En það sem gerðist þarna þegar hún gekk inn í þetta herbergi þá fékk hún sambandsskynjun við dónu stúlkuna A. Þannig fékk stúlka B þessar upplýsingar sem engin átti að vita nema móðirin. Það eru allar líkur fyrir því að allar þær skynjanir sem valda því að maðurinn telur sig hafa lifað áður eru einungis sambandsskynjanir. Mér þykir furðu sæta að fræðimenn sem hafa lagt sig við að hafa rannsakað endurfæðinguna láti slíka lífsreynslusögur fara fram hjá sér.

Hamfarir

Þegar hamfarir gerast þá afefnast manneskjan á þann hátt að líkaminn leysist upp í efniseindir og sameinast jarðveginum og líforka þýtur með ómælanlegum hraða og myndar sig á öðrum stað úr jarðefninu og myndar spegilmynd sína samkvæmt lífeindamynstrinu. Hamfarir eru nákvæmlega sama fyrirbrigði og þegar maðurinn deyr, munurinn er aðeins sá að dóni maðurinn flyst yfir á aðra jörð eftir dauða sinn. En með hamförum á maðurinn einnig að geta flutt sig á milli hnatta án þess að deyja ef aðstæður myndast þannig, því þetta er í raun sami viðburðurinn, með smá afbrigðum. Því munurinn er aðeins sá þegar maðurinn deyr að í staðin fyrir að leysast upp eins og í hamförum þá fer sálin úr líkamanum og myndar sig á annarri jörðu sem henni er líkust.

Hamfarir eru ekki algeng fyrirbrigði, það gerist hjá skynnæmu fólki og venjulega óvænt. Efnið leysist upp, þá er líforkan laus úr viðjum efnisins og fer með sínum ólýsanlegum hraða á áfangastað og hefur allar upplýsingar um andlegu og efnislegu þættina til að mynda spegilmynd sína þar úr þeim efnivið sem er þar til staðar, vegna eiginleika lífeindanna að gera efnið í sig.

Það eru til sagnir um og mjög sjaldgæfar, að menn hafi stjórn á hamförum sínum. Og það eru til staðfestar sagnir að heilt herskip hafi horfið frá einni bryggjunni svo skyndilega, að varla á auga festi, með mönnum og músum. Og skyndilega sást það á öðrum stað marga kílómetra fjarlægð í einhverjar mínútur áður en það hvarf þaðan og birtist aftur á sínum fyrri stað.

Huldufólk

Huldufólk og álfar búa ekki í klettum, hólum eða í blómum eins flestir sjáendur telja þegar þeir verða varir við þessar verur á fyrrnefndum stöðum. Vegna þess að þegar sjáendur koma á þessa staði þá myndast orkusamband á milli álfanna og sjáanda vegna orkumögnunar sem þau hafa myndað hér á jörðu til að geta náð sambandi einhverra hluta vegna við jarðarbúa.

Það má líkja því einna helst við hlutskyggni þar sem skynnæmur maður heldur á hring sem viðkomandi eigandi hefur borið, þá gefur efnisorka hringsins honum ýmsar upplýsingar um viðkomandi mann sem hringurinn hafði numið til sín frá eigandanum eins og öll efni gera.

Á sama hátt, þegar sjáandinn er inni á álfasvæðinu þá gerist sami hluturinn vegna orkumögnunar sem þar er og stillir sjáandann til heimkynna álfanna sem eru á annarri plánetu. Því þar hafa allar þessar verur venjulegt hold, blóð og einnig eðlisþyngd eins og aðrar mannverur hér á jörðu og þá sjá allir sem eru skynnæmir þau þannig. Þess vegna er ástæðulaust að líta á þau með öðrum hætti og ekki láta það villa sér sýn þó

að sjáendur sem búa á þessari jörðu sjái aldrei þessar verur nema í þessum hólum og klettasvæðum.

Er þá ekki eitthvað óeðlilegt við þá sýn þegar skyggni maðurinn sér huldufólkið ganga sem á jafnsléttu þar sem klettur er í okkar heimi og einnig að sjá sömu verurnar klífa fjall þar sem sléttlendi er hjá okkur. Samkvæmt þessu gengur huldufólkið í gegnum klettanna í okkar heimi og kemst þess í stað ekki í gegnum andrúmsloftið hjá okkur.

Þessi hugmynd að álfar búi í hólum og steinum stenst engan veginn samkvæmt eðlislögmálinu, er þá ekki fyrrnefnd kenning mun líklegri til að vera sönn? Ég læt fylgja hér ljóð, sem er eftir höfund og nefnist Hulduheimar.

Heimsókn

Horfðu langt í himinhvörf
hugum stóri maður
og sjáðu hversu svaka þörf
er að sigra heimsins þvaður,
að hulduland sé hulinn heimur
í hólum klettum jarðar vorum
hvernig má svo heimskur keimur
heiðra landsins systra sonum.

Hugsum okkur heimalönd
með heiðum, vötn og fjöllum
í landi þessu eru álfabönd
í landsins klettahjöllum,
en sjáendur góna og sjá
seiðlandi góða og slétta
og vatnið gerist váleg klettatá
sem vitrun þeirra flétta.

Álfafólkið aldrei eignar sér
þessa kynja hulduheima
þess vegnar er ekki hér
slík undralönd að geyma,
þar sem furðuvötn og álfafjöll
eiga ávallt stjörnuheima
því ljúfu ljósin eru svo snjöll
að lýsa þeim sem dreyma.

Þá gefur orkan undraheima
og álögin sem allir þekkja
en heimabúar hafa að geyma
hulið land sem er ein skekkja.
Horfðu langt í himinhvörf
hugum stóri maður
og sjáðu hversu svaka þörf
er að sigra heimsins þvaður.

Kynleg myndleif

Það var eitt kveldið að vetri að ég beindi augum mínum að tómunum hvítum blómavasa sem var á miðju dökku sófaborði og einhverra hluta vegna lokaði ég augunum og ekki í þeim tilgangi til að athuga hvort ég sæi myndleif eins og ég gerði í þetta sinnið, ég sá sófaborðið og vasann og annað kynlegt fyrirbrigði sem ég hafði ekki séð áður og það vakti forvitni mína.

Það var ljós sem varpaði útgeislun lítið eitt út frá vasanum. Ég var mjög undrandi að sjá þetta ljós þar sem ég hafði ekkert ljós séð umhverfis vasann þegar ég hafði augun opin. Ég endurtók þetta aftur og snéri síðan baki í blómavasann eftir að ég hafði lokað augunum og þá sá ég þetta einkennilega ljós eftir sem áður. Eftir þetta gerði ég margar tilraunir og tók eftir því að ef ég var syfjaður eða þreyttur þá sá ég óskýrt og oft enga myndleif. Það fannst mér furðulegt í byrjun því það stóðst ekki þá kenningu að myndleif myndist vegna þreytu í augum við að stara á hlutinn.

Ég las ýmsar fræðibækur sem ég náði í um starfsemi augans. Það styrkti mig enn betur um þá hugmynd mína sem kviknaði við þessa reynslu. Til að sannreyna hana fékk ég átján viðföng mér til aðstoðar af báðum kynjum, sá yngsti var 12 ára og sá elsti var 46 ára og allt þar á milli.

Ég notaði sama borðið og blómavasann. Þau áttu að horfa á vasann stuttan tíma og loka síðan augunum og segja mér hvað þau sáu. Ég notaði öll viðföngin þrisvar sinnum, bæði þreytta og óþreytta. Af þessum átján óþreyttu þá sáu tíu myndleif og sex af þeim sáu ljósgeisla frá brúninni á blómavasannum þegar þau voru með lokað augun og tveir af þeim sáu útgeislunina af vasanum með opin augun. Sumir þeirra sáu ljósið í lit og aðrir í svarthvítu. Af einhverri ástæðu hafði ég gleymt að skrifa hjá mér hve margir af þessum sex sáu ljósgeislann í lit. En það var afgerandi að þegar þessi sömu viðföng voru þreytt þá sáu þau myndleifina ógreinilega eða enga myndleif. Samkvæmt þessu afsannast sú kenning að myndleif myndist vegna þreytu í augum.

Kenning mín um myndleif byggist á þeirri staðreynd að það eru litnemar í augunum sem eru umhverfis miðgrófu augans sem nefnist keilur, þar er sjónskerpan mest og taugaboðin komast þess vegna greiðast frá keilunum til heilans. En hins vegar eru nemar í augunum sem nefnast stafir, þeir sjá aðeins í svart hvítu og eru fimm hundruð sinnum næmari að ljósmagni en keilurnar. Lítið er af þeim í miðgrófinni og aukast því meir sem utan dregur frá grófuni. Í björtu berast eftir taugaboðum óhemju upplýsingar frá keilunum til heilans og lítið sem ekkert af upplýsingunum kemst þá frá stöfunum til heilans, að því undanteknu að maðurinn sé skynnæmur, þá eru greinilega fleiri stafir sem tekst, einhverra hluta vegna, að koma sínum upplýsingum eftir sjóntaugunum í meira mæli en þau sem lítið eða ekki er skynnæm. En þegar dimmir þá skynja keilurnar lítið sem ekkert, þá er greið leið fyrir stafina sem bæði geyma í sér gamlar og nýjar upplýsingar, að koma þeim til skila. En stundum þarf að dáleiða manninn til að hann átti sig á að hafa séð eitthvað sem hann í raun sá út undan sér í vöku.

Lífhjúpareiki

Lífhjúpareiki er nýyrði sem ég setti fram, því að sálfarir verða aldrei fyrr en yfir fimmtíu prósent af líkama verunnar hefur leyst upp við hamfarir, þá fyrst flyst sálin yfir í sálarlausa hjúpinn.

Lífhjúpurinn verður til við það að lífeindirnar samstillast í hóp og mynda orkuhúp, sem þéttist þar til að hjúpur myndar fullkominn sálarlausan líkama í spegilmynd sinni, þá fyrst flyst sálin yfir í þann líkama.

Ég leifi mér að vísa í grein í tímaritinu Gangler frá 1980, eftir Reynor D. Johnson: Að fara úr líkamanum. Þar segir hann frá manni sem var foringi í einni af véladeildum breska hersins. Þar segir hann svo frá:

Þann þriðja ágúst 1944 var bifreið sem ég var í fyrir skoti frá Þjóðverjum, hún sprakk í loft upp. Sprengingin var svo öflug að hún þeytti mér yfir tveggja metra hátt limgerði og kastaði mér sjö metra frá bílnum. Fötin mín loguðu og fosfórinn loddi við hörund mitt og hélt áfram að brenna það. Ég var mjög hræddur og hélt jafnvel að ég væri komin til heljar og þá varð ég fyrir reynslu sem ég tel mjög óvenjulega.

Ég fann að ég var tvær persónur, önnur lá á jörðinni þar sem ég hafði lent eftir sprenginguna, fötin loguðu og líkaminn iðaði allur, ég æpti og stundi af sársauka. Ég fann að ég gaf þessi hljóð frá mér jafnframt því sem mér fannst þau koma frá einhverri annarri persónu. Hinn hlutinn af mér sveif í loftinu í um það bil þriggja metra hæð frá jörðu. Þaðan sá ég ekki aðeins hlutann af mér sem lá á jörðinni, heldur einnig limgerðið, veginn og bílinn sem logaði glatt. Ég man að ég sagði greinilega við sjálfan mig: Snúðu þér við og slökktu eldinn, það gerði líkami minn sem lá á jörðinni. Hann valt undir limgerðið þar var svo lítill pollur. Eldurinn slokkaði á þeirri stundu og ég var aftur ein persóna.

Vegna þess að það er óljóst hvort þarna sé um að ræða lífhjúpareiki eða venjulegt draumgjafasamband í vökulífi, ég ætla ekki að taka afstöðu um það, ég vel heldur að draga þá ályktun og fylgja eftir frásögn foringjans.

Samkvæmt því er um líforkuhúp að ræða sem ekki reikar, það er samstilltur lífeindahópur sem safnast hefur saman og myndað þennan líforkuhúp sem alltaf er í föstum tengslum við foringjann. Því lífhjúpurinn er í beinu sambandi við líkama hans og þess vegna finnst honum hann svífa fyrir ofan sig og skynjar því engan sársauka. Saman ber sá dáleiddi sem fann ekki saltbragðið þegar dáleiðarinn setti saltið upp í þann dáleidda og hann skyrpti út úr sér þegar dáleiddi setti saltið upp í sig.

Ég ætla að nefna hér aðra raunasögu þar sem lífhjúpareiki kemur við sögu. Það fjallar um flugslys og gerðist snemma á síðustu öld þegar lítil flugvél með tveimur mönnum innanborðs týndist einhvers staðar uppi á öræfum og vegna þess vissi enginn um afdrif þeirra. Þá kom skyggn kona sem sagðist hafa séð flugvélinu upp á öræfum og tvo menn við hlið hennar, sem síðar kom í ljós að var rétt.

Hvernig gat þessi skynnæma kona séð flugvélinu ásamt flugstjóranum og farþeganum? Á þessum slysastað kom síðar í ljós að þarna hafði enginn mannleg vera verið þarna á staðnum nema þessir fyrrgreindu menn. Þess vegna var enginn þriðji maður þarna á staðnum sem hefði geta verið vökudraumgjafi miðilsins.

Hvernig gat þá þessi skynnæma kona séð flugvélinu og fyrrgreindan farþega og flugstjóran sem nauðlenti vélinni. Annar af tveimur möguleikum er sá að á öðrum hnetti hafi orðið samskonar nauðlending og hin íslenska skynnæma kona hafi séð það með augum sýngjafa að því slysi með hjálp fullkomnari veru sem vildi aðstoða þessa

hjálpalausú menn uppi á öræfum, mér finnst sú skýring ósennileg í þessu tilfalli, því nærtækari skýring er fyrir hendi og öllu sennilegri að mínu viti og er á þessa leið: Skyggna konan hefur fengið þessar upplýsingar frá líforkuhjúpnun, með hugarástandi sínu, sem reikaði þangað sem nauðlendinginn var upp á öræfum og lífhjúpurinn sendi.

Lífgeislinn

Lífgeislinn berst frá verunni í allar áttir með óendanlegum hraða um verölduna og ber með sér mikið magn af lífeindum sem hafa í sér geymdir, það er upplýsingar um allt efni í lífverunni og tilfinningalíf þess ásamt allri þekkingu sem áunnist hefur ásamt sambandskynjunum. Hlutverk lífgeislans ásamt lífeindunum er meðal annars að senda og taka á móti fjarhrifum, hugsanaflutningum, sjónflutningum og tilfinningaflutningum ásamt draumum, dáleiðslu og miðilssamböndum. Áran er varnarhjúpur umhverfis veruna og er hluti af lífgeislanum sem er samansafn af lífeindum.

Kirlian-ljósmyndataeknin hefur óbyggjandi sannað tilveru hennar, litróf og breytileika sem fer eftir tilfinningarlífi og heilbrigði lífverunnar.

Lífgeislinn hefur m.a. það hlutverk að flytja allar upplýsingar um efnasamsetningu líkamans, ef það óvænta gerist að líkaminn leysist upp og flyst á milli staða, sem er algengara en margur heldur. Þar myndar hún nýjan líkama úr því efnasambandi sem þar er, það kallast hamfarir. Á sama hátt flyst sálin á milli hnatta við dauðann og myndar þar nýjan líkama.

Líforkan sameinast efnaorkunni

Það er athyglisvert fyrirbæri, útgeislun ólífrænna efna, sem Kirlian-ljósmyndataekni hefur ítrekað ljósmyndað og sýnt þannig fram á að þessi útgeislun sé staðreynd. Og það hefur einnig margsinnis komið í ljós við athuganir að það eru til skynnæmir menn sem hafa þá hæfileika að vera hlutskyggirnir. Þeir geta lesið að einhverju leyti hvers konar líf ákveðnar manneskjur hafa lifað aðeins með því að halda á einhverjum hlut sem þessar persónur hafa borið á sér einhvern ótilgreindan tíma. Það gefur til kynna að efnaorkan getur flust frá efninu til lífverunnar. Samkvæmt því hefur efnaorkan samskonar eiginleika og til muna ófullkomnari en líforkan sem streymir frá lífverunni og þær vilja greinilega sameinast hvor annarri og víxla þar af leiðandi upplýsingum til hvors annars.

1. Allar lífverur hafa líforkuhjúp með litrófi, hún umvefur holdið allt utan sem innan og er breytileg eftir sál og líkamlegu ástandi einstaklingsins.
2. Allar tegundir efna, niður í minnstu eindir, hversu smáar sem þær eru, m.a. elektrónan hefur slíkan orkuhjúp.
3. Líforkan hefur þann eiginleika að vilja breyta efninu í sig og sameinast því.
4. Líforkan hefur lækningamátt.

Hver lífvera hefur að sjálfsögðu sál sem geislar frá sér lífgeislanum sem ber með sér lífeindirnar sem hafa innifaldar geymdir. Það hefur engum tekist að sanna hvar hún er

eða hversu stór hún er þar til að Kirlian-ljósmyndataeknin kom til sögunnar. Þá var m.a. ljósmyndaður fingur af manni sem hafði misst framan af honum með Kirlian-ljósmyndataekni. Þá kom greinilega í ljós munur á orkunni fyrir framan stubbinn og á árunni. Það skyldi þó ekki vera að þessi munur sé vegna þess að sá hluti sem vantaði á stubbinn sé hluti af sálinni. Þar sem sálin, líforkan, umvefur hverja eind í lífverunni og er því form hennar og stærð eins og líkaminn er hjá hverri lífveru að ytri húð. Aristóteles taldi að sálin væri að finna hjá hverri lífveru að ytri húð.

Eins og að framan greinir er margt sem bendir til þess að líforkan og þessi sérkennilega ólífræna efnisorka hafi sameiginlega eiginleika til að geta tengst saman og víxlað þar af leiðandi upplýsingum sín á milli.

Líkamsfrysting

Allmargir trúa því að ef þeir láta frysta dauðvona líkama sinn þar til að læknavísindin hafa náð þeirri þekkingu að geta læknað viðkomandi lífæri sem var að leiða viðkomandi sjúkling til dauða. Þá muni þeir affrysta þann sjúka og telja að þeir gæti vakið hann til lífsins og gert við líffærið.

Samkvæmt öllu er maðurinn látinn ef líkami hans gaddfrís. Það kom frétt einn daginn í einu dagblaðanna hér í Reykjavík að kona ein bandarísk hafi verið ein á ferð í bifreið, illa klædd í einu fylki Bandaríkjanna í hörkufrosti. Þá stöðvaðist bifreiðin vegna bilunar, að lokum tók hún þá ákvörðun að ganga að sveitabæ sem hún sá í nokkurri fjarlægð. Hún komst nærri húsinu og þar féll hún niður. Skömmu síðar var komið að henni gaddfreðinni.

Þegar hún var komin í hendur lækna á sjúkrahúsinu töldu þeir hana dána, þá var ákveðið eftir samræður að það gerði ekki til að prufa að affrysta hana snögglega, eftir slíka meðferð gerðist undrið; hún vaknaði aftur til lífsins.

Það hefur oftlega komið fyrir að dáið fólk lætur einhvern vita hér á jörðinni ef illa fer um líkið í kistunni og vil ég nefna hér eitt dæmi um tengsl þess dána við líkið í einhvern tíma á meðan líkið er að rotna. Það kom frétt í síðdegisblaðið Vísir þegar ég var um tvítugt, hún er á þessa leið: Eftir jarðarför ömmu lítils drengs dreymdi hann í þrígang að hún kæmi til hans og segði: „Mér líður ekki vel í kistunni, þú verður að laga kistuna fyrir mig.“ Hann sagði móður sinni þennan draum. Hún trúði honum ekki fyrr en hana dreymdi svipaðan draum og þá fóru þau bæði að gröfunni og sáu djúpa holu niður í gröfina. Við uppgröft kom í ljós að einn stór steinn lá ofan á líkinu. Það eru til margar slíkar sögur sem sýnir tengslin sem eru á milli þess dána til líksins meðan það er að rotna.

Það gerðist eitt árið að nokkrir vísindamenn fundu á suðurheimskautinu skordýr sem voru frosin í ísnum. Það var sagaður bútur úr ísnum og hann síðan snöggþíddur og skordýrin lifnuðu við.

Það eru til margar sögu af draumspökum mönnum og einnig gegnum miðla að dáið fólk sem hefur verið kistulagt hafi meiri eða minni tengsl við sinn gamla líkama, kannski mismengi og oftlega komið fram að þeim finnst það óþægilegt. En framlífsfólk sem tekur á móti þessum framliðnu mönnum hjálpar þeim að komast yfir það.

Þessar sögur segja margt um það hvað sálin er tengd líkinu, hvort heldur sem líkið er að rotna eða það er fryst. Það gefur sterklega til kynna að það sé hugsanlegt að maðurinn sem hefur legið frystur í einhver ár eða aldir, hverfi af framlífsjörð sinni og

vakni aftur í gamla líkamanum eins og skordýrin gerðu sem greint var frá hér að framan.

Vegna þess að það er ekkert sem bendir til að líf einnar tegundar sé byggt á öðru lögmáli en líf annarrar tegundar þó að þær séu mismunandi flóknar að gerð. Þar sem allar tegundir lífvera fara til annarrar plánetu þegar þær deyja og mynda sér þar líkama vegna þess að líforkan dregst að efninu þar sem hefur í sér allar heimildir um líkamsgerð og sálarlíf lífverunnar og myndar sér líkama þar.

En þar sem þroskaferill skordýra er hægari en hjá mönnum má gera ráð fyrir að þau hafi ekki þroskast mikið á framlífsjörðu og hafa þar að auki ekki gert sér grein fyrir að þau hafa dáið og flust yfir á framlífsjörð þegar það gerðist. Svo skyndilega gerist það að frumlíkaminn þeirra var skyndilega affrystur. Þá kom í ljós að frumlíkami skordýranna hefur mun sterkara aðdráttarafl en framlíflíkami þeirra og sálin hverfur í þann gamla aftur. Sennilega vegna þess að það skiptir skordýrin engu máli á hvorum staðnum þau búa.

Undir flestum kringumstæðum á maðurinn mun auðveldara með að auka visku sína og þroska í framlífinu og fá þá þar fagran og hraustan líkama og verða andlega hress samkvæmt eðli sínu, ef hann hefur þá ekki flust yfir á verri jörð. Þess vegna tel ég mjög ólíklegt að framlífandinn vilji yfirgefa þennan betri heim og flytjast yfir á frumlífsjörðina í sinn gamla líkama eftir affrystinguna þegar hann finnur fyrir aðdráttaraflinu sem gamli líkaminn gefur frá sér. Þess vegna tel ég víst að hann muni berjast á móti þessum krafti með hjálp framlífenda.

En það viðhorf yrði trúlega annað ef viðkomandi dáni maður býr á mun verri jörðu að hann vilji heldur flytjast yfir í sinn gamla líkama, þá tel ég að það muni sennilega ganga upp. Nema ef svo illa vill til, á þessari framlífsjörðu, að þar sé til staðar svo orkumikil og illræn orka að viðkomandi framlífsábúandi komist ekki þaðan burt nema með hjálp þeirra framlífsmanna sem eru komnir vel í lífstefnu átt, eins og hefur komið fram á sumum miðilsfundum.

Raddir úr geimnum

Árið 1973 las ég í einni grein í sænska vikublaðinu Hemmets Journal sem mér þótti mjög athyglisverð, hún er um mann sem hefur lagt það fyrir sig að taka upp á segulbandsspólu raddir frá þeim framliðnu. Nafn þessa mans er Friedrich Jürgenson, hann býr fyrir utan Södertelja í Malmö í Svíþjóð. Hann er fuglaunandi og naut þess að fara í fjallgöngur og hafa segulbandstækið meðferðis til að fá inn á bandspólurnar fuglasöng.

Það var í einni slíkri ferð sem raddir komu óvænt inn á bandið. Fyrst þótti honum þetta ótrúlegt og taldi að einhver hafi verið nærstaddur þegar upptakan var gerð. Hann gerði margar tilraunir eftir þetta og var að lokum þess fullviss að framliðnir menn töluðu inn á bandið.

Þegar framangreint blað kom út hafði Jürgenson fjögur hundruð bandspólur með röddum frá þeim framliðnu sem hann hafði tekið upp. Hann telur þessar rannsóknir vera það umfangsmiklar að hann orki ekki lengur að vinna að þessu verkefni einn. Persónulega er hann andvígur miðlum, þar sem hann telur að þeir fari ekki alltaf rétt með þar sem þeir geti verið undir áhrifum annarra með vitund eða óafvitandi. Hann segir: „Ég hef tekið tæknina mér til aðstoðar og henni má treysta.“

Oft hefur upptakan farið fram í nærveru vitna og gott eftirlit haft með svo að svikum væri ekki viðkomið. Árið 1963 komu fréttamenn víða að til Malmö að beiðni Jürgenson til að vera viðstadda upptökur frá framliðnum. Trúlega þykir mér að þeir hafi einnig komið til að geta sannað á hann svik en enginn þeirra skrifaði á þá leið.

Jürgenson segist hafa þekkt veröld framliðinna í fimmtán ár og um hana segir hann á þessa leið: „Þegar maður deyr sefur maður og dreymir oft leiðinlega drauma og þegar maðurinn vaknar gengur hann oft um og telur sig vera lifandi og hafa aldrei dáíð. Þar sem þeir dónu eiga mjög erfitt með að skilja að þeir séu dánir. Kannski vegna þess að þeir þekkja ekki þann himinn sem þeir hafa dreymt og óska eftir. Lífið þar er hrein spegilveröld að vorri eigin veröld og samt miklu betri. Sjúkir menn vakna upp eftir dauðann sem frískir og það gerir þá ölvaða að gleði. Þeir eta eins og við og ekki kjöt og fisk þar sem þau meta og bera mikla virðingu fyrir öllu því sem lifir. Ein af þeim skyldum sem þau verða að framkvæma er að taka á móti og vekja upp þá dauðu.“

Fyrir fjórtán árum kom rödd inn á segulbandsspólu sem sagðist heita Hitler og kvaðst ekki vera það illmenni sem hann hafði verið á jörðinni, sem dæmi kvaðst hann umgangast gyðinga mikið og þau hafa fyrirgefið sér fullkomlega.

Nú beinist hugur Jørgensen að því takmarki sem hann hefur dreymt lengi, það er að byggja hús á Ítalíu búnum fullkomnustu rannsóknartækjum sem völ er á til að rannsaka lífið eftir dauðann. Einnig skal hvíldarheimili vera þar svo mögulegt sé að njóta sólar, baða, lista og ótæmandi grænmetis og ávaxta. Allir vísindamenn eiga að vera þar velkomnir.

Í bókinni sem heitir ‚Líf eftir dauðann‘ eftir Nils O. Jacobson er minnst á tilraunir Jørgensen og það er ár síðan þar sem getið er um að hann hafi náð sífellt nýjum boðskap á segulbönd. Árið 1964 gaf hann út bók um þetta mál, ‚Rösterna frá rymden‘ sem vakti athygli margra. Tæknifræðingar voru viðstaddir og rannsókuðu upptökurnar og voru ekki sammála um uppruna þeirra. Þessi árangur freistaði annarra, þar á meðal Konstantin Raudive sem búsettur er í Þýskalandi en er frá Eystrasaltslöndum. Hann gaf út bók 1968 sem nefnist Unhörbares wird hörbar (Hið óheyrnlega verður heyranlegt). Þetta mikla rit greinir frá 72.000 sannanlegum raddfyrirbærum, eftir frásögn hans.

Sálargöngin

Rannsóknir á sjúklingum sem hafa verið dæmdir læknisfræðilega dánir sýna að þeir hafa oftlega þotið á milli vetrabrauta til heimkynna framlifenda þar sem þeim er líkast. Þá segir sjúklingurinn svo frá, kannski aðspurður, þegar læknunum hafði tekist að snúa honum frá dauðans dyrum, að hann hafi farið í gegnum göng áður en hann hitti framlifenda. Slíkar sögur er margar.

Þetta fyrirbrigði tel ég að gerist með einföldum hætti. Hugsum okkur að við séum farþegar í lest og því hraðar sem lestin fer þá sýnist styttra á milli stauranna sem eru við brautateinana þar til lestin fer svo hratt að það er engu líkara en staurarnir séu samfeldir. Þá er engu líkara en að lestin fari í gegnum göng.

Þannig er það einnig þegar líforkan fer með ógnar hraða til stjarnheimkynna sinna. Því hraðinn er svo mikill að loftstraumurinn sem hún fer í gegnum þegar hún er að fjarlægast jörðina að engu er líkara en sálin sé að fara í gegnum göng þegar hún þýtur í gegnum andrúmsloftið. Það sem gerist í raun og veru er að orkuhjúpurnir, með sínum lífeindum sendir þessar upplýsingar til líkamans, sem er í raun ekki dáinn þar

sem einhver hluti heilans er í tengslum við orkuhjúpinn. Sálin er þá enn tengd líkamanum og skynjar þess vegna ferðalagið. Þetta segir mjög trúlega að þegar heilinn er algerlega óstarfhæfur þá fer sálin úr líkamanum, ekki fyrr, þá skynjar hún ekki þetta ferðalag á meðan hún er ekki í tengslum við heila líkamans.

Sálin þroskast með fóstrinu

Eins og að framan greinir þá hef ég sýnt fram á með nokkuð góðum rökum að endurfæðing er ekki til staðar, m.a. vegna þess að hún brýtur náttúruleg málið. Einnig mun ég sýna hér að aftan nokkuð góð rök fyrir því hvernig sálin þroskast með fóstrinu.

Það er vitað að allar frumur í lífverunni hafa í sér og umhverfis sig líforkuhjúp sem er samansafn af lífeindum, sem er heildarsál allra frumna í frumumassanum. Þá segir það í raun að hver og ein fruma líkamans er lifandi og hefur þá sína eigin ófullkomnu sál sem sameinast heildarsál líkamans en það er hún sem hrindir af stað allri starfsemi hennar. Áður en lengra er haldið vil ég nefna eina sameind sem nefnist adenósínfosfat, hún bindur orkuna við sundrun efnisins og þar á meðal öndunarorkuna.

Við frjóvgun eggjafrumunnar hefst skipting frumunnar, við það myndast bruni, sem samsvarar vinnu, þá margfaldast líforkan til muna. Kjarnsýran stjórnar skiptingu frumunnar sem helmingar sig alltaf stig af stigi og svo framvegis. Við hverja skiptingu frumunnar ber líforkan allar þær heimildir sem hún hefur að geyma ásamt ýmsum óæskilegum stökkbreytingum sem vilja gerast stundum.

Við efnaskiptinguna myndast bruni sem samsvarar vinnu, eins og hér að framan er getið og þá myndast nýjar tegundar öreinda, samanber myndun Higgs-eindarinnar og mögnun líforkunnar er svo margföld meiri og það orkumagn sem hver einstök fruma þarfnast að það verður umframorka og það er hún sem verður heildarsál lífverunnar.

Að lokum

Er rétt að álykta að líf sé eftir þessa jarðvist?

Það skiptir kannski ekki máli úr því sem komið er hvernig líf mitt hefur lukkast, ef ég hef lifað sómasamlegu lífi fram að þessu, þó að ég hafi orðið fyrir skakkaföllum og mótlæti í lífinu eins flestir aðrir. Aðalatriðið er að ég reyni betur en ég hef gert til þessa að bæta líf mitt og þroska, betra er seint en aldrei.

Kannski næ ég betri árangri við það sem ég hef stefnt að síðustu tólf árin, að koma á framfæri tveimur bókum sem ég kláraði fyrir tæpum fimmtán árum síðan. Þær heita, Stjörnulíffræði og Sér grefur gröf þótt grafi. Þessar tvær bækur hef ég birt inn á heimasíðu minn www.simnet.is/lif. En í enda desember á þessu ári (2014) lauk ég við þriðju bók mína sem nefnist Hulunni svipt. Ég er það bjartsýnn að ég vona að hún verði gefin út fyrir næstu jól.

Sá maður sem reynir það sem hann getur til að lifa nokkuð sómasamlegu lífi og finnst samt lífið hér á jörðu ekki hafa reynst sér sem skyldi af ýmsum ástæðum, skal vera það vitborinn að kenna ekki guðlegum mætti um það, því ástæðan er af ýmsum öðrum togum. Því það guðlega blandar sér ekki í það að refska fólki, það guðlega vill aðeins að börnum sínum vegni vel, eins og góðir foreldrar vilja sínum börnum. En því miður vill svo til stundum að bæði börn og unglingar og jafnvel eftir að þau fullorðnast vilja ekki hlusta á góð ráð foreldra sinna. Þess vegna getur það komið fyrir að þau framkvæmi eitthvað sem er óheillavænlegt fyrir þau sem þau síðan sjá kannski eftir. Þannig er það einnig með það guðlega sem vill ekki síður það sama fyrir sín börn, og sendir okkur viðvörðun með ýmsum hætti. Í sumum tilfellum hlustum við ekki ef við nemum það, vegna þess að við trúum ekki á slíkar sendingar. Í öðrum tilfellum nemum við ekki sendinguna af ýmsum ástæðum. En sem betur fer hafa margir numið slíkar sendingar sem hafa bjargað ýmsum frá skakkaföllum og jafnvel dauða.

Dæmi:

Það gerðist eitt sinn fyrir nokkrum árum að maður nokkur settist inn í flugvél sem farþegi. Rétt áður en flugvélin átti að fara þá reis hann skyndilega upp úr sæti sínu og fór fram á það að honum yrði hleypt út, sem var gert. Þessi flugvél fórst í þessari ferð og allir voru láttnir þegar að var komið. Því miður, einhverra hluta vegna, setti ég ekki á minnið hvar þetta gerðist en slík viðvörðun hefur komið oftar fyrir en menn gera sér grein fyrir.

Málið var að þessi maður skynjaði viðvörðunina sem því miður aðrir gerðu ekki einhverra hluta vegna, það er ástæðan fyrir því að fór sem fór. En ekki að það guðlega hafi valið þennan eina mann. Getur nokkur trúað því að það guðlega, vilji skapa þá hryggð innan fjölskyldu sem er ávallt fylgifiskur slíkra slysa sem veldur dauða. Og í sumum tilfellum hafa börn og unglingar misst trúna á það guðlega og ekki síður ef prestar segja aðspurðir eitthvað á þessa leið við viðkomandi börn og jafnvel við fullorðna: „Guðavegir eru órannsakanlegir, þess vegna skiljum við ekki þegar Guð gefur og Guð tekur,“ og bæta síðan við: „Nú líður foreldrum þínum eða barni eða börnum vel hjá Guði.“ Eitthvað af þessum börnum og jafnvel fullorðnir hafa misst alla trúna á það guðlega eftir að hafa fengið slík svör hjá prestum og kannski einnig hjá öðrum. Þessi setning hefur því miður gert það að verkum að börn, unglingar og fullorðnir hafa þróað með sér slíkt hatur á því guðlega og talið hann vondan vegna sorga sinna. Og sum þeirra hafa einungis vegna þessa lent á glæpabrautinni, sem þeir

hefðu annars ekki gert. Trúa menn því virkilega að það guðlega vilji skapa slíkt ástand?

Að þess sögðu skal maðurinn ekki örvænta ef hann hefur haldið sig innan ákveðinna marka. Og ef sá maður sem ekki hefur gert það og breytir skyndilega um lífni frá illskunni af heilum hug fyrir dauða sinn, þá flyst hann á betri stað en hann hefði annars gert. Og það er mun betra að gera það fyrir andlátíð vegna þess að það verður erfiðara fyrir viðkomandi að bæta sig innan um vont fólk á framlífsjörðu, því maðurinn flyst yfir á þá jörð sem honum er líkastur.

Ef við lifum sómasamlegu lífi á jörðinni, 'Tellus' með því að hafa ræktað sál okkar þokkalega þá skiptir engu máli hveirrar trúar við erum. Það eina sem skiptir máli er að við vinnum að erfileikunum með jákvæðum hætti og reynum að gera það besta úr því sem komið er á heiðalegan máta, þá mun okkur líður betur. Þá förum við nánast örugglega á betri framlífsjörð en frumlífsjörð okkar er þegar við yfirgefum hana með dauðanum og myndum líkama okkar með holdi og blóði þar sem við eigum heima samkvæmt lífni okkar á frumlífsjörðinni og verðum eins ung og fögur eins og sálin segir til um.

En ef maðurinn reynist illvíg manneskja og bætir sig ekki áður en hann yfirgefur sína fyrstu jarðvist þá mun maðurinn flytjast til verri og kannski til svo miklu verri framlífsjarðar, sem engin sómasamleg manneskja mundi vilja að einhver ættingi eða vinur mundi flytjast til því hún gæti verið verri en nokkur maður hér á jörðu getur ímyndað sér nema sú manneskja sem fer þangað vegna illmennsku sinnar.

En þegar þessum villuráfandi mönnum hefur tekist að bæta sig, sem getur tekið fleiri áratugi og kannski mun lengri tíma á þessari skuggalegu framlífsjörðu vegna þess að því meiri ilmenska sem þar er, því erfiðara er að komast þaðan. En þegar það tekst þá mun viðkomandi geta flust þaðan eftir lát hans á aðra og betri framlífsjörð þar sem ábúendur eru honum líkastir. Þannig flyst maðurinn áfram, fyrst með dauða sínum af einni framlífsjörðina á aðra þar til að lokum að maðurinn er kominn svo vel á veg í lífstefnuátt að hann þarf ekki að deyja til að flytjast á enn betri framlífsjörð því þá verður hann sóttur af guðlegum verum.

Við erum öll meira og minna breysk, lítum því fram á við og tökum örlögunum ávallt með reisu þó við getum ekki gert neitt annað í þeim málum sem hremmir okkur á meðan það varir og verum eftir sem áður ávallt vakandi fyrir tækifærinu sem oftlega gerist óvænt. En ef aðstæður eru þannig að við komumst ekki lengra í þessari jarðvist er þá ekki reynandi að vera jákvæð og hugsa eitthvað á þessa leið: „Hvaða máli skipta eitt hundrað ár í þessari jarðvist þegar ég mun fara á betri stað þegar ég yfirgefi þessa jarðvist og myndast þar í ungum fögnum líkama og byrja þar nýtt líf?“ Það er alveg víst að allir þeir jarðarbúar sem hafa lifað nokkuð sómasamlegu lífi munu flytjast af þessari jarðvist yfir á framlífsjörðu og fá ungan og fagran líkama af holdi og blóði og þroski okkar og vitsmunir munu aukast og bætast á framlífsjörðum í óteljandi miljarða ára, að lokum munum við að góðleika og vitsmunum verða guðlegum líkastir.

Þetta gerist vegna þessa að allar minningar og hugarfar okkar flyst með okkur frá fæðingajörðinni þegar við flytjumst yfir á aðrar jarðvistir. Því lögmál lífsins gefur öllum mönnum án undantekninga óendanleg tækifæri þegar maðurinn hefur áttað sig á afglöpum sínum og vill stefna í lífstefnuátt og það fer allt eftir einstaklingnum hversu hratt það gengur. Þess vegna getur það góða ekki annað en sigrað það illa.

Svarið er: Allir sem lesa þessa bók eiga að sjálfsögðu að draga sína eigin ályktanir samkvæmt sinni dómgreind.

Viðauki

Ef leikmaður sem hefur litla þekkingu á fyrirbærafræðinni hefur áhuga á kynna sér og kanna af eigin brjósti þessa dulhyggju og gerast eins konar hugsuður þá gerir hann að sjálfsgöðu sér grein fyrir nauðsyn þess að að lesa sér til um þau fyrirbæri og kynnir sér þá jafnframt hvað vitað er um þau mál og hefur síðan einnig áhuga á að hefja sína eigin rannsókn eftir sínu hugmyndaflugi. Þá vil ég benda honum á að það er ein aðferð léttvæg fyrir byrjendur til að byrja með, það er að sjá hvað er líkt og hvað er ólíkt og vinna með það að nýrri hugmynd. Þannig getur hugmyndasmiðurinn séð mjög líklega hvort hann sé á réttri leið, ef það passar einnig við næsta stig. Ef það gerist ekki þá er það vegna þess að líkingin hefur ekki verið nægjanleg, þá verður viðkomandi að fara á byrjunarreit aftur og leita að hvort það sé til önnur og betri líking. Með þessari aðferð á byrjandi í rannsóknarferli sínu auðvelt með að sjá hvort hann sé á réttri eða rangri leið. Í framhaldi af því gæti ný og kannski líkleg hugmynd skotist fram en sem líkingarlögmálinu nægir ekki til að finna lausnina. Þá er önnur leið til fyrir leikmanninn, það er að leita að viðföngum sér til aðstoðar til að prófa hugmyndina.

Fyrst þarf að skilja hvort það sé einhvers konar samband á milli lífrænna og ólífrænna efna. Ef slíkt samband er á milli efnategunda þá þarf fyrst að finna hvort það séu til einhvers konar eindir sem hafa í sér upplýsingaflæði um viðkomandi efni sem geta síðan borist á milli efnategunda. Ef viðkomandi hefur lesið nægilega mikið til að geta hafið athugun sína á þennan einfalda hátt þá hefur hann lesið um Kirlian-ljósmyndataekni sem hefur sýnt fram á að öll efni gefa frá sér ljós, ljós gefur frá sér geisla og samband er á milli efnategunda og sennilega veit leikmaðurinn ekki hvað það er sem ber upplýsingar á milli og þá veit hann ekki að fræðimaður frá Englandi hefur fundið eind sem nefnist lífeind. Þá verður viðkomandi hugmyndasmiður að leita sjálfur að eind sem hefur þá eiginleika að hafa í sér geymd sem bæði tekur á móti og sendir frá sér.

Þá er ágætt að hafa sólina sem viðmið og bera hana saman við yfirborð sálar og kanna hvort þau eigi eitthvað sameiginlegt. Þá kemur í ljós að sálin er heit og sólin er það einnig. Árunni má líkja við gasið sem streymir frá sólinni. Sólin gefur frá sér ljósgeisla og sálin gefur einnig frá sér ljósgeisla, samkvæmt Kirlian-ljósmyndun, sem nefndist lífgeisli. Það er vitað að í sólinni og sólargeislanum eru ljóseindir sem sólargeislinn flytur með sér og hver ljóseind hefur í sér geymdir um allar upplýsingar um efni sólar. Þannig getum við dregið þá ályktun út frá sólinni og ljóseindum hennar að líkingin þarna á milli sé of mikil til að geta afneitað því, á meðan annað sannast ekki, að sálin hefur að öllum líkindum einnig í sér eindir sem nefnist lífeindir. Þær hafa í sér geymdir um allt sem sálin hefur innbyrgt gegnum tíðina og einnig það sem hún hefur sent frá sér og tekur á móti. Þannig skýrist með hvaða hætti, hugsanna-, tilfinninga- og sjónsamband flyst á milli lífvera og hvers vegna skynnæm vera getur einnig lesið í áruna því upplýsingaflæðið berst einnig frá sálinni yfir í áruna. Þannig hefur viðkomandi hugsuður fundið lífeindina fyrir sjálfan sig sér til skilnings fyrir áframhaldandi rannsóknir því lífeindirnar eru ein af undirstöðunum til að skilja fyrirbærafræðina.

Þá kemur önnur spurning strax á eftir þessari vitneskju: Er mögulegt að kanna hvort að skysamband geti verið á milli lífræns og ólífræns efnis? Það er mögulegt að kanna það með tveimur viðföngum og annað viðfangið verður að vera hlutskyggn sem ekki

þekkir neitt til viðkomandi viðfangs. Sá hlutskyggni fær hring frá viðfanginu sem hefur borið hringinn á fingri sínum í góðan tíma. Sá hlutskyggni heldur á hringnum í hendi sinni litla stund, þá gerist undrið að sá hlutskyggni fær ótrúlega miklar upplýsingar frá hringnum um viðkomandi viðfang og segir honum það. Þetta er vitneskja sem hann hefði með engum móti getað vitað með öðrum hætti. Samkvæmt þessu er það augljóst að lífræn og ólífræn efni dragast hvort að öðru. Með þessu sannast það að báðar þessar mismunandi eindir gefa frá sér og taka á móti upplýsingum til hvors annars.

Þegar hugsuðurinn les í einni lífræðibókinni m.a. um fóstrið, skiptingu frumanna og orkuna sem myndast við það og einnig um sameindina adenósínfosfat sem hefur þá eiginleika að geta haldið þessari orku innan efnisins og það er vitað að hluti af henni myndar andardráttinn. Eftir þennan lestur fer hugsuðurinn kannski að velta vöngum yfir því hvernig og hvenær sálin kemur í fóstrið. Eftir einhverja stund lýst kannski skyndilega upp í huga hans að það sé einhver líking þarna við handsprenginguna. Hugsuðurinn sér í huga sínum að hann haldi á handsprengju, í henni er ákveðin orka og þegar hann hendir sprengjunni þá myndast vinna og hiti og margfaldur kraftur hefur magnast upp þegar sprengjan springur og sá kraftur sameinast andrúmsloftinu. Þá kveikir kannski á perunni hjá hugsuðinum og hann segir við sjálfan sig: Það sama hlýtur einnig að gerast þegar frumurnar tvöfalda sig og mögnunin verður þá margfalt meiri en upphafleg orka hennar, sem hefur margskonar upplýsingar frá móðurinni. En hvaða hlutverk gegnir þá þessi ótrúlega umframorka, fyrir utan það að virkja andardráttinn og önnur efni fóstursins? Þá kemur kannski skyndilega upp í huga hans að þessi mikla umframorka myndar mjög líklega sálina fyrir hverja frumu og afgangurinn af þessari orku verður þá heildarsál frumumassans, þar sem umframorkan hefur allar frumparfir fóstursins og síðan gengur þetta áfram þar til að fóstrið er fullskapað og einnig heildarsál líkamans. Það segir okkur að það eru milljónir sálna í líkama lífverunnar og þegar hún deyr þá er það heildarsálin sem flyst yfir í framhaldslífið og frumurnar flosna í sundur og deyja vegna þess að hver fruma hefur ákveðnu hlutverki að gegna og getur því ekki lifað án sameiningar við frumur lífverunnar. Þannig gerist þetta einnig ef framhaldslíf er til, allar frumur flytjast einnig á annað tilverustig og þróast þar. Því lögmálið hlýtur að vera þannig að ef ein sál flyst yfir á annað tilverustig þá hljóta allar sálir fá sömu örlög að þessu leiti.

Þá kemur kannski þessi spurning upp í huga hugsuðar: Er eitthvað til sem heitir framhaldslíf? Eða er kannski líklegra þegar maðurinn deyr að þá sé maðurinn dáinn að eilífu? Þá kemur upp í huga leitandans fyrirbæri sem kallast hamfarir, það gerist þegar líkaminn afefnast og eindirnar verða eftir sem loftkennt efni. Síðan myndar sálin nýjan líkama á einhverjum öðrum stað úr jarðveginum þar, það eru mörg tilfelli til um slík fyrirbæri. Er þá ekki líklegt, fyrst lífveran hefur þessa hæfileika og einnig efnislegir hlutir eins og t.d. þegar heilt herskip með manni og mús hvarf skyndilega frá hafnarbakkanum og birtist á öðrum stað við hafnarbakka og hvarf þaðan aftur skyndilega og birtist síðan aftur á fyrri staðnum skömmu síðar, það voru mörg vitni að þessu á báðum stöðunum. Þá kemur upp í huga hugsuða að hamfarir séu kannski ekki ólíkar því að deyja, en sálin deyr ekki því það eru mörg dæmi um það í læknisfræðilegum dauða að hún veit af sér á með hún fer með leifturhraða eins og hún fari gegnum einhver göng. Er það þá ekki í rauninni það sama sem gerist þegar lífveran deyr? Aðeins er stigsmunur, í staðin fyrir að leysa líkamann upp í hamföllum þá yfirgefur lífveran líkamann þar sem hann er dáinn og sálin er lifandi, þá er hæfileikinn fyrir hendi að mynda sér nýjan líkama á öðrum hnetti því það hefur komið fram hér að framan að lífvera og ólífræn efni dragast hvort að öðru. Það segir að sál

og líkami er ávallt sem ein heild. Ef svo væri ekki þá mundi sálin að öllu líkindum leitast við að losna úr viðjum líkamans þegar hún hefur einu sinni losnað frá honum og ekki hafa fyrir því að reyna mynda sig aftur í viðjum líkamans.

Samantekt

Við dauðann fer sálin úr líkamanum og þýtur í gegnum himingeiminn með vörpuhraða, sem er óreiknanlegur hraði og margfaldur ljóshraði, svo að lofteindirnar sýnast dragast saman í samfellda heild og mynda göng sem sumir sjá sem dáíð hafa læknisfræðilegum dauða og stefna til nýrra heimkynna sem er hnöttur og öll miðilsambönd við hina dánunni og álfa er fjarsýni og álfar búa á öðrum hnetti.

Eða:

Vörpuhraði er sá hraði sem kona ein upplifði þegar hún dó læknisfræðilegum dauða; þá fannst henni hún fara í gegn um göng. Skýringin á þessum göngum er sú að þegar sálin fer með slíkum ofsahraða í átt til annarra hnatta sýnast lofteindirnar dragast saman í eina heild og myndast sem göng, því slíkur er hraðinn.